


skoðun 18




2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Rúm





# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
7. apríl 2011
81. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA
2001 - 2011




## Vekur athygli í Noregi

*Ásta Hafþórsdóttir leikgervahönnuður á toppi ferils síns.*

fólk 38

## Landakotsskóli 115 ára

*Bjóða gestum að fylgjast með kennslu og starfi.*

tímamót 26



## Rooney hetja United

*Wayne Rooney tryggði Man. United 1-0 sigur á Chelsea á Brúnni.*

sport 44

## veðrið í dag




**RIGNING** með strekkingsvindi sunnan- og vestanlands en síðan skúrir. Nokkuð bjart norðaustan til og þurrt að mestu.

VEÐUR 4

# Tæp 55 prósent segja nei

**Ríflega 90 prósent þátttakenda í skoðanakönnun Fréttablaðsins ætla að kjósa í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave-samninginn á laugardag. Óákveðnum virðist fækka en fjórðungur gefur ekki upp afstöðu sína.**

**KÖNNUN** Meirihluti landsmanna ætlar að hafna Icesave-samningunum í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Alls sögðust 54,8 prósent þeirra sem afstöðu tóku ætla að hafna lögunum en 45,2 prósent sögðust ætla að samþykkja þau.

Ríflega 76 prósent þátttakenda í könnuninni gáfu upp afstöðu sína, en um 24 prósent sögðust ekki hafa gert upp hug sinn, ekki ætla á kjörstað eða vildu ekki svara. Óákveðnum virðist samkvæmt þessu fara fækkandi eftir því sem líður að kjördegi.

Allt stefnir í að kjörsókn verði með besta móti. Um 90,2 þeirra sem afstöðu tóku sögðu mjög eða frekar líklegt að þeir færu á kjörstað. Aðeins 6 prósent sögðu mjög eða frekar ólíklegt að þeir myndu kjósa. Um 3,8 prósent sögðu hvorki líklegt né ólíklegt að þau færu á kjörstað.

Nánar verður fjallað um niðurstöður könnunarinnar í Fréttablaðinu á morgun.

Hringt var í 800 manns dagana 5. og 6. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá og skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Ætlar þú að samþykkja Icesave-samkomulagið eða hafna því í komandi þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl? Þeir sem sögðust óákveðnir voru spurðir: Hvort er líklegra, að þú samþykkir Icesave-samkomulagið eða hafnir því? Alls tóku 76,1 prósent afstöðu. Einnig var spurt: Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú munir kjósa í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave? Alls tóku 92,3 prósent afstöðu til þeirrar spurningar. **- bj**

**Ætlar þú að samþykkja Icesave-samkomulagið eða hafna því í komandi þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl næstkomandi?**




**Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú munir kjósa í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave?**






**KAMPAKÁTIR** Stjórnlagaráðsmönnunum Illuga Jökulssyni og Þorvaldi Gylfasyni féllust ekki hendur þótt þeir hafi á sínum fyrsta stjórnlagaráðsfundi fengið í hendur 700 blaðsíðna skýrslu frá stjórnlaganefnd. Þvert á móti glugguðu þeir glaðbeittir í doðrantinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórnlagaráð fundaði í fyrsta sinn og tók við miklum leiðarvísi stjórnlaganefndar:

# „Hér skulu blása ferskir vindar“

**STJÓRNARSKRÁ** Fyrsti formlegi fundur stjórnlagaráðs fór fram að Ofanleiti 2 í Reykjavík í gær. Ómar Ragnarsson, aldursforseti ráðsins, stýrði fundinum. „Hér skulu blása ferskir vindar,“ sagði hann í ræðu sinni. „Við lítum á okkur sem hlekk í keðju kynslóðanna og framvindu sögunnar.“

Stjórnlagaráð hefur skipað fimm manna hóp, undir forystu Vilhjálms Þorsteinssonar, til að koma með tillögur að starfsháttum ráðsins. Líkleg niðurstaða er að fundað verði vikulega og sýnt frá fundunum í beinni útsendingu, en starfað verði í nefndum þess á milli. Ráðið á að starfa í þrjá til fjóra mánuði.

Formaður og varaformaður ráðsins verða kosnir í dag. Stjórnlagaráð fékk í hendur 700 blaðsíðna skýrslu stjórnlaganefndar um stjórnarskrármálefni. Þar leggur nefndin meðal annars til að í stjórnarskrá verði sett ákvæði um þjóðareign á auðlindum og að 15 prósent kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fundinum í gær lauk á þjóðlegum nótum, með því að fundarmenn sungu saman Öxar við ána. Til stendur að ljúka öllum fundum ráðsins með söng. **- sh / sjá síðu 10**

Dulhyggjustefna til Íslands:

# Kabbalah-miðstöð í Reykjavík

**FÓLK** **Kabbalah, hin fræga dulhyggjustefnu, virðist ætla að ryðja sér til rúms á Íslandi. Hermann Ingi Hermannsson, stofnandi Kabbalah á Íslandi, hyggst opna miðstöð stefnunnar í Reykjavík.**



HERMANN INGI HERMANNSSON

**„Ég er búinn að vera að stúdera þetta frá 2007, hef farið á námskeið erlendis og sótti meðal annars stóra samkomu í Miami,“ segir Hermann Ingi og bætir því við að fjölmargir Íslendingar hafi áhuga á þessari stefnu.**

**Frægasti iðkandi Kabbalah er söngkonan Madonna en stefna þessi hefur notið mikilla vinsælda hjá fræga fólkinu í Hollywood.**

**- fgg / sjá síðu 50**









## SPURNING DAGSINS



*Birgir, fá puttaferðalangar fingra-far með öðrum?*

Já, það er þumalputtareglan.

Birgir Þór Halldórsson er eigandi vefsíðunnar samferda.is þar sem fólk getur „húkkað sér far“ gegn því að taka þátt í bensínkostnaði.

Tveir menn sem grunaðir eru um kynferðislegt ofbeldi gegn dreng yfirheyrðir:

# Faðir og frændi neita báðir sök

**LÖGREGLUMÁL** Mennirnir tveir, sem setið hafa í gæsluvarðhaldi vegna gruns um gróft kynferðislegt ofbeldi gagnvart dreng á áttunda ári sættu yfirheyrslum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í allan gærdag. Þeir neita báðir sök í málinu.

Um er að ræða föður drengsins og frænda hans, eins og fram hefur komið. Foreldrar drengsins eru skilin og hefur faðirinn haft umgengnisrétt við hann. Grunur leikur á að mennirnir hafi brotið gróflega á drengnum þegar hann dvaldi hjá föður sínum.

Lögreglan hefur meðal annars unnið að rannsókn á tölvubúnaði sem tekinn var í húsleitum hjá mönnunum. Leitin beinist að klámefni þar sem börn eru fórnarlömbin, þar á meðal drengurinn. Í gær átti enn eftir að rannsaka talsvert magn efnis sem var í tölvum mannanna.

Gæsluvarðhald yfir mönnunum tveimur rennur úr klukkan fjögur í dag. Vísir greindi frá því í gær að lögreglan hygðist fara fram á áframahaldandi varðhald yfir föðurnum í dag. Ekki liggur fyrir hvort óskað verði framlengingar yfir frændanum. - jss



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Mennirnir verða leiddir fyrir dómara í dag verði framlengingar gæsluvarðhalds krafist.

Unnusti Heidi Thisland:

# Hefur játað á sig morðið

**NOREGUR** Tuttugu og fimm ára gamall karlmaður hefur játað að hafa myrt Heidi Thisland Jensen, móður Leifs Magnúsar Grétarssonar, þann 20. mars síðastliðinn.

Frá þessu var greint í norska dagblaðinu Aftenposten. Maðurinn neitaði að hafa framið morðið að yfirlögðu ráði. Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu dvelur Leif Magnús, sem er átta ára, hjá fósturfjölskyldu í bænum Mandal. Ráðgert er að hann flytji til föðurfjölskyldu sinnar í Vestmannaeyjum í sumar.



**STEFAN FÜLE** Stækkunarstjóri Evrópusambandsins. NORDICPHOTOS/AFP

Stækkunarstjóri ESB:

# Viðræður geta hafist í lok júní

**UTANRÍKISMÁL** Eiginlegar aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins geta hafist í lok júní, að því er Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, sagði í yfirlýsingu í gær.

„Þetta er metnaðarfull en framkvæmanleg tímaáætlun þegar allir aðilar eru staðráðnir í að halda áfram,“ segir í yfirlýsingunni.

Hann reiknar með að viðræður geti hafist á ríkjaráðstefnu, sem ráðgert er að haldin verði 27. júní. Þá verði rýnivinnu lokið og hægt að hefja samningaviðræður um hina 35 kafla löggjafar Evrópusambandsins. - gb

Fasteignamarkaðurinn:

# Mesta veltan í rúmlega þrjú ár

**FASTEIGNIR** Fasteignamarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu tók kipp í síðasta mánuði þegar 409 kaupsamningum var þinglýst. Samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands er þetta mesti fjöldi í einum mánuði frá febrúar 2008.

Þetta er rúmlega 60 prósenta aukning frá mars 2010 þegar 243 samningum var þinglýst og 45 prósenta aukning frá fyrri mánuði þegar 280 samningum var þinglýst. Heildarveltan af þessum 409 samningum eru tæpir 11,5 milljarðar, sem er það mesta frá júlí 2008. - þj

# Umsagnir stöðva ekki sameiningarnar í bili

**Langflestar umsagnir vegna fyrirhugaðra sameininga í skólakerfi Reykjavíkur eru neikvæðar. Deilt er um meintan óljósan ávinning. Meirihlutinn heldur sínu striki og segir verkefnið vera í góðu ferli. Minnihlutinn vill byrja upp á nýtt.**

**SKÓLAMÁL** Mikill meirihluti af umsögnum sem borgaryfirvöldum barst vegna fyrirhugaðra breytinga í skólakerfi Reykjavíkur er neikvæður gagnvart framkomnum hugmyndum.

Umsagnirnar voru til umræðu á borgarstjórnarfundi á þriðjudag og var tillögu minnihlutans um að draga tillögurnar til baka vísað frá.

Fulltrúar meirihlutans sögðu verkefnið vera „í góðu ferli“ og umsagnirnar yrðu nú ræddar í íþrótta- og tómstundaráði og menntaráði.

Í upphafi mars óskaði borgarráð eftir umsögnum frá skólaráðum, foreldrafélögum, hverfisráðum, fagaðilum, ungmennaráðum og fræðasamfélaginu varðandi þær 23 tillögur sem kynntar voru.

Umsagnir skólaráða lúta flestar að meintri óvissu varðandi faglegan og fjárhagslegan ávinning af sameiningum grunnskóla, sem er jafnan talinn óásættanlegur í ljósi þess rasks sem breytingarnar munu hafa á skólastarf. Þá er víða minnst á skort á langtímayfirsýn.

Umsagnir foreldrafélaga í leikskólum eru flestar afdráttarlausar gegn sameiningartillögum.

Í umsögn samtaka starfsfólks og stjórnenda í leikskólum og grunnskólum var skorað á borgaryfirvöld að draga tillögurnar til baka og það sama var í umsögn frá starfsfólki frístundaheimila.

Loks má nefna umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem mælst er til þess að litið sé til lengri tíma. Hægt sé að skilgreina tilraunaverkefni og meta árangur út frá þeim.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í menntaráði, segir í samtali við Fréttablaðið að þótt umsagnirnar séu að mestu leyti mjög neikvæðar, megi greina þar skilning á því að hagræða þurfi.



**NEIKVÆÐAR UMSAGNIR** Mikill meirihluti umsagna er neikvæður í garð fyrirhugaðra breytinga í skólamálum. Minnihlutinn vill staldra við en meirihlutinn segir málið í góðu ferli. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Fólkið hefur látið sína skoðun í ljós og við í borgarstjórn eigum að hlusta. Það fælist hugrekki í því að byrja nú upp á nýtt.
>
> **ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**
> BORGARFULLTRÚI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

„Okkur finnst nú vera komið gott tækifæri til að staldra við og vinna málið með hverfunum og foreldrunum. Það er ekki víst að þessi hagræðing skili sér ef fólk er ósátt við breytingar. Fólkið hefur látið sína skoðun í ljós og við í borgarstjórn eigum að sýna að við erum að hlusta. Það fælist hugrekki í því að byrja nú upp á nýtt.“

S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra, sagði í samtali við Fréttablaðið að meirihlutinn myndi ekki tjá sig um umsagnirnar, en málið væri í ferli og niðurstaðna væri að vænta fljótlega.

thorgils@frettabladid.is



**SELFOSS SIGLIR MEÐ VÖRUR** Meðal eigna Horns er hlutur í Eimskipi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hagnaður Horns jókst í fyrra:

# Greiðir tíu milljarða í arð

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingarfélagið Horn hagnaðist um 6,5 milljarða króna í fyrra samanborið við tæpa 4,5 milljarða árið á undan. Horn er dótturfélag Landsbankans og heldur utan um fjárfestingar bankans í skráðum og óskráðum fyrirtækjum.

Í uppgjöri Horns kemur fram að stjórn félagsins mæli með því að Landsbankinn fái tíu milljarða í arð vegna afkomunnar í fyrra. Arðgreiðslur síðasta árs námu sjö milljörðum króna.

Félagið var stofnað árið 2008 og á hluti í Promens, Eyri Invest, Eimskipi og fasteignafélaginu Reitum. - jab

Kona myrt í Danmörku:

# Íslendingur í 14 ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Lárus Freyr Einarsson hefur verið dæmdur í fjórtán ára fangelsi fyrir að skjóta konu til bana í Danmörku.

Konan, Chanette Sörense, var móðir fyrrverandi unnustu Lárusar. Hann mun hafa skuldað Sörensen nítján þúsund danskar krónur, jafnvirði rúmlega 400 þúsund króna. Samverkamaður Lárusar var dæmdur í tólf ára fangelsi. Lárus skaut þremur skotum inn um borðstofuglugga hjá Chanette Sörensen. Eitt þeirra hæfði hana í höfuðið og varð henni að bana. Hún lést í fangi dóttur sinnar. Lárus hefur áfrýjað dómnum sem auk fangelsisvistarinnar felur í sér að honum verður vísað úr landi að afplánun lokinni. Lárus er 24 ára. - gar





LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984


Minnihlutinn í bæjarstjórn gagnrýnir meirihlutann fyrir seinagang í skuldamálum:

# Ósamið um 4,3 milljarða greiðslu

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þetta er bara í eðlilegum og góðum farvegi,“ segir Guðmundur Rúnar Árnason, bæjarstjóri í Hafnarfirði, um 4,3 milljarða lán bæjarins sem er á gjalddaga á morgun.

Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn lýstu í gær áhyggjum yfir að ekki væri lokið endurfjármögnun 4,3 milljarða króna láns hjá Depfabank, þrátt fyrir að gjalddagi lánsins sé í dag.

„Það er mjög alvarlegt mál ef þetta fer í formleg vanskil. Það óskar þess enginn og allra síst við. Þess vegna höfum við reynt að reyna að hvetja meirihlutann til að ganga frá þessu máli sem allra fyrst og jafnhliða því að búa svo um hnúta í rekstrinum að við höfum afgang til að semja um og greiða þetta niður á einhverju eðlilegu tímabili,“ segir Valdimar Svavarsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Guðmundur segist telja að fara eigi varlega í umfjöllun um slík mál. „Menn eiga að fara varlega í því sem þeir segja og bóka þegar slík vinna stendur sem hæst,“ segir bæjarstjórinn sem ekki svarar því hvort svo kunni að fara að lánið fari í vanskil. „Þegar svona vinna er í gangi er óskynsamlegt að tala efnislega um málið opinberlega. Úrvinnsla málsins er í mjög góðum farvegi og ég er sannfærður um að það sé mjög stutt í að það verði mjög fín lausn í málinu.“

Kjörin á núverandi láni munu vera afar hagstæð. Búast má við því að sú endurfjármögnun sem fæst verði mun óhagstæðari fyrir Hafnarfjarðarbæ. Um næstu áramót bíður síðan gjalddagi á fimm milljarða króna láni sem einnig er hjá Depfabank. - gar



**GUÐMUNDUR RÚNAR ÁRNASON OG VALDIMAR SVAVARSSON** Bæjarstjórinn segir von á lausn varðandi 4,3 milljarða skuld sem er á gjalddaga í dag. Fulltrúi Sjálfstæðisflokks segir meirihlutann verða að leysa úr málinu.



# Sólpallaáðgjöf
## Stanislas Bohic
## í Húsasmiðjunni

**Hinn landsþekkti landslagsarkitekt Stanislas Bohic vinnur með þér tillögu að sólpallinum þínum, í verslunum Húsasmiðjunnar.**
Viðskiptavinir Húsasmiðjunnar greiða aðeins kr. **2.990** að 20-30 mínútna ráðgjöf lokinni.
Sú upphæð fæst endurgreidd við kaup á efni.

**Nánari upplýsingar og tímapantanir í síma 525-3000**

**Ráðgjöf í apríl**

| | | |
|---|---|---|
| **Laugardaginn** | **9. apríl** | ( Grafarholti ) |
| **Miðvikudaginn** | **13. apríl** | ( Skútuvogi ) |
| **Fimmtudaginn** | **14. apríl** | ( Skútuvogi ) |
| **Mánudaginn** | **18. apríl** | ( Grafarholti ) |
| **Þriðjudaginn** | **19. apríl** | ( Grafarholti ) |



**Stanislas Bohic**
landslagsarkitekt

# VORIÐ ER KOMIÐ

Þú finnur okkur í Húsasmiðjunni!



**Mikið úrval af reiðhjólum**

**29.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Reiðhjól Author Vectra 26" 18 gíra**
3899998



**Gasgrill**
**Sunset Tasman 200.**
Grillflötur 500x358mm
Hlíf yfir brennara.
3000391

**19.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**795,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Laufhrífa**
5084338



**Tilboð**
**1.599,-**
~~2.399,-~~

**Greinaklippur**
HiPoint 55 cm löng.
5084669



**Frábær fyrir pallinn!**

**NILFISK**
**Háþrýstidæla Nilfisk**
100 Bar, 1300W, 440 ltr/klst.
5254240

**14.995,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**Hekklippur**
Ikra, 600W, 55 cm blað.
Klippigeta 20 mm, álagsvörn.
5083538

**11.995,-**

**20 mm klippigeta**

Látum verkin tala!

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.

Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

GILDIR TIL 13. APRÍL

*Lægsta lága verðið er lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 06.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,11 | 113,65 |
| Sterlingspund | 184,56 | 185,46 |
| Evra | 161,62 | 162,52 |
| Dönsk króna | 21,673 | 21,799 |
| Norsk króna | 20,764 | 20,886 |
| Sænsk króna | 17,919 | 18,023 |
| Japanskt jen | 1,3282 | 1,3360 |
| SDR | 179,51 | 180,57 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9974

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Réttarhöld yfir Berlusconi vegna kynferðsbrota gegn marokkóskri stúlku hafin:

# Fjölmiðlar sagðir valda tjóni

**ÍTALÍA, AP** Marokkóska stúlkan Karima El Mahroug segir að umfjöllun fjölmiðla hafi valdið sér miklu tjóni en heldur fast við fyrri yfirlýsingar sínar um að hafa aldrei sængað hjá Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu.

Mahroug, sem á Ítalíu hefur gengið undir nafninu Ruby Rubacouri, var sautján ára, og þar af leiðandi undir lögaldri, vorið 2010 þegar Berlusconi er sagður hafa borgað henni fé fyrir að eiga með henni kynmök. Hann er einnig sakaður um að hafa notað áhrif sín til að þagga niður málið.

„Þegar þessi unga kona gengur niður götuna nema vel stæðir menn, ósköp venjulegir menn á sextugsaldri, staðar og gera grín að henni," segir Paola Boccardi, lögmaður hennar. „Úti um allan heim er litið á Karimu sem vændiskonu."

Réttarhöldin í málinu gegn Berlusconi hófust í gær en var frestað þangað til í lok maí eftir aðeins sjö mínútna þinghald.

Karima hefur viðurkennt að hafa þegið nærri átta hundruð þúsund krónur frá Berlusconi eftir að þau hittust fyrst á valentínusardaginn 2010. Hún segir þó einungis gjafmildi Berlusconis vera að baki þeirri gjöf, kynlíf hafi hvergi komið við sögu. **- gb**



**PAOLA BOCCARDI** Lögmaður Karimu El Mahroug við upphaf réttarhaldanna. NORDICPHOTOS/AFP

Hörð átök í Abidjan:

# Barist var um byrgi Gbagbos

**FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP Hörð átök voru í gær í Abidjan, stærstu borg Fílabeinsstrandarinnar, þar sem liðsmenn Alassane Ouattara, réttkjörins forseta, sóttu að Laurent Gbagbo, sem neitaði enn að láta af völdum.**

**Gbagbo hafði hreiðrað um sig í kjallarabyrgi forsetahallarinnar. Uppreisnarmenn réðust inn fyrir lóðarmúra hallarinnar, en urðu frá að hverfa þegar þungavopnum var beitt gegn þeim. Ouattara lagði áherslu á það við liðsmenn sína að Gbagbo myndi nást á lífi. - gb**

Forstjóri Becromal hættir:

# Fær ekki starfslokagreiðslu

**VIÐSKIPTI** Gauti Hallsson, framkvæmdastjóri aflþynnuverksmiðjunnar Becromal við Krossanes á Akureyri, sagði starfi sínu lausu á þriðjudag og tók uppsögn hans samstundis gildi.



**GAUTI HALLSSON**

Stjórn Becromal gaf í gær engar útskýringar á ástæðum uppsagnarinnar aðrar en þær að ráðningarsamningur Gauta hafi verið tímabundinn. Gauti vildi ekki tjá sig um málið í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Gauti verið tekinn af launaskrá og fær hann engar starfslokagreiðslur. Fyrir hálfum mánuði kom fram í Kastljósinu á RÚV að verksmiðja Becromal hafi ekki uppfyllt starfsskilyrði um mengunarvarnir og hún losað meira magn af vítissódamenguðu vatni út í sjó en starfsleyfi verksmiðjunnar heimilar. **- jab**

## LEIÐRÉTTING

Í grein um góðan árangur endurlífgana á Landspítala á þriðjudaginn gætti misskilnings. Svona er textinn réttur: „Af þeim 108 sjúklingum (56%) sem komust lifandi á Landspítala eftir endurlífgun vegna hjartaáfalls útskrifuðust 49 (45,4%) eða tæplega helmingur lifandi. Árangurinn af hjartaendurlífgunum utan Landspítala á höfuðborgarsvæðinu er með því allra besta sem þekkist. Hér er heildarárangurinn 25,4% en yfirleitt er árangurinn í öðrum löndum og borgum 10 til 15 prósent."

Röng mynd birtist af Birgi Þór Halldórssyni í tilvísun á forsíðu Fréttablaðsins á miðvikudag. Rétt mynd fylgdi með grein í Allt í miðju blaðsins.

# Of miklar kröfur gerðar til ungra barna í skýrslutökum

**Mun meiri líkur eru á því að kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum séu ákærðir ef framburður barna er nákvæmur. Kært er í 16% mála yngstu barnanna, samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Mun meiri líkur eru á því að kynferðisbrotamenn verði ákærðir fyrir kynferðisofbeldi gegn börnum, þegar framburður barnanna er greinargóður og þau geta greint skýrlega frá ofbeldinu. Aldur barnanna hefur mikil áhrif á ákæru og varða þær langflestar börn á aldrinum 12 til 14 ára. Einungis er ákært í 16 prósentum mála þegar börn á aldrinum 3 til 5 ára eiga í hlut.



**ÞORBJÖRG SVEINSDÓTTIR**

Þetta eru niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar sem Þorbjörg Sveinsdóttir, starfsmaður Barnahúss, vann sem lokaverkefni sitt í mastersnámi í sálfræði við Háskóla Íslands.

Skoðaður var framburður 285 barna sem komu í skýrslutöku í Barnahúsi á rúmlega fimm ára tímabili, frá árinu 1998 til 2003, vegna gruns um að hafa sætt kynferðislegu ofbeldi. Markmið rannsóknarinnar var að skoða tengsl barna í skýrslutökum í Barnahúsi við orðalag í ákærum og dómsniðurstöður.

„Það eru gerðar miklar kröfur til barna í skýrslutökum. Þau eru beðin um smáatriði, nákvæmar lýsingar og beðin um að lýsa tilfinningum sínum. Það getur reynst mjög erfitt fyrir ung börn, sem er sennilega hluti af skýringunni hvers vegna hærra hlutfall þeirra mála sem ákært er í eru börnin á aldrinum 12 til 14 ára," segir Þorbjörg. Í 75 prósentum tilvika greindu börnin frá kynferðislegu ofbeldi þegar þau komu í Barnahús. Ákært var í málum 33 prósenta barna, þar af 42 prósenta barna sem greindu frá ofbeldinu. Fimm börn höfðu ekki greint frá, en þar var samt sem áður ákært. Var það vegna játninga gerenda og vitnisburða annarra einstaklinga.

Orðalag í þeim ákærum sem gefnar voru út var í 74 prósentum tilvika í samræmi við framburð barns.

Alls voru 63 gerendur ákærðir fyrir kynferðisbrot í 95 málum. Um 60 prósent gerenda brutu gegn einu barni en tæp 40 prósent gegn fleiri en einu. Meiri líkur eru á ákæru þegar tengsl geranda og barns voru utan fjölskyldu. Rannsakendur hafa flokkað niður alvarleika kynferðisbrota eftir stigum, vægustu brotin stig eitt og þau alvarlegustu stig fimm. Ákært var í 60 prósentum tilvika þegar brot var á alvarleikastigi fjögur, en aðeins í 25 prósentum á alvarleikastigi fimm. Brot gegn börnum á aldrinum 3 til 5 ára voru öll á alvarleikastigum þrjú til fimm.

Þorbjörg segir að miðað við niðurstöður rannsóknarinnar sé tvisvar sinnum líklegra að gefin sé út ákæra ef kynferðisbrot gegn börnum séu endurtekin. Þá er það um átta sinnum líklegra ef frásögn barns sé nákvæm.

„Helsta og eina forspá þess að sakborningur sé sakfelldur er að hann hafi brotið gegn tveimur eða fleiri börnum," segir Þorbjörg.

**sunna@frettabladid.is**

### Fjöldi ákæra eftir vitnisburði barna í Barnahúsi




### Flestir þolendur ofbeldis eru stúlkur

215 (75 prósent) af þeim 285 börnum sem komu í rannsóknarviðtal greindu frá kynferðisofbeldi; 85 prósent stúlkur og 15 prósent drengir.

- 77 prósent stúlkna greindu frá kynferðisofbeldi í viðtali
- 68 prósent drengja greindu frá kynferðisofbeldi í viðtali

### Meðalaldur gerenda er 32 ár

- Meðalaldur gerenda kynferðisbrota gegn börnum er 32 ár
- 85% gerenda þekktu til barnsins
- 32% fjölskyldumeðlimir og 53% kunningjar
- Sakborningar játuðu sök að fullu gegn 15 börnum
- Sakborningar neituðu sök gegn 49 börnum
- Hlutfall neitana hækkar eftir því sem brotin eru alvarlegri






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝINDI**

Það lítur út fyrir milt veður á landinu næstu dag og í raun hlýindi á norðausturhorninu þar sem má búast við allt að 16 stiga hita á laugardaginn. Sunnan- og vestanlands verður væta næstu daga en nokkuð bjart hins vegar norðan og austan til.




**Á MORGUN**
Strekkingur með N- og SA-strönd annars hægari.

**LAUGARDAGUR**
Strekkingur V-lands annars hægari.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 20° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 14° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 10° |
| París | 23° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Væri Já gott fyrir atvinnulífið?

### Nei - því Icesave samningur festir gjaldeyrishöft í sessi

Samþykkt Icesave samningsins mun framlengja gjaldeyrishöft til margra ára, eins og ríkisstjórnin og Seðlabanki hafa einmitt boðað nýverið. Gjaldeyrishöftin koma í veg fyrir að atvinnulífið vaxi af nauðsynlegum krafti.

### Nei - því aðgangur að lánsfé ræðst af flestu öðru en Icesave

Fullyrt er að samþykkt samninganna opni dyr að alþjóðlegum lánsfjármörkuðum. Vandséð er hvernig aukin skuldsetning með samþykkt Icesave-samninga á að laða að erlent lánsfé. Fjármagn leitar í arðsöm verkefni, við hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi. Það sem torveldar aðgang að erlendu lánsfé nú er miklu frekar ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, gjaldeyrishöft, ómarkviss og afturvirk lagasetning og óhagstæð skattastefna.

### Nei - því Icesave hækkar skuldir ríkisins og eykur ríkisábyrgðir um 50%

Skuldir ríkissjóðs nema nú þegar eins árs landsframleiðslu og ekki er ráðlegt að bæta við þær óvissri viðbótarskuld í erlendum gjaldeyri. Burtséð frá óvissri hækkun skulda er ljóst að Icesave hækkar ríkisábyrgðir sem í gildi eru um 50%.

### Nei - því Icesave samningurinn kallar á hærri skatta á fyrirtækin

Icesave samningurinn hækkar skuldir ríkisins og fjárþörf um 26 milljarða strax á þessu ári. Þessi fjárhæð verður ekki greidd nema með hærri sköttum á fyrirtæki og almenning.

### Nei - því skuldatryggingarálag hefur batnað síðan Icesave II var hafnað

Skuldatryggingarálag í skuldabréfaviðskiptum hefur reynst betri mælikvarði á raunverulegt lánshæfi en einkunnir matsfyrirtækja. Á meðan matsfyrirtækin voru enn að gefa íslenskum bönkum hæstu einkunn var skuldatryggingarálag löngu búið að rjúka upp. Eftir að þjóðin felldi Icesave II hefur skuldatryggingarálag á skuldabréf ríkisins lækkað um meira en helming á sama tíma og það hefur hækkað hjá mörgum ríkjum Evrópu.

### Nei - því samþykkt Icesave samningsins skapar ekki traust

Helstu viðskiptablöð heims, Financial Times og Wall Street Journal, birta í leiðurum sínum stuðningsgreinar við málstað Íslands í Icesave-deilunni. Það er aðeins í íslenskri umræðu sem sem menn trúa því að við þurfum að samþykkja Icesave-ánauðina til að „endurheimta traust erlendis".

### Nei - því fjárfestar hafa áhuga á góðum viðskiptatækifærum

Icesave-deila fjármálaráðuneyta Bretlands og Hollands hindrar ekki viðskipti íslenskra fyrirtækja við útlönd. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður á erlendum fjármálamörkuðum hafa íslensk fyrirtæki fjármagnað sig með góðum árangri erlendis á undanförnum mánuðum. Það eru mörg hundruð ágreiningsmál í gangi milli ríkja í Evrópu. Icesave er bara eitt af þeim og fjárfestar munu ekki láta það koma upp á milli sín og góðra viðskiptatækifæra hér á landi.

## Taktu upplýsta ákvörðun.
## Fellum Icesave 9. apríl!

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl.
Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is

**KJÖRKASSINN**




*Ertu með lán í vanskilum?*

| | |
|---|---|
| Já | 25,1% |
| Nei | 74,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Horfir þú á íslenska sakamálaþætti í sjónvarpinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Hraðsending frá Hong Kong innihélt eftirlíkingar:

# Tollgæslan tók fölsuð rakvélarblöð

**TOLLGÆSLA** Tollgæslan lagði nýverið hald á töluvert magn af fölsuðum Gillette Fusion Power rakvélarblöðum. Um var að ræða hraðsendingu frá Hong Kong.

Þetta er í fyrsta skipti sem tollgæslan hér á landi leggur hald á fölsuð rakvélarblöð. Talið er líklegt að rakvélarblöðin hafi verið ætluð til sölu hér á landi.

Almenningi getur reynst erfitt að þekkja muninn og ekki fyrr en við rakstur að spurningar vakna um lögmæti vörunnar. Tollgæslan bendir almenningi á að óeðlilega lágt verð geti verið ávísun á fölsun. Einnig örlítill blæbrigðamunur á umbúðum, svo sem óskýrir stafir, litir og myndir. Jafnframt er áberandi gæðamunur á blöðunum, auk þess sem greinilegur munur er oftast á útliti þeirra. Ef eitt eða fleiri atriði vekja athygli kaupandans er full ástæða til að íhuga hvort um sé að ræða falsaða vöru.

Tollgæslan bendir enn fremur á að umboðsaðili fyrir Gillette á Íslandi taki mjög hart á svona málum og leitað sé allra leiða til að hafa uppi á eftirlíkingum sem eru til sölu hér á landi. Fyrir hönd framleiðanda verði farið í lögbannsmál gagnvart þeim aðilum sem flytja inn eða selja fölsuð eintök sem merkt eru Gillette.

- jss




**RAKVÉLARBLÖÐ** Fölsuð til vinstri, ekta til hægri.

Rannsókn á öryggissveit BNA:

# Enn er unnið að öflun gagna

**RANNSÓKN** Rannsókn á hvort öryggissveit bandaríska sendiráðsins í Reykjavík hafi brotið lög með eftirliti sínu með mannaferðum í og við sendiráðið stendur enn.

Hjá embætti ríkissaksóknara er unnið að öflun gagna.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra fól embættinu um miðjan desember að rannsaka málið eftir að hafa metið svör sendiráðsins við fyrirspurn um það ófullnægjandi.

- bþs

**Streita og svefntruflanir**
**Hvað er til ráða?**
**Námskeið föstudaginn 8. apríl kl. 14.00–17.00**


Erla Gerður Sveinsdóttir, yfirlæknir HNLFÍ og Heilsuborgar


Magna Friður Birnir, hjúkrunarforstjóri HNLFÍ


Sigrún Ása Þórðardóttir, sálfræðingur og verkefnastjóri HNLFÍ og Heilsuborgar

**Verð 5.800 kr.**

**Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010**

HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

# Skattar komi í veg fyrir framsal kvóta

**Samtök atvinnulífsins vilja heimila kvótaframsal innan fiskveiðiárs en skattleggja „nettóframsal“ hressilega. Sjávarútvegsfyrirtækin eiga að nýta fiskveiðiheimildir sínar til veiða. Samtökin hafa stungið upp á 35 ára afnotatíma kvóta.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Koma á í veg fyrir kvótaframsal með skattlagningu, samkvæmt óbirtum tillögum Samtaka atvinnulífsins (SA). Samtökin kynntu í fyrradag hugmyndir um að afnotatími útgerða af kvóta verði 35 ár, með möguleika á framlengingu í rúm 52 ár. Þá vilja samtökin að veiðileyfagjald miðist við hagnað fremur en framlegð útgerða.

Samkvæmt heimildum blaðsins hefur gengið treglega að fá fulltrúa ríkisstjórnarinnar til fundar um hugmyndir SA. Samtökin halda aðalfund sinn í dag en þar halda erindi bæði Vilmundur Jósefsson, formaður SA, og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

Til stóð að birta í gær seinni hluta tillagna SA í sjávarútvegsmálum, en birtingunni var frestað þar sem endanlegum frágangi þeirra var ekki lokið.

Vilmundur Jósefsson, formaður SA, segir tillögur samtakanna sem eftir eiga að koma fram snúa sérstaklega að framsali aflaheimilda. „Í reynd lúta tillögurnar að því að allt nettóframsal innan ársins verði skattlagt hressilega. Sem þýðir þá að menn veiði sínar heimildir,“ segir Vilmundur og kveður tilganginn meðal annars að koma í veg fyrir „rugl“ sem viðgengist hafi síðustu ár í því að menn fái afhentar veiðiheimildir og leigi þær út, en lifi sjálfir „praktuglega“.

Vilmundur segir að til að viðhalda hagræðingu sé eftir sem áður nauðsynlegt að heimila framsal á veiðiheimildum innan fiskveiðiársins. „En allt nettóframsal verður skattlagt upp í topp.“ Þá sé gert ráð fyrir því að hluti kvóta gangi áfram í potta sem standi undir hlutum á borð við línuívilnun, byggðakvóta, strandveiðar og jafnvel nýliðun í greininni. Vilmundur segir að nú þegar fari um 16 þúsund þorskígildistonn í slíka potta. „Og það er alveg hellingur.“

Með þessum tillögum og þeim sem þegar eru fram komnar vonast Vilmundur til þess að hægt verði að leiða til lykta deilur um framtíðarskipan sjávarútvegsmála. „Ef einhver sanngirni er í þessu máli ætti sá grundvöllur að vera kominn. Búið er að taka á allmörgum málum sem leiðrétta kerfið og gjörbreyta því í reynd.“

olikr@frettabladid.is



**LANDFESTAR** Samtök atvinnulífsins hafa lýst því yfir að ekki standi til að gefa eftir kröfur um að sátt náist um framtíð fiskveiða áður en skrifað verði undir kjarasamninga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Í reynd lúta tillögurnar að því að allt nettóframsal innan ársins verði skattlagt hressilega.“
>
> **VILMUNDUR JÓSEFSSON**
> FORMAÐUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Verslun Ármúla 26
522 3000
Opið: virka daga 9.30–18 laugardaga 12–17

VERÐLAUNA-HLJÓMUR FRÁ KEF



Viltu vita meira um þetta tæki?
www.hataekni.is

KEF®

Hátalararnir frá KEF hafa unnið til margra verðlauna, bæði fyrir hljóm og hönnun. KEF hátalararnir eru því ekki síður fyrir augað en eyrað. Tær og þéttur hljómurinn umlykur þig eins og í risastórri hljómleikahöll. Komdu og leyfðu okkur að leyfa þér að heyra.

Verð fyrir parið:
239.995

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 110653

JP Morgan Chase segir „já“ við Icesave eyða óvissu og flýta efnahagsbata:

# Aukinn útflutningur er lykill batans

**EFNAHAGSMÁL** Hagvöxtur sem byggir á auknum útflutningi er lykillinn að efnahagsbata á Íslandi, að mati greiningar sem bankinn JPMorgan Chase í Lundúnum birti 1. apríl.

Um leið bendir bankinn á að vexti útflutnings séu nokkrar skorður settar, bæði vegna þeirrar tregðu sem gjaldeyrishöft valda og hversu langan tíma taki að koma í gang verkefnum tengdum jarðvarma. Bankinn gerir í spá sinni ráð fyrir að bygging álvers í Helguvík hefjist á næsta ári.

Í greiningu bankans er einnig áréttað að „já“ í kosningum um Icesave muni hjálpa til við fjármögnun á Íslandi og auka traust markaðarins á landinu. Sérstaklega eru nefndir þrír þættir þar sem óvissu yrði eytt.

Í fyrsta lagi verði með því tryggð lán frá Norðurlöndunum, sem séu í heild sinni um helmingur lánafyrirgreiðslu í tengslum við efnhagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þá myndi „já“ leiða til hærra lánshæfismats Íslands og bæta aðgang að erlendum lánamörkuðum og flýta fyrir afnámi gjaldeyrishafta.

Í þriðja lagi komi „já“ svo til með að liðka fyrir inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evru.

„Verði bæði Icesave og ESB-aðild samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu, teljum við að Ísland gæti gengið í sambandið árið 2013 og tekið upp evru nokkrum árum síðar,“ segir í greiningu bankans.

- óká




**JP MORGAN CHASE Í LONDON** Í spá sinni gerir bankinn ráð fyrir að bygging álvers í Helguvík hefjist á næsta ári. NORDICPHOTOS/AFP




# TAX FREE DAGAR

## Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!

Dagana 7. - 10. apríl afnemum við VSK af öllum fatnaði og skóm.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur og skó án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. apríl 2011.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hver sigraði í Elite-fyrirsætukeppninni 2011?*

**2** *Með hvaða félagsliði spilar Raul?*

**3** *Hvenær fer Hróaldskelduhátíðin fram?*

**SVÖR**

**1.** *Magdalena Sara Leifsdóttir* **2.** *Schalke 04* **3.** *30. júní til 3. júlí*

Mælingar Vegagerðarinnar sýna samdrátt í bílaumferð um land allt:

# Umferðin hefur dregist mikið saman

**SAMGÖNGUMÁL** Umferð í mars var 15,5 prósentum minni en í sama mánuði í fyrra. Mælingar Vegagerðarinnar sýna þetta.

Þá dróst akstur saman um 18,1 prósent. Akstur er reiknaður sem umferð á dag margfaldað með lengd vegkafla. Vegagerðin segir að svo mikill samdráttur í umferð og akstri sé fáséður og einsdæmi frá því að byrjað var að taka saman tölurnar árið 2005.

Vegagerðin segir að ef umferð verði með hefðbundnum hætti á árinu og tekið sé mið af því hvernig þróun umferðar hefur verið undanfarin 10 ár megi búast við mesta samdrætti í akstri frá árinu 1975. Þó þurfi að hafa fyrirvara á þessari spá.

Umferðin dróst saman á öllum talningarstöðum Vegagerðarinnar, en þeir eru sextán talsins. Sveiflur í umferð eru venjulega miklar í mars og apríl vegna rysjótts veðurfars og þess hvenær páskar byrja hverju sinni, segir á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Eldgosið í Eyjafjallajökli er þess valdandi að samdráttur á Suðurlandi mælist meiri en ella, en umferð um Suðurland var mjög mikil í mars í fyrra vegna gossins. Umferð um landshlutann er þriðjungi minni nú en í fyrra. Umferðin dróst minnst saman á Austurlandi, eða um 11,5 prósent. - þeb



**UMFERÐ DREGST SAMAN** Páskarnir og eldgos í Eyjafjallajökli setja strik í reikninginn en umferðin er miklu minni en fyrri ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ertu með laust skrifstofuherbergi?**

Er að leita að skemmtilegu skrifstofuherbergi fyrir eina til tvær vinnustöðvar í miðbæ Reykjavíkur. Gjarnan inni í öðru fyrirtæki.

**Upplýsingar í síma 864 0662**

Karl á þrítugsaldri áfram í gæsluvarðhaldi og einangrun:

# Gæsluvarðhald framlengt yfir stórsmyglara

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald yfir karlmanni sem tekinn var með mikið magn af LSD og e-töflum á Keflavíkurflugvelli í síðasta mánuði, var framlengt í Héraðsdómi Reykjaness í gær til 20. apríl. Maðurinn situr í einangrunarvist.

Maðurinn sem er á þrítugsaldri var handtekinn ásamt konu á svipuðum aldri þann 23. mars síðastliðinn. Við athugun á farangri þeirra kom í ljós að faldir undir fölskum ferðatöskubotni voru 36 þúsund skammtar af e-töflum og 4.400 skammtar af ofskynjunarefninu LSD. Fólkið var að koma frá Las Palmas á Kanaríeyjum eftir að hafa dvalið í viku á Las Palmas. Maðurinn og konan voru bæði úrskurðuð í gæsluvarðhald eftir handtökuna, en konunni hefur nú verið sleppt.

Ekki þótti þjóna rannsóknarhagsmunum að halda henni lengur, enda er maðurinn talinn eiga stærri hlut að máli heldur en hún. Bæði hafa komið við sögu lögreglu áður, vegna minni háttar afbrota.

Rannsókn lögreglu á málinu er enn í fullum gangi. Hún beinist meðal annars að því hvort fleiri og þá hverjir kunni að standa að smyglinu. - jss



**LSD** Stórhættulegt ofskynjunarlyf



**Í SAL ALÞINGIS** Fjölmiðlalögin eru sjötta mál á dagskrá Alþingis í dag, að loknum óundirbúnum fyrirspurnum þingmanna til ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ámælisvert að hunsa álit ESA

**365 miðlar gagnrýna menntamálanefnd Alþingis fyrir að hunsa tilmæli ESA um stöðu RÚV. Vilja að Samkeppniseftirlitið hafi eftirlit með fjölmiðlum.**

**ALÞINGI** Viðbrögð stjórnvalda við áliti ESA, eftirlitsstofnun EFTA, um stöðu Ríkisútvarpsins (RÚV) á fjölmiðlamarkaði eru með eindæmum daufleg, að mati Ara Edwald, forstjóra 365 miðla. „ESA krefst þess að stjórnvöld setji inn í fjölmiðlalögin, ekki bara lög um RÚV, grundvallarreglur sem gæta þarf að varðandi samkeppnisstöðu á fjölmiðlamarkaði,“ segir hann.

Fjölmiðlafrumvarpið verður tekið til annarrar umræðu á Alþingi í dag. Að lokinni fyrstu umræðu gekk frumvarpið til menntamálanefndar en var afgreitt þaðan fyrir rúmri viku, eftir að hafa tekið nokkrum breytingum.

Í athugasemdum sem 365 miðlar sendu menntamálanefnd eftir síðustu afgreiðslu hennar á frumvarpinu er átalið að það taki í engu á hlutverki RÚV á auglýsingamarkaði þrátt fyrir að komið hafi fram í umsögnum að óeðlilegt væri „að setja heildstæða löggjöf um fjölmiðla án þess að hún taki á neinn hátt á alvarlegri stöðu samkeppnismála í greininni og úrræðaleysi við brotum“.

Með ólíkindum er sagt að nefndarálit meirihlutans víki ekki að ákvörðun ESA frá 9. febrúar síðastliðnum. „Í ákvörðuninni kemur skýrt fram að það verði í fjölmiðlalögunum sjálfum að gefa samkeppni á markaðinum fótfestu, ef koma á í veg fyrir óheilbrigða samkeppni,“ segir í athugasemd 365.

Eftir að menntamálanefnd skilaði frumvarpinu til annarrar umræðu sagði Skúli Helgason, formaður nefndarinnar, Fréttablaðinu að tekið yrði á álitamálum tengdum RÚV í frumvarpi til nýrra laga um stofnunina sem leggja ætti fram í næsta mánuði. Sama sagði Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Í umsögn 365 er hins vegar sagt engan veginn nægja að huga að stöðu RÚV á auglýsingamarkaði í sérlögum um RÚV. „Það fer þvert gegn ákvörðun ESA um nauðsyn þess að huga að samkeppnismálum í heildarlöggjöf um fjölmiðlamarkaðinn. Í áliti ESA kemur einnig fram að það sé brýnt að í fjölmiðlalögum verði fundinn farvegur úrlausna í samkeppnismálum til að auka skilvirkni og gagnsæi eftirlits. Til að mæta þeim kröfum ESA væri til að mynda aðgengilegt að veita Samkeppniseftirlitinu heimild í stjórnsýslukafla frumvarpsins til að hafa afskipti af þessari atvinnugrein,“ segir í bréfi 365 miðla til menntamálanefndar og talið ámælisvert að nefndin kjósi að virða að vettugi skýrt álit ESA. „Með því er vísvitandi verið að brjóta gegn regluverki EES og engin tilraun gerð til að tryggja sanngjarna samkeppni samkvæmt skuldbindingum EES réttar.“

> „Með því er vísvitandi verið að brjóta gegn regluverki EES og engin tilraun gerð til að tryggja sanngjarna samkeppni.
>
> **BRÉF 365**

365 miðlar eiga meðal annars og reka Stöð 2, Bylgjuna og Fréttablaðið. Álit ESA varðandi stöðu RÚV, má rekja til kæru sem Norðurljós, forveri 365, lagði inn fyrir níu árum síðan.

olikr@frettabladid.is



Laugardagur til *lista*

Laugardaginn 9. apríl milli kl. 13.30 – 14.30 munu þeir Pétur Ármannsson og Ólafur Gíslason fjalla um *Hörð Ágústsson, arkitekt og listamann* í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19. Jafnframt verða verk Harðar úr einkaeign til sýnis.

Sýningin verður opin alla virka daga kl. 11.00 – 15.30 og á laugardögum kl. 12.00 – 17.00 í apríl.

Verið *velkomin.*

Arion banki

**ENDURSKOÐUN STJÓRNARSKRÁR:** Skýrsla stjórnlaganefndar afhent stjórnlagaráði

# Skilgreina þarf „þjóðareign“

**Stjórnlaganefnd leggur til marga og ítarlega valkosti um breytingar á stjórnarskrá. Lagt er til að fimmtán prósent kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og að stjórnarskrárbreytingar verði auðveldaðar.**

Stjórnlaganefnd leggur til að auðlindir landsins verði skilgreindar sem þjóðareign í stjórnarskránni. Tillagan er í samræmi við eindregna kröfu Þjóðfundar frá því í haust. Nefndin tekur þó fram að hugtakið „þjóðareign“ sé óskýrt og þarfnist nánari skilgreiningar. Ekki sé til dæmis ljóst hvort „þjóðareign“ eigi að fela í sér eignarrétt ríkisins eða ekki.

Þá leggur nefndin til að í stjórnarskrá verði kveðið á um að heimildir sem mönnum eru veittar til að nýta náttúruauðlindir í þjóðareign skuli aldrei leiða til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis einkaaðila yfir þeim.

Lagt er til að röð kafla stjórnarskrárinnar verði breytt og hverjum þeirra gefið heiti til að auðvelda yfirsýn. Lagt er til að mannréttindakaflinn verði færður fremst, það er fram fyrir einstaka kafla um stofnanir ríkisins. Slíkt væri til þess fallið að endurspegla mikilvægi mannréttinda og þá grunnhugsun að öll meðferð ríkisvalds og starfsemi stofnana ríkisins sé bundin mannréttindum enda komi valdið frá þjóðinni.

Meðal tillagna er að sérstakur kafli verði um utanríkismál. Telur nefndin brýnt að skýrðar verði reglur stjórnarskrár um hlutverk og áhrif Alþingis á utanríkismál. Leggur hún því fram þann valkost að fest verði í stjórnarskrá skylda ráðherra til að hafa samráð við utanríkismálanefnd áður en tekin er ákvörðun um mikilvæg utanríkismál. Ákvörðun um stuðning við stríð gegn öðru ríki skuli jafnframt skilyrðislaust háð samþykki Alþingis.

Lagt er til að í stjórnarskrána bætist ákvæði um heimild til þess að íslenska ríkið verði aðili að þjóðréttarsamningi sem felur í sér skuldbindingu til að framselja hluta löggjafarvalds, framkvæmdarvalds eða dómsvalds til alþjóðastofnana. Annar valkostur í þeim efnum er að framsal ríkisvalds sé eingöngu heimilt á afmörkuðu sviði í þágu friðar og alþjóðlegrar samvinnu.

Stjórnlaganefnd leggur til að í stjórnarskráni verði yfirlýsing um að forsetinn sé þjóðhöfðingi lýðveldisins. Meðal valkosta um forsetaembættið er að ef enginn frambjóðenda til embættisins hlýtur meirihluta atkvæða skuli að nýju kosið milli þeirra tveggja er flest atkvæði fengu. Einnig; að forseti skuli ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.

Lagt er til að skoðað verði hvort í ákvæði um málsskotsrétt beri að undanskilja fjárlög, fjáraukalög, lög um skatta og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarlegum skuldbindingum, að forsetinn hafi þrjá daga til ákveða hvort hann synji máli staðfestingar og að hann þurfi að rökstyðja ákvörðun þar um.

bjorn@frettabladid.is
stigur@frettabladid.is



**FYRSTI FUNDURINN** Stjórnlagaráð mun í næstu þrjá til fjóra mánuði fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og eigin tillögur um breytingu á stjórnskrá lýðveldisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Aðeins hugmyndir

Stjórnlaganefnd vann skýrslu sína um stjórnarskrármálefni á grundvelli laga um stjórnlagaþing. Ætlunin var að stjórnlagaþing fengi skýrsluna en eftir ógildingu á kjöri til þess og lagabreytingar í kjölfarið var hún afhent stjórnlagaráði til meðferðar.

Stjórnlaganefnd stóð að þjóðfundi um stjórnarskrármálefni og kallaði þar eftir meginsjónarmiðum og áherslum almennings um stjórnskipan landsins og stjórnarskrá og breytingar á henni. Vann nefndin úr þeim upplýsingum sem þar söfnuðust og aflaði frekari gagna.

Í skýrslunni eru hugmyndir nefndarinnar um breytingar á stjórnarskránni auk sjálfstæðra úttekta, skýrslna og skýringa.

Í stjórnlaganefnd, sem Alþingi kaus, sátu Guðrún Pétursdóttir formaður, Aðalheiður Ámundadóttir, Ágúst Þór Árnason, Björg Thorarensen, Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Njörður P. Njarðvík og Skúli Magnússon.

Með afhendingu skýrslunnar í gær lauk stjórnlaganefnd störfum.

Skýrsluna og frekari upplýsingar og gögn er að finna á vefsíðunni stjornlagarad.is.

## Hvernig á stjórnarskrá Íslands að byrja?

**Lagðar eru til tvær hugmyndir um hvernig upphaf stjórnarskrárinnar gæti hljómað:**

### Valkostur 1

**I. KAFLI**
**UNDIRSTÖÐUR**

*Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi, reist á virðingu fyrir reisn mannsins, umhverfi og friði meðal þjóða.*

*Allt vald kemur frá þjóðinni.*

*Lýðræði, réttarríki og virðing fyrir mannréttindum eru hornsteinar stjórnskipunar Íslands.*

### Valkostur 2

**AÐFARAORÐ**

*Við Íslendingar, lýsum yfir fortakslausri virðingu mannsins og reisn ásamt ábyrgð á því landi og lífríki sem við byggjum tilveru okkar á.*

*Sem sjálfstæð þjóð meðal þjóða lýsum við jafnframt yfir þeim ásetningi að vinna á þessum grunni með öðrum þjóðum og stuðla að friði.*

*Það ríki sem við höfum stofnað til og falið vald þjóðarinnar skal í hvívetna byggt og bundið lögum með lýðræði, mannréttindi og heiðarleika að leiðarljósi.*

*Með þetta fyrir augum setjum við okkur grundvallarlög í svofelldri stjórnarskrá:*

**I. KAFLI**
**UNDIRSTÖÐUR**

*Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.*

## Meðal valkosta

**Mannréttindamál:**

- Við jafnræðisregluna bætist að ekki megi mismuna fólki á grundvelli fötlunar og kynhneigðar, og hugsanlega einnig aldurs eða búsetu.
- Nokkrir valkostir lagðir fram um ákvæði um trúfrelsi og jafnræði trúfélaga, meðal annars: Engin trúarbrögð skulu njóta forréttinda umfram önnur.
- Nafnleynd og vernd heimildarmanna fjölmiðla skuli tryggð með lögum, sem og starfsemi sjálfstæðra fjölmiðla.
- Börnum verði tryggður réttur til ákvörðunar um eigin málefni.

**Stjórnlagaráð:**

- Stofnað verði svokallað stjórnlagaráð, skipað lögfróðum mönnum, sem gæti veitt álit á því hvort efni lagafrumvarpa samrýmdist ákvæðum stjórnarskrár.

**Dómstólar:**

- Bæði lögð fram hugmynd um að leggja niður landsdóm, og eins að skipan hans verði breytt á þá leið að í honum sitji ofangreint stjórnlagaráð, forseti Hæstaréttar og aðrir þeir sex dómarar við Hæstarétt sem lengst hafa starfað.

**Beint lýðræði:**

- Alþingi skuli láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu ef 15 prósent kjósenda krefjast þess.
- Forseta verði gert skylt synja lögum staðfestingar og skjóta þeim til þjóðarinnar ef 15 prósent kjósenda krefjast þess.
- Þriðjungur þingmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu.

**Sveitarfélög:**

- Réttur íbúa til að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélaga skuli tryggður með lögum.

**Stjórnarskrárbreytingar:**

- Allar breytingar á stjórnarskrá skuli samþykktar í þjóðaratkvæðagreiðslu, en samhliða verði fellt niður ákvæði um að samþykkja þurfi breytingarnar á Alþingi fyrir og eftir þingrof.


ATVINNULEIÐIN
ÚT ÚR KREPPUNNI





Vilmundur Jósefsson | Jóhanna Sigurðardóttir | Jóhann Jónasson | Sigríður Margrét Oddsdóttir | Guðmundur Þorbjörnsson | Ingibjörg G. Guðjónsdóttir | Rannveig Rist

Aðalfundur SA 2011 verður haldinn fimmtudaginn 7. apríl á Hilton Reykjavík Nordica og hefst opin dagskrá kl. 14.00.

OPIN DAGSKRÁ KL. 14-16
Ávarp Vilmundar Jósefssonar, formanns Samtaka atvinnulífsins
Ávarp Jóhönnu Sigurðardóttur, forsætisráðherra

ATVINNULEIÐIN ER FÆR
Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri 3X Technology
Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já
Guðmundur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri EFLU verkfræðistofu
Ingibjörg G. Guðjónsdóttir, stjórnarformaður Íslenskra fjallaleiðsögumanna

Fundarstjóri er Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi.

Skráning á www.sa.is

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

markhonnun.is

# netto
Kræsingar og kostakjör



## MELÓNUR GULAR
50% afsláttur
135 kr/kg
áður 269 kr/kg

# KRÆSINGAR OG **KOSTAKJÖR**



### SVÍNALUNDIR
FERSKAR
30% afsláttur
1.679 kr/kg
áður 2.398 kr/kg





### LAMBAKÓTELETTUR
FERSKAR
30% afsláttur
1.399 kr/kg
áður 1.998 kr/kg



### GRÍSAHRYGGUR M/PURU
FERSKUR
31% afsláttur
898 kr/kg
áður 1.298 kr/kg





### KORNFLEX
500 G
59% afsláttur
98 kr/pk.
áður 239 kr/pk.





### KJÚKLINGAVÆNGIR
TEX MEX
34% afsláttur
398 kr/kg
áður 598 kr/kg





### GRÍSAMÍNÚTUSTEIK
FERSK
30% afsláttur
1.259 kr/kg
áður 1.798 kr/kg

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.





### KLETTAGOS COLA/VATN
2L
179 kr/stk.
Frábært verð!





### ORKUDRYKKUR
250 ML
30% afsláttur
69 kr/stk.
áður 99 kr/stk.





### SALTSTANGIR
250 G
40% afsláttur
95 kr/pk.
áður 159 kr/pk.

### APPELSÍNUMARMELAÐI
400 G
179 kr/stk.
Frábært verð!

### BRUÐUR
300 G
29% afsláttur
198 kr/pk.
áður 279 kr/pk.

coop

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**Tilboðin gilda 7. - 10. apríl**
eða meðan birgðir endast

**FRÉTTASKÝRING:** Álitamálin eru mörg **8. hluti** icesave

# Hlekkir eða líflína?

**Fólk hefur sjálfsagt tíu ástæður til að segja já eða nei við Icesave. Eða hundrað. Margvísleg rök á báða bóga hafa komið fram, alveg frá því að málið varð það vandræðamál sem það er.**

Helsta grundvallarspurningin er þessi: eigum við að borga? Nei, segja margir enda standi ekki til þess lagaleg rök. Hinir sömu telja að út af fyrir sig þurfi ekki að ræða málið frekar en geta engu að síður talið upp fjölda röksemda til að styðja mál sitt.

Flestir þeirra sem segja já gera það ekki vegna þess að þeir meti lagaskylduna ljósa heldur telja þeir það rétt í pólitísku og efnahagslegu tilliti. Samþykkt auðveldi og flýti endurreisn samfélagsins. Andstæðingar samþykktar eru á hinn bóginn almennt þeirrar skoðunar að endurreisnin muni hafa sinn gang þótt Icesave verði fellt.

### Eignir og gengi

Álitaefnin við samninginn eru að sönnu mörg og talsverð óvissa ríkir um ýmsar hliðar hans. Stóra spurningin er hversu hár reikningurinn verður á endanum. Til eru dæmi sem sýna að íslenska ríkið muni, þegar upp verður staðið, engan kostnað bera og önnur sem sýna himinháan kostnað.

Tvennt ræður: virði eigna þrotabús Landsbankans og gengisþróun. Um hvort tveggja ríkir óvissa. Eignirnar eru þekktar og fyrir liggur mat skilanefndar bankans um hvað á endanum muni skila sér. Ekki er þó allt fast í hendi. Gengið er svo eins og veðrið, það er hægt að spá en ógjörningur að segja til um hvað endanlega verður.

Hagdeild ASÍ segir að þróist allt til verri vegar, heimtur úr búinu versni umtalsvert og gengið falli um 25 prósent geti kostnaður ríkissjóðs orðið rúmlega 200 milljarðar. Friðrik Már Baldursson hagfræðiprófessor bendir á hinn bóginn á að raungengi krónunnar sé nú 20 til 30 prósentum fyrir neðan meðaltal síðustu áratuga.

### Dómstólaleiðin

Verði Icesave-lögin felld í atkvæðagreiðslunni á laugardag blasir við að deilan fari fyrir dómstóla. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að hún telji að Íslendingum beri að ábyrgjast innstæður breskra og hollenskra sparifjáreigenda á Icesave-reikningunum að því ríflega tuttugu þúsund evra lágmarki sem Evróputilskipun um innstæðutryggingar kveður á um.

Fari málið fyrir dómstól EFTA og hann dæmir Íslendinga brotlega gagnvart EES-samningnum er ekki þar með sagt að okkur verði gert að greiða. Til að svo fari þurfa Bretar og Hollendingar að höfða sérstakt skaðabótamál fyrir íslenskum dómstólum, og auðvitað vinna það.

### Lánshæfi og pólitík

Vafamálin eru fleiri. Lánshæfismat ríkissjóðs, möguleikar íslenskra fyrirtækja á lánafyrirgreiðslu í útlöndum og vilji útlendinga til að fjárfesta á Íslandi eru allt veigamiklir þættir í áróðri já-sinna. Þeir telja allt þetta breytast til batnaðar með samþykkt.

Andstæðingarnir eru á öndverðum meiði. Þeir segja enga tryggingu fyrir þíðu í fjármálaheimum og þar með aukna fjárfestingu felast í samþykkt, þvert á móti þýði samningurinn auknar skuldir íslenska ríkisins sem kunni að virka neikvætt á umheiminn.

Pólitísk samskipti eru einnig undir. Íslendingar hljóta ævarandi skömm á alþjóðavettvangi ef ekki verður samið. Þeir standa ekki við orð sín og borga ekki skuldir sínar, segja fylgjendur. Á móti er sagt að ef samið verði hljóti Íslendingar ævarandi skömm á alþjóðavettvangi. Þeir verða taldar undirlægjur.

### Ítarefni

Af þessari stuttu samantekt má sjá að allt er þetta býsna snúið og sjálfsagt ekki einfalt mál fyrir alla að móta afstöðu til málsins.

Umræðan hefur líka verið hörð með afbrigðum og ekki alltaf hjálpleg. Í mörgum greinum og ræðum hefur fólk mátt moka sig í gegnum fúkyrðaflaum áður en það finnur sæmilega rökstudda skoðun eða gagnlegar upplýsingar. Á Vísi má finna fréttaskýringar Fréttablaðsins um málið, á alþingi.is eru helstu gögn þingsins um málið, fjármálaráðuneytið birtir efni á sínum vef og opinbera kynningarefnið sem Lagastofnun Háskóla Íslands vann er á kosning.is.

Stofnað var til Icesave í október 2006. Frá 2008 hefur málið verið vandamál, fyrst í bréfum og á fundum sem ekki þoldu dagsljósið, síðan sem ein harðasta milliríkjadeila sem Ísland hefur átt í. Á laugardaginn ræðst framhaldið.

**já** Fyrir mér snýst Icesave um miklu alvarlegri hluti en lögfræði og ég er ekki tilbúin að taka alla þessa áhættu þegar við erum komin með þennan frábæra samning í hendurnar.

**MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR**
FORMAÐUR SAMTAKA VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

**nei** Mér finnst að stjórnvöld, og þar með samninganefndin, hefði átt að láta gera svona mat fyrir löngu.

**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**
ÞINGMAÐUR SEM VILL ÓHÁÐ MAT Á EIGNASAFNI LANDSBANKA ÍSLANDS.

**já** Við teljum okkur örugga með að leggja mat slitastjórnarinnar á verðmæti þrotabúsins til grundvallar.

**JÓHANNES KARL SVEINSSON**
LÖGMAÐUR Í SAMNINGANEFND ÍSLANDS.

**nei** Við þurfum ekki að óttast dómstólaleiðina.

**SIGRÍÐUR ANDERSEN**
LÖGMAÐUR.



**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is




**nei** Til hvers í ósköpunum vorum við að ganga í EES þegar menn eru bara beittir þrýstingi þegar á reynir? … Ég held að menn geri sér svolítið barnalegar hugmyndir um fjandskap og vinsemd þjóða … Menn verða að hafa bein í nefinu til að vera óvinsælir. Við vorum ekkert vinsælir þegar við vorum að færa út fiskveiðilögsöguna. Þá var okkur úthúðað alls staðar og svo tóku aðrar þjóðir þetta upp.

**TÓMAS INGI OLRICH**
FYRRVERANDI ÞINGMAÐUR, RÁÐHERRA OG SENDIHERRA.

**já** Niðurstaða dómstóla getur verið með þrennum hætti. Við getum unnið málið. Við getum tapað málinu á þann hátt að við berum ábyrgð á því að fjármunir hefðu átt að vera til fyrir lágmarksgreiðslum innstæðutrygginga. Og í þriðja lagi getum við tapað því þannig að við höfum mismunað innstæðueigendum eftir því í hvaða útibúum þeir áttu peninga."

**LÁRUS BLÖNDAL**
LÖGMAÐUR Í SAMNINGANEFND ÍSLANDS.

**nei** Ef pundið fer í gengið sem var á móti evru árið 2007 eykst kostnaður samningsins um sem nemur 150 milljörðum króna án þess að íslenska krónan þurfi nokkuð að breytast.

**SIGURGEIR JÓNSSON**
HAGFRÆÐINGUR HJÁ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKINU ARAM GLOBAL

**já** Óbeini kostnaðurinn við að standa í svona málarekstri gagnvart viðskipta- og vinaþjóðum okkar skipti kannski ekki máli þegar um var að tefla hagsmuni upp á 500 milljarða króna, en hann skiptir máli þegar kostnaðurinn er 20 til 30 milljarðar.

**LÁRUS BLÖNDAL**
LÖGMAÐUR Í SAMNINGANEFND ÍSLANDS.

**nei** Samkvæmt mati Seðlabanka Íslands mun Icesve-skuldbinding þrefaldast ef gengi krónunnar fellur um 25 prósent. Sé gengi krónunnar skoðað í sögulegu samhengi er þess háttar veiking vel möguleg.

**JÓN HELGI EGILSSON**
HAGFRÆÐINGUR Í ADVICE-HÓPNUM.

**já** Ég held að gjaldeyrisáhættan sé minni háttar mál. Menn hafa eitthvað verið að stilla upp einangruðum dæmum, en þetta þyrfti að skoða inni í miklu stærra líkani … Núna eru líka miklu meiri líkindi á að gengið hækki en það lækki. Krónan er of lágt skráð.

**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**
PRÓFESSOR Í HAGFRÆÐI.

*Tilvitnanirnar eru úr fréttaskýringum Fréttablaðsins síðustu daga.*

## Hugtök og heiti tengd Icesave

**Eitt og annað hefur sprottið úr Icesave-farveginum. Til dæmis:**

**Lee C. Buchheit** - *Draumatengdasonur þjóðarinnar, þrátt fyrir aldur.*

**Dómstólaleiðin** - *Hugtak sem nú leikur í munni leikskólabarna.*

**Ragnars Hall-ákvæðið** - *Notað sem þung röksemd í málinu þótt aðeins örfáir skilji það.*

**Svavars-samningarnir** - *Segjum ekki meir.*

**Brussel-viðmiðin** - *Svipað og Ragnars Hall-ákvæðið. Helst Samfylkingarfólk sem þykist skilja það.*

**Lárus Blöndal** - *Vissi einhver hver hann var fyrir Icesave?*

**Skuldir óreiðumanna** - *Davíð á þennan, skuldlausan.*

**Þjóðaratkvæðagreiðsla** - *Við höfðum talað um hana lengi en ekkert gerðist fyrr en við Icesave.*

**TIF** - *Ekki þyrla í flota Landhelgisgæslunnar heldur Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.*

**Mervyn King** - *Þeir flottustu segja bara Mervyn.*

**20.887 evrur** - *Töm fjárhæð í munni þjóðarinnar.*

FRÁBÆRT FERÐAGRILL

LANDMANN





Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Grillflötur | 48 x 37 cm |
| Orka | 4Kw/h = 13.600 BTU |
| Stærð | B 103 x H 34 x D 52cm |
| Án hliðarborða | B 68 x H 34 x D 52cm |

Aukahlutir
Nr. 12068 - Efri grind
Nr. 1092 - Auka grillgrind
Nr. 12069 - Yfirbreiðsla
Nr. 12067 - Festing & tengi f. einnota kúta
Nr. 1056 - Þrýstijafnari f. hefðb. gaskúta
Nr. 12070 - Fitubakki
Nr. 1093 - Auka steikarplata

10% afsl. af grillum
20% afsl. af aukahl.
til félagsmanna

Eiginleikar
- 2 kraftmiklir brennarar auðvelda hitastjórnun
- hitamælir í loki
- Grillgrindur úr postulínsemaleruðu pottjárni
- Lok og grill úr áli (létt & ryðfrítt)
- tvær losanlegar hliðarhillur
- auðvelt að tengja við allar gerðir gaskúta



Vagn
- Mjög auðvelt að losa og festa grillið við vagninn
- Þægileg vinnuhæð (90cm)
- Gúmmíhjól auka hreyfanleika

www.grillbudin.is

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

# GJÖFIN ÞÍN AÐ VERÐMÆTI 16.000
# ER Í HAGKAUP!

Ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 4.900 kr.  eða meira dagana 7. -13. apríl er gjöfin til þín.*




Gjöfin þín að verðmæti 16.000 kr. inniheldur:

- Liquid Facial Soap Mild 50 ml
- DDML Gula kremið 30 ml
- Youth Surge SPF 15 Age Decelerating Dagkrem 15 ml
- High Impact Mascara 4g
- Superbalm moisturizing gloss 7ml
- 4 Colour Surge Augnskuggar

*Meðan birgðir endast.



## NÝTT
### Chubby Stick

Nýja, Chubby Stick Moisturising Lip Colour Balm er fullt af góðgæti á borð við mangó og afrískt smjörviðarkrem. Einmitt það sem þurrar og viðkvæmar varir þarfnast til að líða vel og vera mjúkar.

CLINIQUE
GÓÐ GJÖF

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÓDÝRT -FLJÓTLEGT ÞÆGILEGT

# Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 aðeins 998 kr.bakkinn

ÞARF AÐEINS AÐ HITA!







ROOKEE **NÚÐLUR** 85g **35** KR. PAKKINN

**NICKY**
**WC PAPPÍR**
12 RÚLLUR
**798** KR.PK







4 flöskur x 1.5 ltr.
**COCA COLA**
**659** KR.6 ltr




**ÍTALÍA**
**EXTRA VIRGIN OLÍA**
*Nú 750ml á sama verði*
**598** KR.750ml

**GEVALIA KAFFI MELLANROST**
*4000 pk. eftir á þessu verði*




**495** KR.500g




Neutral
ÞVOTTAEFNI 1,9 kg
**695** KR.1.9 kg



25% AFSLÁTTUR

**OS HEIMILISOSTUR**
*25% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ: 1221 KR.KG*
**916** KR.KG

# NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS



BÓNUS NÝBAKAÐAR
**KJALLARABOLLUR**
**198** KR.4 stk.



BAGUETTE BRAUÐ **129 KR.**STK

**BÓNUS KJARNABRAUÐ**




**BÓNUS KJARNABRAUÐ**
**179** KR.500g

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




298 KR.100g

LAMBHAGA SPÍNAT VISTVÆN ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

**Sérskorið ferskt Bónus lambalæri** þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því meira kjöt og minna bein á lærinu!



1359 KR.KG

ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ **FERSKT LAMBALÆRI**

**Sérskorið kryddað lambalæri** þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því meira kjöt og minna bein á lærinu!



1498 KR.KG

ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ **FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI**




1398 KR.PK



23 BESTU
hamborgarauppskriftirnar á einum stað
http://www.islandsnaut.is

ÍSLANDSNAUT 10 STK. x 100g
**FROSNIR UNGNAUTAHAMBORGARAR**




20% AFSLÁTTUR

1998 KR.KG

**FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS**
*MERKT VERÐ: 2498 KR.KG*

1998 KR.KG

**FERSKT UNGNAUTASNITSEL**
*MERKT VERÐ: 2498 KR.KG*

Caj-P.
**GRILLOLÍA 500ml**
GÓÐ Á LAMBAKJÖTIÐ
398 kr.





NORÐANFISKUR
**ÍSLENSK BLEIKJA**
BEINLAUS MEÐ ROÐI
1598 KR.KG





1298 KR.KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**



898 KR.KG

FERSKT **BLANDAÐ HAKK 100% KJÖT**

BÓNUS RISA
**PÁSKAEGG 1 KG.**

SAMA VERÐ OG Í FYRRA
**1998** KR.STK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# neytendur
*hagur heimilanna*

**6,2% LÆKKUN** hefur orðið á kílóverði eggja milli febrúarmánaða í ár og árið 2001. Vísitöluleiðrétt kílóverð var þá 641,8 krónur, en var samkvæmt tölum Hagstofunnar 602 krónur í febrúar síðastliðnum.

**NEYTANDINN:** ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR SÖNGKONA

## *Fékk forláta borð á slikk*

Söngkonan Ellen Kristjánsdóttir velkist ekki í vafa þegar hún er spurð út í verstu kaupin sem hún hafi gert. Hún er í þeirri aðstöðu, eins og margir aðrir, að verstu kaupin er bíllinn hennar, en hún segir að hann hafi alls ekki staðið undir væntingum.

„Þetta er Renault-bifreið sem ég keypti á erlendu láni árið 2005, en hann er mjög gallaður og alltaf að bila. Því miður. Mér þykir mjög vænt um bílinn minn, en hann er ekki búinn að reynast mér nógu vel."

Bestu kaupin segist Ellen hins vegar hafa gert í Góða hirðinum þar sem hún fjárfesti í, því sem síðar reyndist, forláta mublu á frábæru verði.

„Þar fékk ég borð eftir danska hönnuðinn Börge Mogensen. Það er rosalega fallegt og ég vissi ekki að væri eftir þennan hönnuð þegar ég keypti það. Ég fékk það á slikk, en svo reyndist það vera mjög verðmætt."



## GÓÐ HÚSRÁÐ Saltstaukurinn

*Hrísgrjón gera gæfumuninn*



Flestir kannast við það þegar saltið í saltstauknum situr sem fastast og ekkert gerist, sama hvað þú hristir mikið. Til að koma í veg fyrir slík leiðindi er gott að setja nokkur ósoðin hrísgrjón með í staukinn næst þegar þú fyllir á. Hrísgrjónin draga í sig mesta rakann og halda saltinu þurru. Einnig hjálpa hrísgrjónin til við að losa saltið ef það er byrjað að festast saman.






**BASILPLÖNTUR** Þessar basilplöntur eru komnar með fjögur blöð og því er búið að prikla þeim í stök hólf. Hafa skal í huga að basil er eina algenga kryddjurtin sem ekki þolir íslenska veðráttu og verður að hafa innandyra. NORDICPHOTOS/GETTY

# Heimaræktað er ódýrara og laust við öll eiturefni

**Sól er tekin að hækka á lofti og tími kominn til að dusta rykið af garðyrkjuhönskunum. Ef sólríkur gluggi er á heimilinu er tilvalið að kaupa sáðbakka og prófa sig áfram með heimaræktun á matjurtum. Það er ódýrara og svo veist þú hvaðan maturinn þinn kemur.**

„Það er mjög fátt sem ekki er hægt að rækta á Íslandi ef maður gerir það rétt," segir Heiður Agnes Björnsdóttir tómstundaræktandi. Heiður hefur ræktað sitt eigið grænmeti og krydd í mörg ár og heldur nú námskeið í Heilsuhúsinu um ræktun mat- og kryddjurta.



**HEIÐUR AGNES BJÖRNSDÓTTIR**

Hún segir alla geta ræktað heima, einungis þurfi að fara yfir örfá undirstöðuatriði áður en hafist sé handa.

„Nú er tíminn til að forsá. Svo er hægt að færa plönturnar út í apríl eða maí, allt eftir veðri," segir Heiður. Ekki þarf að forrækta allt, mörgum plöntum er best að sá beint á ræktunarstað úti í garði eða á svölum.

Allar helstu garðyrkjuverslanir selja sáðbakka, sáðmold og fræ. Þegar búið er að fjárfesta í þessu þrennu þarf bara að sá og muna að vökva. Heiður segir algengustu mistök ræktenda vera þau að gleyma að vökva fræin, sem eigi alltaf að vera rök en þó ekki of blaut.

Heiður segir óskaplega einfalt að forrækta grænmeti og kryddjurtir. Það er gert annars vegar til að fá uppskeru snemma, hins vegar til þess að gera fólki kleift að rækta matjurtir sem annars næðu ekki þroska á íslensku sumri, t.d. fennel og sellerí.

Á undanförnum árum hefur Íslendingum vaxið þor í að prófa að rækta óhefðbundnari tegundir en áður. Heiður ræktar til að mynda sellerí, fennel, lauka af öllu tagi, spínat, rúkóla, kóríander, rósmarín, timjan, salvíu, spínat, hvítlauk, chili-pipar, baunir, hindber og jarðarber, svo eitthvað sé nefnt.

## Verkefnalisti fyrir heimaræktendur

Verðdæmi á garðyrkjuvörum til sáningar:
- Fræ: Á bilinu 170 krónur til 399 krónur
- Sáðmold: 599 krónur (10 lítrar) og 399 krónur (5 lítrar)
- Sáðbakkar: 1.699 krónur til 1.990 krónur

Geymslutími fræja er um þrjú til fimm ár og best er að geyma þau í bréfinu eða poka á köldum og dimmum stað.



**Sáning**
Setjið sáðmoldina í sáðbakka. Þjappið létt, vökvið rétt yfir moldina og stráið fræjunum yfir moldina, ekki of þétt. Stærri fræjum er hægt að sá beint í hólfin á bökkunum og sáldra fínlegri mold létt yfir þau.

**Hitastig, raki og birta við spírun**
Góður spírunarhiti á að vera 18 til 23 gráður. Flest fræ þurfa ekki birtu á meðan spírun stendur. Mátulega mikill og jafn raki er nauðsynlegur meðan á spírun stendur. Þó má moldin ekki verða of blaut. Loftskipti verða þegar plastinu er lyft af öðru hvoru. Strax eftir spírun þurfa plönturnar að fá góða birtu.

**Hitastig, raki og birta í ræktun**
Hiti á bilinu 10 til 18 gráður. Gott er að hafa góða birtu en varast skal mikla beina sól. Vökvið oft en lítið í einu, eða úðið moldina reglulega.

**Dreifsetning - priklun**
Þegar smáplönturnar hafa fengið þrjú til fjögur laufblöð er rétt að dreifsetja þær í hólfaða bakka eða potta. Gott er að hafa priklpinna eða bara blýant. Stungið er niður með litlu plöntunni og ýtt varlega undir rótina og hún losuð frá hinum smáplöntunum. Ný gróðurmold er sett í hólfaða bakka eða potta, vökvað létt yfir, pinnanum stungið niður í hann og gerð hola með pinnanum, plantan sett í holuna, moldinni ýtt varlega að og vökvað örlítið yfir.

**Herðing**
Áður en plönturnar eru settar út að vori er gott að venja þær við. Til að mynda er hægt að flytja þær á svalari stað, inn í bílskúr, gróðurhús eða vermireit, í fimm til tíu daga. Plöntunum má svo planta út um miðjan maí.

*Heimild: Blómaval*

## Algengustu kryddjurtirnar sem má forsá núna

| Íslenskt heiti | Latneskt heiti | Annað |
|---|---|---|
| Basil | *Ocimum basilicum* | Eina jurtin sem ekki þolir að vera úti. |
| Dill | *Anethum graveolens* | Hægt að sá beint út í pott eða beð. |
| Garðablóðberg | *Thymus vulgaris* | Einnig þekkt sem timjan. Fjölær og harðger. |
| Graslaukur | *Allium schoenoprasum* | Ein algengasta íslenska kryddjurtin. Fjölær. |
| Kóríander | *Coriandrum sativum* | Hraðvaxta. Hægt að sá beint út. |
| Mynta | *Mentha spp.* | Ein harðgerasta kryddjurtin. Fjölær. |
| Oreganó | *Origanum vulgare* | Nokkuð harðger hérlendis. |
| Rósmarín | *Rosmarinus officinalis* | Hægvaxta runni. Notað mikið í snyrtivörur. |

Allar kryddjurtir þola íslenska veðráttu, að undanskildu basil, sem er nauðsynlegt að halda innandyra í góðri birtu.

„Mín hugmyndafræði gengur út á að kenna þessi grundvallaratriði til þess að fólk þori að leggja af stað. Þetta er nefnilega ekkert flókið," segir Heiður. „Það er fernt sem plönturnar þarfnast: Birta, vatn, næring og pláss. Það er hægt að fá ótrúlega uppskeru með því að hafa þetta í huga."

sunna@frettabladid.is


GÁÐU HANDAN VIÐ HORNIÐ
Bíldshöfði 8
Brimborg lofar að einbeita sér að því að aðstoða þig við að kaupa vöru, þjónustu og hugarfar Brimborgar
Kafaðu dýpra þegar þú kaupir notaðan bíl. Gerðu ríkar kröfur. Gáðu hvað er handan við kaupverðið. Hafðu í huga að þú kaupir miklu meira en bara bílinn. Brimborg lofar að einbeita sér að því að hjálpa þér að kaupa. Þannig færðu meira en bara bíl. Þú færð alla þá þjónustu og öryggi sem þú krefst. Þú velur ábyggilega öruggan stað að vera á. Bíldshöfði 8 er því sannkallað sæluhús. Og mundu, handan við hornið eru tvö önnur sæluhús, Ford og Volvo, Bíldshöfða 6 og Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.
Gerðu kröfur til okkar
Komdu í Brimborg í dag
Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is
Mazda 3 Touring Plus (VE799)
1,6i bensín 105 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 12/2006. Ek. 73.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 183 g/km
Gáðu: 1.690.000 kr.
Mazda 6 Touring (KG873)
2,0i bensín 147 hö
Station sjálfskiptur
Skrd. 09/2007. Ek. 54.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 207 g/km
Gáðu: 2.420.000 kr.
Mazda 6 Advance (YKN15)
2,0i bensín 146 hö
4 dyra sjálfskiptur
Skrd. 06/2008. Ek. 49.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 182 g/km
Gáðu: 2.980.000 kr.
mazda
Mazda 5 Advance (ZTY32)
2,0i bensín 146 hö 7 sæta.
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 06/2008. Ek. 38.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 198 g/km
Gáðu: 2.590.000 kr.
Mazda 3 Touring (SZ391)
1,6i bensín 105 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Skrd. 04/2007. Ek. 68.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 162 g/km
Gáðu: 1.610.000 kr.
Spurðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar Bíll er ekki bara bíll. Bíllinn þinn er miklu meira en vélknúið ökutæki. Bíllinn er staður tómstunda, ævintýra eða jafnvel vinnu. Þú reiðir þig á að bíllinn sé í lagi. Bíll er ekki bara bíll. Bíll þarf umhirðu, viðhald, þjónustu, bílastæði og margt fleira. Brimborg er hinsvegar með þér alla leið. Þú færð bílinn, þjónustuna, þrifin, dekkin, viðgerðir og ráðgjöf um hvað hentar þér. Þú færð... tækifæri til að sinna þínu lífi. Við sinnum bílnum. Fyrir þig.
Með þér alla leið
CITROËN
Citroën C4 Saloon Comfort (TM223)
1,6i bensín 110 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Skrd. 04/2006. Ek. 76000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 169 g/km
Gáðu: 1.140.000 kr.
Citroën Berlingo MSP (KVN67)
1,6i bensín 110 hö
5 dyra beinskiptur
Skrd. 11/2007. Ek. 74.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 177 g/km
Gáðu: 1.460.000 kr.
Citroën C5 SX (RD530)
2,0i bensín 143 hö
Station sjálfskiptur
Skrd. 11/2007. Ek. 57.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 206 g/km
Gáðu: 2.290.000 kr.
Citroën C3 SX (SO553)
1,4i bensín 75 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Skrd. 11/2006. Ek. 60000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 145 g/km
Gáðu: 1.170.000 kr.
Citroën C4 Picasso (RGK11)
2,0i bensín 143 hö
5 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, nálægðarskynjari aftan
Skrd. 06/2008. Ek. 43.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 190 g/km
Gáðu 2.530.000 kr.
Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is
Finndu okkur á fasbókinni
visthæf skref með Brimborg
Við hjálpum þér að kaupa bíl í dag.
Gáðu að verði. Komdu í Brimborg.
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Icesave er lítið brot af reikningnum sem skattgreiðendur sitja uppi með vegna bankahrunsins.

## Elítusjónarmiðin

Því er gjarnan haldið fram í umræðum um Icesave-samninginn að það sé ósanngjarnt að skattgreiðendur þurfi að greiða skuldir sem einkaaðilar stofnuðu til. Þess vegna sé það prinsippmál að segja nei við samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Það er alveg rétt að lítil sanngirni er í því að almenningur skuli þurfa að taka á sig skuldbindingar vegna falls einkafyrirtækisins Landsbankans. En við höfum þegar axlað gífurlegar byrðar vegna falls hinna einkareknu banka.

Í fréttaskýringu hér í blaðinu í gær voru bornar saman nokkrar stærðir. Samninganefnd Íslands telur að kostnaðurinn við Icesave-samninginn verði um 32 milljarðar. Hann gæti orðið minni, jafnvel enginn, og hann gæti orðið meiri. Endurfjármögnun hinna föllnu banka hefur hins vegar nú þegar kostað skattgreiðendur 210 milljarða króna. Endurfjármögnun Seðlabankans, til komin vegna gjaldþrots hans sem var afleiðing gífurlegra lánveitinga til bankanna gegn ótryggum veðum – sem rannsóknarnefnd Alþingis átaldi í skýrslu sinni – hefur kostað okkur 166 milljarða. Beinn kostnaður skattgreiðenda af bankahruninu er líklega um 468 milljarðar, fimmtánföld sú upphæð sem spáð er að Icesave-samningurinn kosti okkur.

Að leggja þessar byrðar á skattgreiðendur getur seint talizt sanngjarnt en það hefur engu að síður verið talið nauðsynlegur þáttur í endurreisn fjármálakerfis og efnahagslífs landsins. Engin nei-hreyfing hefur orðið til gegn þessum skuldbindingum og engin víðtæk krafa um að þjóðin taki afstöðu til þeirra í almennri atkvæðagreiðslu. Með Icesave-samningnum næst friður við nágrannaríki okkar, greitt verður fyrir aðgangi Íslands að lánsfé og fjárfestingum og þar með áframhaldandi uppbyggingu. Er það prinsippmál að neita að standa við þann samning, af því að í Icesave-málinu var líka svínað á útlendingum, en ekki bara Íslendingum?

Reikningurinn fyrir bankahrunið er tilkominn vegna athafna eigenda og stjórnenda bankanna en þó ekki þeirra einna. Rannsóknarnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að íslenzkir stjórnmálamenn, embættismenn og eftirlitsstofnanir hefðu einnig brugðizt. Það átti við í Icesave-málinu eins og mörgum öðrum. Þannig var skortur á eftirliti með Landsbankanum vegna Icesave eitt af því sem rannsóknarnefndin tilgreindi sérstaklega sem vanrækslu bankastjóra Seðlabankans.

Það var með öðrum orðum íslenzka viðskipta- og stjórnmálaelítan, sem brást hlutverki sínu og steypti þjóðinni í útgjöld og skuldir. Það tekur eiginlega út yfir allan þjófabálk þegar sumir af þeim sem þá héldu um valdataumana láta í það skína að annarleg sjónarmið „elítunnar“ í landinu liggi að baki málflutningi þeirra sem hvetja til að gengið verði frá litlu broti af reikningnum og bætt fyrir mistök þeirra sem klúðruðu íslenzka fjármálaundrinu svo herfilega.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ábyrgðarleysið

Benedikt Erlingsson leikhúsmaður er með hressilegri samfélagsgagnrýnendum. Á Rás 2 í gærmorgun ræddi hann meðal annars um þann fjanda sem ábyrgðarleysið í samfélaginu er. Enginn ber ábyrgð á neinu. Tók hann tvö dæmi: Ragnar Önundarson og Björgólf Thor Björgólfsson. Ragnar bar ekki ábyrgð á samkeppnislagabroti kortafyrirtækjanna af því að hann (að eigin sögn) var bara forstjóri. Ábyrgðin var eigendanna, sagði hann. Björgólfur á hinn bóginn ber ekki ábyrgð á Icesave af því að hann (að eigin sögn) var bara eigandi Landsbankans. Ábyrgðin er bankastjóranna, segir hann.



### Hugmynd

Af þessum kyndugu skýringum hafði Benedikt nokkurt gaman, þótt fyrirlitningin væri greinileg. Enda lauk hann máli sínu með því að leggja til að þeir Björgólfur og Ragnar tækju saman höndum og stofnuðu fyrirtæki. Björgólfur yrði eigandi og Ragnar forstjóri. Hvorugur bæri ábyrgð á nokkrum sköpuðum hlut og braut velgengninnar því bein og breið.



### Á borgarstjórnarfundi

Jón Gnarr: „Mogginn er vondur við mig.“ Hanna Birna: „Með því að segja þetta ert þú vondur við fólkið á Mogganum.“ Þorbjörg Helga: „Hættu bara að lesa Moggann.“ Sóley: „Þú hefur ekki efni á að tala um að aðrir séu vondir við þig, þú ert sjálfur með sjónvarpsþátt.“ Jón: „Nú ert þú Sóley að verja Moggann.“ Sóley. „Nei, ég er ekki að verja Moggann.“

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Börn með byssur

Utanríkismál



Stefán Ingi Stefánsson

framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Allt það skelfilega sem hendir fullorðna á átakasvæðum kemur einnig fyrir börn. Börn særast, látast, flýja, leita skjóls í flóttamannabúðum, verða fyrir hroðalegum ofbeldisverkum, missa heimili sín – berjast jafnvel sjálf. Fregnir hafa borist af því að börn séu á meðal þeirra sem eru undir vopnum í Líbíu, á meðal uppreisnarhópa og mögulega í stjórnarher landsins. Þetta eru alvarlegar fréttir. Annað er enn sorglegra: Vopnuð börn í Líbíu eru síður en svo einsdæmi. Börn eru flækt inn í stríðsátök í á þriðja tug átakasvæða.

Börn eru börn og einmitt þess vegna eiga þau samkvæmt alþjóðalögum að njóta sérstakrar verndar. Þrátt fyrir það enda þau alltof oft hjá vopnuðum hópum – stúlkur sem drengir. Auk þess að taka þátt í átökum eru börn í herjum meðal annars notuð sem burðarmenn og innan herflokkanna eru þau oft beitt kynferðislegu ofbeldi.

Hver sá sem ekki er orðinn 18 ára telst samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum vera barn. Í bókun við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að aðildarríki skuli tryggja að börn séu ekki skylduð til herþjónustu. Aðrir vopnaðir hópar en ríkisherir mega ekki undir nokkrum kringumstæðum skrá þá sem ekki eru orðnir 18 ára í sinn flokk – hvað þá að beita þeim í hernaðarátökum. Árið 2002, í tengslum við Alþjóðlega sakamáladómstólinn, varð að stríðsglæp að nota börn undir 15 ára aldri í herþjónustu. Það er með öðrum orðum glæpur sem alltaf er refsiverður í stríði.

UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, hefur þungar áhyggjur af lífi og velferð barna í Líbíu. Eftir því sem átökin dragast á langinn fá fréttir þaðan hins vegar smám saman minna vægi. Nú þegar hafa fréttir frá Líbíu færst aftar í íslenskum fréttatímunum. Hvernig verður það eftir tvær vikur, mánuð, tvo mánuði? Eitt er víst: Börn í Líbíu munu þurfa aðstoð löngu eftir að þau eru horfin úr íslenskum fréttatímum.

UNICEF á Íslandi stendur fyrir neyðarsöfnun til styrktar þessum börnum. Markmiðið er að styrkja hjálparstarf UNICEF á svæðinu en fræðast má um söfnunina á www.unicef.is. Nýjustu fregnir herma að börnum hafi enn fjölgað í hópi þess flóttafólks sem flúið hefur yfir landamærin. Stöndum þétt að baki börnum í Líbíu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Íslenzkt stjórnarfar: Tveir vinklar

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
prófessor



Um daginn rifjaðist upp þessi ræðubútur:

„Til mín komu á dögunum tveir framsæknir vísindamenn … Þeir vildu kynna nýja hugmynd sína. Hún var sú að gera Ísland að útflutningsvöru, eins og þeir orðuðu það. Ég verð að kannast við, að í fyrstu skildi ég hvorki upp né niður í því, hvað þeir væru að fara. En þeir skýrðu hugmynd sína með eftirfarandi hætti. Við höfum borið íslenskt stjórnarfar saman við það sem annars staðar gerist og það fer ekki á milli mála, að Íslandi þykir betur stjórnað og af meiri hagkvæmni og skilvirkni en annars staðar þekkist. Þeir flýttu sér að bæta því við, að þetta hefði ekkert með núverandi stjórnmálamenn landsins að gera. Ísland, sem lítið land, hefði hreinlega neyðst til þess að hafa skilvirkara og þar með ódýrara stýrikerfi á sínum málum en ríkari og fjölmennari þjóðir. Væri raunar sama hvar niður væri borið í stjórnsýslunni, og nefndu vísindamennirnir til sögunnar dóms- og lögreglukerfi, utanríkisþjónustu, félags- og heilbrigðismál, verklegar framkvæmdir, aðgang borgaranna að stjórnkerfinu og málshraða á öllum sviðum.“ Ég kímdi. Þetta var á gamlárskvöld 1998. Ég var að hlusta á áramótaávarp forsætisráðherra í sjónvarpinu.

Þegar ég skömmu síðar rakst á ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, gamlan kunningja minn og samstarfsmann, úti í bakarí, þetta var á Seltjarnarnesinu, spurði ég hann í mesta bróðerni, hvaða framsæknu vísindamenn ráðherrann hefði fengið í heimsókn. Ráðuneytisstjórinn fór undan í flæmingi. Ég sendi honum að loknum hátíðum skriflega fyrirspurn um málið. Mér barst ekki svar.

### Dómur RNA um stjórnsýsluna

Rannsóknarnefnd Alþingis (RNA) dró aðrar ályktanir um íslenzkt stjórnarfar en þær, sem forsætisráðherrann fyrrverandi lýsti í gamlársræðu sinni 1998. Við skulum grípa niður í 8. bindi skýrslu RNA frá í fyrra (Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008), en það bindi skýrslunnar hefur ekki enn vakið þá eftirtekt sem vert væri. Þar stendur orðrétt meðal annars:

■ Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn brugðust meginhlutverkum sínum í aðdraganda bankahrunsins. Eftirliti með einstökum fjármálastofnunum var verulega áfátt (bls. 131)

■ Efla þarf fagmennsku og stórbæta vinnubrögð innan stjórnsýslunnar … Stjórnmálamenn og embættismenn þurfa að setja sér siðareglur … Efla þarf þá hugsun meðal stjórnmálamanna að starf þeirra er öðru fremur þjónusta við almannaheill. … Takmarka þarf pólitískar ráðningar innan stjórnsýslunnar. Skerpa þarf ákvæði um ráðherraábyrgð … (bls. 152)

■ Setja þarf skýrar reglur um styrki til stjórnmálamanna og um gagnsæi í bókhaldi stjórnmálaflokka. Leita þarf leiða til þess að draga skýrari mörk á milli fjármálalífs og stjórnmála. Ekki er líðandi að gæslumenn almannahagsmuna gangi erinda einkafyrirtækja með þeim hætti sem gert var í aðdraganda bankahrunsins (bls. 170)

■ Skýra þarf hlutverk forseta Íslands mun betur í stjórnarskránni. … Æskilegt væri að forsetaembættið setti sér siðareglur (bls. 178)

■ Íslensk stjórnmálamenning er vanþroskuð og einkennist af miklu valdi ráðherra og oddvita stjórnarflokkanna. … Skortur á fagmennsku og vantrú á fræðilegum röksemdum er mein í íslenskum stjórnmálum. Andvaraleysi hefur verið ríkjandi gagnvart því í íslensku samfélagi hvernig vald í krafti auðs hefur safnast á fárra hendur og ógnað lýðræðislegum stjórnarháttum. (bls. 184)

■ Leita þarf leiða til þess að styrkja siðferðisvitund stjórnmálamanna … Draga þarf úr ráðherraræði … Taka þarf stjórnarskrána til skipulegrar endurskoðunar í því skyni að treysta grundvallaratriði lýðræðissamfélagsins og skýra betur meginskyldur, ábyrgð og hlutverk valdhafa. (bls. 184)

### Stjórnarskráin og hrunið

Skýrsla RNA setur endurskoðun stjórnarskrárinnar í skýrt samhengi við hrunið. Þeir, sem berjast af mestri hörku gegn endurskoðun stjórnarskrárinnar, líta líklega enn svo á, að Íslandi sé „betur stjórnað og af meiri hagkvæmni og skilvirkni en annars staðar þekkist“. Brýna nauðsyn ber til, að skýrsla RNA sé öll þýdd á ensku til fróðleiks handa útlendingum.

# Að bera fyrir sig börn

Icesave

Finnur Þór Vilhjálmsson
lögfræðingur



Umræðan um Icesave hefur reynst frjó að einu – og aðeins einu – leyti: hjá sumum virðist hún alltaf enda með barni.

Í Icesave-umræðunni hefur töluvert borið á misyfirveguðum upphrópunum um Börnin – með stórum staf. Varð þessi þróun að yfirlögðu ráði eða bara óvart? Hver ákvað að Börnin skyldu dregin burt úr sínu náttúrlega umhverfi, ef svo má segja, og gerð að bitru vopni í öðrum hverjum leðjuslag eða hitamáli sem í gangi er þá og þá stundina?

Jújú, Icesave varðar vissulega framtíðarfjárskuldbindingar þjóðarinnar, reyndar sífellt minna ef marka má nýjustu tölur. En mörg mál eru því marki brennd, og það mun fremur en Icesave, eins og ýmsir hafa bent á. Við tölum um alls konar hluti sem varða bæði framtíð og skuldir þjóðarinnar, saman eða í sitt hvoru lagi, sem og ýmsar aðrar meginstoðir og -málefni samfélagsins, án þess að Börnin séu einlægt dregin inn í málið með þeim eindregna hætti sem tíðkast hefur í þessu máli. Og almennt séð, ef horft er á mál úr nógu mikilli hæð, má þá ekki yfirleitt einhvern veginn komast að banalli en þó rökstuddri niðurstöðu að þau snúist endanlega með einum eða öðrum hætti um hag barnanna?

Að tala um börn er góð skemmtun, en á kannski ekki alls staðar jafnvel heima. Hvers vegna allt þetta barnatal í Icesave-umræðunni?

Svarið er svo sem engin nýlunda en þolir endurtekningu: Börnin eru hér nýtt sem tilfinningalegir Trójuhestar. Þau eru stýriflaugar fyrir áróður. Með þeim er komið við kvikuna í fólki. Þau eru hergagn, klippt og skorið.

Þeir sem óðast berja þessa bumbu þykjast heilagri en aðrir en hitta því miður varla nema sjálfa sig fyrir.

Að lágmarki, alveg fyrir utan hversu viðeigandi þessi orðræða þykir: Má sættast á að hún hafi gengið agnarögn of langt? Hún fór til þess að gera pent af stað með tali um litlar herðar og stórar byrðar, þróaðist svo í fjálglegra myndmál um sligun og hlekki og þess háttar. Nú hafa útvarpsauglýsingar básúnað beinum hliðstæðum við barnaþrælkun, barnaánauð, barnasölu til forna. Barnaþetta, barnahitt – grófustu senum er fleygt upp fyrir fólki, allt í þágu málstaðarins. Eða var það ef til vill bara grínaktugur gjörningur, absúrdleikhús?

Eins og fjögurra ára sonur vina minna sagði við mig um síðustu helgi, eftir það sem hann taldi fremur þunnt spaug af minni hálfu: Fyrirgefðu – en sérðu mig brosa?

Þau taki það til sín sem vilja, í Icesave og reyndar fleiri málum sem reynt hefur verið að barnvæða umfram eðli þeirra og/eða réttmætt tilefni:

Í fyllstu vinsemd, með glassúr og glimmer, í málum sem snerta þau ekki sérstaklega eða varla umfram svo ótalmargt annað varðandi fjármál og framtíðina – gætuð þið látið vera að bera börnin fyrir ykkur?


Ert þú á réttri hillu?

Kíktu í útgáfuboð bókarinnar ***Á RÉTTRI HILLU - Leiðin til hamingju í lífi og starfi*** eftir Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur, í verslun Eymundsson á Skólavörðustíg kl. 17 í dag. Allir velkomnir!

Ertu á réttri hillu í lífinu? Ertu að fást við það sem hentar þinni manngerð og nýta hæfileika þína til fulls? Ertu að leita að nýjum starfsvettvangi? Í þessari aðgengilegu bók er fjallað um það hvernig hægt er að rýna í sjálfan sig og finna út frá nokkrum grunnþáttum hvar hæfileikarnir liggja.

„Ákaflega skýr og skemmtileg bók sem skilur lesandann eftir með kollinn fullan af spennandi hugmyndum og hugsunum.“
*Felix Bergsson, leikari og dagskrárgerðarmaður*

„Lesandanum er boðið upp á skemmtilegt og nauðsynlegt ferðalag um sjálfan sig sem eykur ánægju og hamingju hvers og eins.“
*Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar Capital*

Tilboðið gildir til 13. apríl 2011.




2.999 kr.
Áður ~~3.999~~ kr.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Gætum réttar okkar, segjum nei við Icesave III

Icesave
Björn Bjarnason
fyrrum ráðherra



Sunnudaginn 16. nóvember 2008 ritaði ég á vefsíðu mína bjorn.is:

„Tilkynnt var undir kvöld, að samkomulag hefði tekist milli íslenskra stjórnvalda og Evrópusambandsins vegna IceSave reikninganna. Um það hefur verið deilt, hvernig háttað er ábyrgðum á innistæðureikningum samkvæmt Evrópugerð, sem snertir bankaviðskipti yfir landamæri. Evrópusambandinu er mikið í mun, að enginn vafi ríki um þessa ábyrgð. Vandi okkar Íslendinga er, að Evrópugerðin er óljós og þar er alls ekki tekið mið af því, að heilt banka- eða fjármálakerfi hrynji eins og hér gerðist.

Sé vafi um ábyrgð á grundvelli þessarar gerðar, vegur hann að trausti á allri bankastarfsemi á evrópska efnahagssvæðinu. Samningsstaða Íslands er því sterk í málinu, þótt þrengt sé að hagsmunum landsins með því að tengja IceSave óskyldum málum. Þeir, sem til slíkra ráða grípa, treysta ekki á eigin málstað. Þegar samið er, hafa báðir nokkuð til síns máls. Ég hef aldrei hallast að þeirri skoðun, að samningar séu svik, þegar deilur milli ríkja eru leystar. Mér heyrist örla á því sjónarmiði í gagnrýni stjórnarandstöðu á samninginn um Ice-Save.

Það er siðaðra þjóða háttur að ljúka deilum með samkomulagi – hins vegar má ekki greiða samninga of dýru verði eða afsala sér rétti til að halda lagaskilyrðum til haga og nýta lögfræðilega túlkun til hins ýtrasta.“

Benedikt Jóhannesson, ritstjóri og stærðfræðingur, vitnar til tveggja lokaefnisgreina þessarar dagbókarfærslu minnar í grein í Fréttablaðinu 6. apríl til stuðnings þeirri skoðun sinni að segja beri já við Icesave III lögunum. Einhverjir lesendur blaðsins kunna að ætla af grein hans, að ég sé einnig já-maður ESB, Breta og Hollendinga. Því fer víðs fjarri.

Frá því að ég ritaði ofangreind orð hefur sífellt orðið skýrara í huga mínum hve brýnt er að rekja þann þráð til enda sem er grunntónn þess sem ég sagði 16. nóvember 2008 og snýr að hinum lagalega rétti okkar Íslendinga. Stjórnvöld hafa því miður ekki borið gæfu til að standa vörð um hann. Undir forystu Steingríms J. Sigfússonar og Svavars Gestssonar var blásið á lögfræðileg sjónarmið og komist að „glæsilegri niðurstöðu“, svo að vitnað sé í orð Steingríms J. um afrek Svavars. Síðan hefur Steingrímur J. verið fastur í þessu fari eins og Icesave III ber með sér. Ég hvet eindregið til þess að þjóðin segi nei í atkvæðagreiðslunni 9. apríl.

Málflutningur dregur dám af málstaðnum. Að já-maðurinn Benedikt Jóhannesson kjósi að bregða upp rangri mynd af skoðun minni á Icesave-málinu og segja það gert í nafni siðsemi og skynsemi dæmir sig sjálft.

# Atkvæðagreiðsla um Icesave

Icesave
Guðmundur W. Vilhjálmsson
lögfræðingur



1. Tvær sendinefndir hafa farið á fund Breta og Hollendinga til að semja um kröfur þeirra um að Íslendingar greiði það sem kallast Icesave-skuldir. Samningsuppkastið sem fyrri sendinefndin kom með var slæmt og óréttlátt. Það samningsuppkast var keyrt gegnum Alþingi af stjórnarmeirihlutanum við mótmæli bæði innan þings og utan. Þegar til staðfestingar forseta kom, hafnaði hann hennar vegna mikils fjölda skriflegra mótmæla.

Seinni sendinefndin var send út undir forsæti reynslumikils lögfræðings í milliríkja deilumálum, Lee Buchheit. Kom sú sendinefnd heim með samningsuppkast sem allir voru sammála um að væri mun betra og að mikill árangur hefði verið af þeirri för enda faglegar tekið á málum. Ekki er talið að lengra verði komist í samningum við Breta og Hollendinga. Fór svo að 70 % þingmanna á Alþingi samþykkti lög til staðfestingar á samningnum. Var það óvenju hátt hlutfall samþykkis í umdeildu máli. Virtist sem komin væri á ró í samfélaginu og að betra yrði að sinna öðrum knýjandi málum. Á þessu stigi hafnaði forsetinn enn að undirrita lögin. Taldi hann, að mér skilst, að sér bæri enn að leita til þjóðarinnar til samþykktar á lögunum, að þjóðin sem löggjafi, sem reyndar hafði upphaflega framselt löggjafarvald sitt til Alþingis, þyrfti enn að samþykkja þau. Frekari samningsviðræður eru útilokaðar.

Þess vegna er ég ákveðinn að segja já við atkvæðagreiðsluna og samþykkja gjörðir Alþingis.

**2.** Við eigum ekki að borga skuldir óreiðumanna! Þetta er allt kapitalismanum og frjálshyggjunni að kenna! En hvað er kapitalismi? Hann er jafngamall sögu viðskipta í heiminum. Það er kapitalismi þegar maður á Hornafirði rekur fiskverslun og selur góðan humar. Gamla Guðjohnsensverslunin á Húsavík var rekin á kapitalískum grunni. Svo er einnig þegar gullsmiður við Laugaveg selur skartgripi sína. Bæjarútgerð er hins vegar ekki kapitalismi. Það er ekki kapitalismi þegar banki er rændur innan frá, eins og hér gerðist, eða utan frá.

Að sjálfsögðu þarf að leggja hömlur á kaptalismann með lögum og skírri refsilöggjöf eins og annað í mannsins framkvæmdum. Hindra þarf að auðhringar komist í einokunaraðstöðu. Í landi kapitalismans, Bandaríkjunum, var olíurisanum Standard Oil þegar árið 1911 gert að að brjóta upp olíusamstæðuna og hluta niður í fjölda smærri fyrirtækja sem síðar fóru í harða samkeppni sín á milli.

Svo virðist að yfirvöld hafi verið allsendis óviðbúin þegar holskefla spriklandi erlends fjármagns skall á strendur Íslands. Hið erlenda fjármagn skapaði „velmegun“og útrásarvíkingum og bönkum var gefið fullkomið frelsi en heimildum, sem til staðar voru fyrir að leggja á hömlur, ekki beitt. Höfundar Icesave-reikninganna kölluðu þá algera snilld og á flestum stöðum í þjóðfélaginu voru verkin lofuð. Í skjóli eftirlitsleysis voru bankar rændir innan frá. Fjöldinn dansaði með. Yfirvöld lofuðu gullið sem hafði borist. Stór hluti þjóðarinnar fór í miklar fjárfestingar og á eyðslufylleri sem við hrunið olli miklum timburmönnum og gríðarlegum eignamissi. Það voru engir smákallar sem keyptu Magasin du Nord! Þegar vindar báru ekki lengur með sér fjármagn til landsins kom í ljós að bankar okkar og svokallaðir víkingar höfðu keyrt allt um koll hér í skjóli frelsis og eftirlitsleysis þeirra sem ráðnir voru til eftirlits og aðhalds.

Er ríkisstjórn Geirs Haarde sek um vanrækslu? Í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndarinnar taldi Alþingi að fjórir ráðherrar hefðu mögulega gerst sekir um vanrækslu í starfi og því bæri að stefna þeim fyrir landsdóm. Atli Gíslason alþingismaður sem leiddi í þinginu nefnd um Landsdómsmálið sagði svo frá í viðtali við Fréttablaðið 26. mars sl.: „Landsdómshliðin fór út í pólitísk hrossakaup, það voru undirmál í gangi, eitthvað sem ég hefi aldrei náð utan um.“ Við atkvæðagreiðslu í þinginu með nafnakalli um hvern skyldi ákæra varð niðurstaðan að aðeins skyldi ákæra einn ráðherra, Geir Haarde. Fjórir einstaklingar eru skv. skýrslu eftirlitsnefndar Alþingis grunaðir um brot, en málið er leyst með því að ákæra einungis einn. Vonandi er þetta ekki fordæmisgefandi í íslensku réttarfari.

Gæslumenn réttarríkisins hurfu af leikvelli. Eftirlitskerfið brást. Ber ekki stór hluti þjóðarinnar nokkra sök á því hvernig fór? Á þeim forsendum mun ég segja já við atkvæðagreiðsluna um 9. apríl.

**3.** Ef samningi þeim, sem Alþingi hefur þegar samþykkt, verður hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl er aðeins dómstólaleiðin eftir. Hún mun taka langan tíma, jafnvel nokkur ár. Niðurstaðan yrði mjög tvísýn. Bjartsýnir menn telja að byrðar verði ekki óbærilegar ef samningurinn verður samþykktur, miðað við væntanleg skil Í gamla Landsbankanum og nokkuð stöðugt gengi íslenskrar krónu. Ef íslenska ríkið dæmist hins vegar til að borga Icesave-skuldirnar verður gengisáhættan hin sama og við samþykkt samnings en óumdeilanlega verður vaxtakrafa hærri. Mögulega mun samþykktin styrkja gengi krónunnar því að þá hefur mikið ágreiningsmál milli þjóða verið til lykta leitt.

Jón Gnarr borgarstjóri sagði í viðtali að hann myndi greiða atkvæði með samþykkt samningsins; hann væri orðinn svo leiður á umræðunni um Icesave umræðunni. Svo er um alla þjóðina. Það er auðveldara að selja nei-ið í þessu málim en já, sagði einhver. Fær þjóðin nægan tíma til að kynna sér hlutlaust álit lagadeildar Háskólans Íslands? Niðurstaða þessa máls gæti ráðist af því.

Samkvæmt ofansögðu mun ég segja já.

> Ef íslenska ríkið dæmist hins vegar til að borga Icesave-skuldirnar verður gengisáhættan hin sama og við samþykkt samnings en óumdeilanlega verður vaxtakrafa hærri.

# Kveðum burt leiðindin

Icesave
Mörður Árnason
alþingismaður



Sama hvað gerist á laugardaginn: Ekkert íslenskt barn fer í breska kolanámu, og hákarlarnir sigla áfram sinn sjó. Kostirnir eru einfaldlega ekki himnaríki og helvíti. Samt skiptir þjóðaratkvæðagreiðslan miklu máli.

Líklegt er samt að nei-úrslit framlengi deyfð og drunga í íslensku samfélagi, auki óvissuna um framtíð fjölskyldna og fyrirtækja, viðhaldi atvinnuleysi og fátækt, tefji bæði efnalega og andlega endurreisn – og efli þar með á misrétti og úlfúð krepputímanna. Ennþá meira af leiðindum.

Já á laugardaginn – það mundi hins vegar sýna að þjóðin sé komin af sjálfsvorkunnarstiginu og farin að glíma af raunsæi við verkefnin sem fyrir liggja. Já merkir líka að hér fer fólk sem gengst við ábyrgð og stendur við skuldbindingar. Því hversu sárt sem hundsbitið kann að hafa verið þá var það sannarlega íslenskt hundsbit – íslenskra auðjöfra og íslenskra stjórnmálamanna, sem við sjálf vorum svo vitlaus að kjósa.

Icesave hefur tafið og þvælst fyrir, ruglað í ríminu og valdið áköfum og þrúgandi leiðindum í þjóðlífinu. Þannig var það bara, og hvert með sínum hætti höfum við tekið þátt í þessu havaríi. Niðurstaðan er samningur sem flestir fyrri efasemdamenn telja ásættanlegan ef ekki beinlínis hagstæðan.

Nú er að kveða burt leiðindin – og það getum við á laugardaginn.

# Ég segi já

Icesave
Helgi Áss Grétarsson
lögfræðingur



Haustið 2008 inntu bresk og hollensk stjórnvöld af hendi tilteknar greiðslur til þeirra sem áttu innstæður á Icesave-reikningunum í útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Síðan þá hafa bresk og hollensk stjórnvöld viljað að íslenska ríkið ábyrgist endurgreiðslu fjármuna sem nema svokölluðum lágmarksinnstæðutryggingum. Um þessar kröfur á hendur íslenska ríkinu hafa staðið langvinnar deilur.

Endurgreiðslukrafa hollenska ríkisins á hendur þess íslenska getur m.a. verið reist á minnisblaði (Memorandum of Understanding) sem ritað var undir hinn 11. október 2008 af fulltrúum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, íslenskra stjórnvalda og hollenskra stjórnvalda. Orðalag minnisblaðsins er ótvírætt um skyldu íslenska ríkisins að ábyrgjast greiðslu lágmarksinnstæðutrygginga. Engir fyrirvarar voru gerðir um þessa skyldu íslenska ríkisins. Þrátt fyrir þetta er óvíst að efni minnisblaðsins sé skuldbindandi að lögum.

Líta verður til þess að bæði fyrir hrun og í kjölfar þess gáfu yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda undir fótinn að þau myndu styðja við bakið á íslenska tryggingarsjóðnum þannig að lágmarksinnstæðutryggingar væru tryggðar með ríkisábyrgð. Þetta er til þess fallið að veikja málstað Íslands.

Ég tel þó nokkrar líkur á því að EFTA-dómstóllinn fallist á að Íslandi beri skylda til að greiða lágmarksinnstæðutryggingarnar þar eð öndverð niðurstaða myndi grafa undan virkni reglna um efnið. Þetta mat mitt byggir m.a. á þeirri „dínamísku“ túlkunarhefð sem höfð er til hliðsjónar í Evrópurétti.

Áhættuna af dómstólaleiðinni verður jafnframt að meta með hliðsjón af möguleikum Íslands að eiga farsæl samskipti við önnur ríki. Að leysa þetta mál með samningum sparar tíma og orku sem aftur getur aukið líkur á að íslenskt atvinnulíf nái viðspyrnu.

Nú liggja fyrir samningsdrög við bresk og hollensk stjórnvöld í Icesave-málinu þar sem vaxtafótur, greiðslukjör og aðrir skilmálar eru íslenska ríkinu mun hagfelldari en boðið var upp á í eldri samningum. Áætlaður kostnaður íslenska ríkisins af þessari lausn málsins er ásættanlegur í samanburði við þá áhættu sem ella væri tekin.

Með hliðsjón af ofangreindu segi ég já í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave.



# Alþjóðaheilbrigðisdagurinn

Heilbrigðismál

Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra



Hinn sjöunda apríl hvert ár heldur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) stofndag sinn hátíðlegan með því að vekja athygli á tilteknu þýðingarmiklu heilbrigðismáli. Með þessu móti er þjóðum heims boðið að taka sameiginlega þátt í að vekja athygli á máli sem eflir heilsu okkar.

Að þessu sinni hvetur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin til aðgerða gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Þótt sýklalyfjaónæmi sé ekki nýtt vandamál er það að verða varasamara en áður. Íslendingar, eins og margar aðrar þjóðir, hafa gripið til aðgerða að undanförnu til að sporna við þessu vandamáli. Slíkar aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að við stöndum ekki í sömu sporum og við gerðum fyrir daga sýklalyfja. Allir þurfa að taka þátt í þessu átaki: Stjórnvöld, almenningur, sjúklingar, læknar sem ávísa sýklalyfjum og aðrir heilbrigðisstarfsmenn, svo sem lyfjafræðingar og lyfjaiðnaðurinn. Veigamest af öllu er að reyna að koma í veg fyrir smit og að hefta dreifingu smitsjúkdóma. Því skiptir þekking almennings á smitvörnum miklu máli og einföld ráð eins og góður handþvottur hafa verulega þýðingu.

Ein skýring á útbreiðslu ónæmisins er mikil notkun sýklalyfja. Þótt notkun sýklalyfja tengist útbreiðslu ónæmis er enn margt á huldu um ástæður útbreiðslunnar. Mikilvægt er að koma þekkingu til skila með réttum skilaboðum og viðbrögðum, því sýklalyf gegna mikilvægu hlutverki í meðhöndlun alvarlegra sýkinga. Því er mikilvægt að þau séu notuð á ábyrgan hátt og á réttum forsendum. Enginn dregur í efa gildi þeirra þegar þeirra er þörf. Aðgerðartengdar sýkingar í heilbrigðisþjónustunni eru sérstakt vandamál sem tengist sjúkrahúsum, heilsugæslu og læknastofum. Séu slíkar sýkingar af völdum fjölónæmra sýkla eykur það enn á vandann og ógnar heilsu sjúklinga með auknum kostnaði vegna dýrra sýklalyfja og lengri dvalartíma á sjúkrastofnunum.

Á Íslandi er hvatt til þess að sýklalyf séu notuð með ábyrgum hætti. Lögð er áhersla á sýkingavarnir á heilbrigðisstofnunum og fylgst er með tíðni sýkinga sem tengjast heilbrigðisþjónustunni. Einnig er fylgst með notkun sýklalyfja innan stofnana og utan í því skyni að greina þróunina og hvernig hún tengist myndun sýklalyfjaónæmis. Upplýsingar um notkun sýklalyfja og sýklalyfjaónæmi geta gagnast læknum sem ávísa þessum lyfjum. Á undanförnum árum hefur nokkur árangur náðst við að beina notkun sýklalyfja meðal barna og ungmenna á betri veg.

Unnt er að bólusetja gegn mörgum bakteríu- og veirusýkingum, sem leiðir til fækkunar sjúkdómstilvika og minnkandi notkunar sýklalyfja. Þess er vænst að bólusetning ungbarna gegn sýkingum af völdum pneumókokka, svo sem eyrnabólgu, sem hefst í þessum mánuði, dragi úr notkun sýklalyfja og þar með líkum á útbreiðslu fjölónæmra sýkla.

# Mannréttindi eign fjármagnseigenda?

Icesave

Auður Halldórsdóttir
læknir

Ég ætla að segja nei við lögunum um Icesave III samninginn því lögin misbjóða minni siðferðisvitund.

Ein helstu rök sem hafa verið borin fyrir því að íslenskri alþýðu beri að bæta tjón innistæðueigenda í Hollandi og Bretlandi eru að þeim hafi verið mismunað á grundvelli þjóðernis. ESA hefur sent íslenskum yfirvöldum áminningarbréf um hugsanlegt brot Íslands gegn þessari grunnreglu EES-samningsins. Þá er verið að tala um mismunun á innistæðueigendum á Íslandi annars vegar, og innistæðueigendum í Hollandi og Bretlandi hinsvegar. EES samningurinn verndar þannig innistæðueigendur bankans og mér finnst ekkert rangt við að EFTA dómstóllinn gæti komist að þeirri niðurstöðu að um mismunun á ráðstöfun eigna bankans hafi verið að ræða.

En hvernig er hægt að blanda inn í þetta íslenskri alþýðu? Ef dæma á alþýðu skaðabótaskylda á tjóni sem einkarekstur innan vébanda Evrópusambandsins veldur, ber að hafa í huga grunnreglu EES um bann á mismunun á grundvelli þjóðernis. Hvernig gæti EFTA dómstóllinn þá nokkurn tímann með góðu móti rökstutt að íslensk alþýða eigi á grundvelli þjóðernis eingöngu að bera ábyrgð á slíku tjóni? Ef einhver alþýða er gerð fjárhagslega ábyrg á slíku tjóni hlýtur jafnt eiga að ganga yfir alla alþýðu innan vébanda Evrópusambandsins, samkvæmt grunnreglu EES samningsins um bann á mismunun á grundvelli þjóðernis.

Því lít ég svo á að hugsanleg mismunun á innistæðueigendum Íslendinga gagnvart Bretum og Hollendingum geti átt sér stað, en þessi mismunun jafngildir ekki því að hægt sé að gera skaðabótakröfu á íslenska alþýðu, slíkt brýtur gegn sömu grundvallarreglu. Nema jú ef EFTA dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að mannréttindi séu eign fjármagnseigenda eingöngu.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




vita GOTT FÓLK 60+

Ferðir á vegum klúbbsins í sólina í Portúgal og á Spáni. Flogið er með beinu flugi með Icelandair. Félagar í klúbbnum Gott Fólk 60+ fá 5.000 kr. afslátt af þessum ferðum.

Vorferð til Portúgal

Ondamar ****
8. – . 25. maí
Gott fjögurra stjörnu hótel, staðsett miðja vegu milli „Laugavegarins" og gamla miðbæjarins í Albufeira.

Verð frá 126.650 kr.
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í íbúð.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta afslætti: 136.650 kr.



Björk Jakobsdóttir
heldur utan um dagskrá fyrir eldri borgara og verður farið í gönguferðir, saman út að borða, skemmtikvöld, bingó, spilavist o.fl.

2 eða 3 vikur til Benidorm

Gemelos 22 **
22. sept. - 6. okt.
Gemelos 22 eru klassaíbúðir í tveimur háhýsum, vel staðsettar með góðum sundlaugargarði og fyrirtaks aðstöðu.



Hjördís Geirsdóttir er skemmtistjóri í ferðinni.

Verð frá 113.400* kr.
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í íbúð.
Verð á aukaviku, er 20.450 kr. á mann.
Innifalið: Flug, flugvallaskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta: 123.400 kr.

Hótel Melia Benidorm ****
22. sept. - 6. okt.
Hálft fæði

Verð frá 151.800* kr.+
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í herbergi.
Verð á aukaviku, er 39.200 kr. á mann.
Innifalið: Flug, flugvallaskattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta: 161.800 kr.

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur
Vildarklúbbur

VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

Taíland

Verð frá 199.000 kr[1]

18. maí – 1. júní
Pattaya
Verð frá 199.000 kr[2]

AÐEINS 20 SÆTI LAUS

11. – 27. júlí
Koh Samui
Verð frá 275.000 kr[2]

11. – 23. október
Hua Hin
Verð frá 239.000 kr[2]

ÍSLENSK FARARSTJÓRN

30. október – 20. nóvember
Phuket
Verð frá 287.500 kr[2]

12. – 25. nóvember
Krabi
Verð frá 267.000 kr[2]

Jólaferð 17. desember – 2. janúar
Hua Hin
Verð frá 388.000 kr[2]





NÁNAR Á oriental.is

Balí og Java

MIKIÐ INNIFALIÐ



Verð frá 368.000 kr[2]

14. september - 6. október
Fjölbreytt ferð um Jakarta á Jövu og Seminyak og Ubud á Balí.
Fjöldi skoðunarferða innifaldar.
Íslensk fararstjórn.





Bútan
Verð frá 687.000 kr[2]
11. – 23. október
Örfá sæti fáanleg.

ALLT INNIFALIÐ

ÍSLENSK FARARSTJÓRN

Hjólað um Laos
Verð frá 377.000 kr[2]
12. – 25. nóvember
Mögnuð ævintýrareisa.

Óriental

5 ÁRA 2006-2011

Ferðaskrifstofan Óriental ehf.
www.oriental.is
oriental@oriental.is
Sími 514 14 99

[1] Verð per mann í tvíbýli í ferð til Pattaya 18. maí – 1. júní.
[2] Verð miðað við einstakling í tvíbýli.
Með fyrirvara um prentvillur. Nánari upplýsingar á www.oriental.is

# Níu staðlausar staðhæfingar um Icesave

Icesave

Tryggvi Þór Herbertsson
prófessor í hagfræði og alþingismaður



Þessa dagana herðist mjög baráttan um lyktir Icesave-málsins. Mikið er um fullyrðingar sem kynntar eru sem staðreyndir en þegar betur er að gáð eru þær oft og tíðum byggðar á hæpnum forsendum. Ég hef hér tekið saman níu algengar staðhæfingar og færi fyrir því rök að þær eigi sér tæpast stoð í raunveruleikanum:

**1. Minni áhætta er fólgin í dómstóla- en samningaleiðinni.**

Vissulega fylgir Icesave-samningunum einhver áhætta. En það er líka áhætta því fylgjandi að hafna samningnum – dómsmál sem tekið gæti 2-3 ár tapast hugsanlega. Þá er mikill kostnaður því fylgjandi að flækjast í langdregnu dómsmáli. Eins og ég rakti hér í blaðinu á föstudaginn eru líkur á því samkvæmt yfirlýsingum Moody's að lánshæfismat ríkissjóðs lækki ef samningnum er hafnað. Ef sú er raunin og niðurstaða dómsmáls drægist á langinn væri kostnaðurinn á ári á bilinu 27 til 43 milljarðar, sem nemur samtals á bilinu 81 til 129 milljarðar á meðan á dómsmáli stendur. Er vit í að bera allan þann kostnað til þess eins að sleppa við að borga Bretum og Hollendingum 32 milljarða?

**2. Hækka þarf skatta eða skera niður útgjöld til að standa undir afborgunum af Icesave.**

Þrjár leiðir eru til að bæta afkomu ríkissjóðs: hækka skatta, skera niður útgjöld og stækka skattstofna. Með því að lækka fjármögnunarkostnað, sem gerist við hagstæðara lánshæfismat, eykst fjárfesting og hagvöxtur. Þá minnkar atvinnuleysi, útgjöld ríkissjóðs minnka og skattstofnar stækka. Jafnframt verður vaxtakostnaður ríkissjóðs minni. Samanlagt leiðir þetta til þess að útlagður kostnaður vegna Icesave mun að öllum líkindum hvorki leiða til sérstaks niðurskurðar né skattahækkana.

**3. Börnin okkur munu þurfa að borga Icesave.**

Líklegast er að málið verði uppgert árið 2016. Því er útilokað að framtíðarkynslóðir muni þræla fyrir bagganum. Mun líklegra er að lífskjör okkar og barnanna okkar verði betri í kjölfar samþykktar Icesave.

**4. Gengisáhættan við samningana er of mikil.**

Lykilspurningin hér er hve líklegt er að gengið falli á næstu árum. Í grein hér í blaðinu 28. mars færir Friðrik Már Baldursson prófessor sannfærandi rök fyrir því að vegna undirliggjandi þátta sé gengisáhættan ásættanleg. Hann bendir þannig á að raungengið sé nú 20-30% undir langtímameðaltali og verðbólga lítil. Samkvæmt Seðlabanka Íslands hefur raungengið sennilega ekki verið svona lágt síðan 1914. Vísbendingar sem felast í miklum vöruskiptajöfnuði benda einnig til þess að gengið sé of lágt skráð. Þá er viðskiptajöfnuður að teknu tilliti til þrotabúa bankanna og Actavis nærri 10% af landsframleiðslu – Íslendingar eru að borga niður skuldir erlendis í fyrsta skipti í langan tíma. Gengið ætti því mun fremur að styrkjast en veikjast. Þá má geta þess að ef gengið styrkist um 32% frá því sem nú er ber ríkissjóður engan kostnað af Icesave-samningunum að gefnum um 90% heimtum í þrotabúinu.

**5. Eignasafn þrotabús Landsbankans stendur ekki undir 89% kröfunnar.**

Almennt virðist skilanefnd bankans hafa verið varfærin í mati sínu á eignum þrotabúsins, sem eru samkvæmt síðasta mati taldar standa undir um 90% af forgangskröfum. Eignir búsins virðast traustar enda hefur virði þeirra verið hækkað í hvert skipti sem endurmat hefur átt sér stað, úr 75% í upphafi í 90% nú – óvissa hefur minnkað jafnt og þétt.

> Ef gengið styrkist um 32% frá því sem nú er ber ríkissjóður engan kostnað af Icesave-samningunum að gefnum um 90% heimtum í þrotabúinu.

**6. Það er enginn kostnaður því fylgjandi að segja Nei.**

Eins og rakið er að ofan geta fylgt því mikil útgjöld í formi hærri fjármögnunarkostnaðar að fella samninginn. Enn fremur er meiri hætta á að fjármagnsmarkaðir verði okkur erfiðir, sem hefur jafnvel enn verri afleiðingar en hærri vextir. Líklegt að ríkissjóður þurfi að fjármagna sig nánast alfarið á innlendum markaði, sem þrýstir upp innlendum vöxtum og dregur úr fjárfestingu einkaaðila, einkaneyslu og þar með hagvexti. Þá er líklegt að gengi krónunnar verði veikara en ella, þar sem Seðlabankinn þarf að safna fyrir afborgunum erlendra lána ríkisins með kaupum á gjaldeyri.

**7. Já í kosningum festir okkur í gjaldeyrishöftunum.**

Mat Moody's, Seðlabankans og fleiri sérfræðinga er að samþykkt Icesave muni flýta fyrir afnámi gjaldeyrishafta. Það stafar af því að endurfjármögnun verður auðveldari, óvissa verður minni, væntingar um gjaldeyrisútflæði, m.a. vegna mun lægri endurfjármögnunarkostnaðar, verða dempaðri og innflæði vegna fjárfestinga verður meira. Það væri þó óneitanlega forvitnileg hagfræðileg tilraun að afnema gjaldeyrishöft með lánshæfismat ríkissjóðs í ruslflokki!

**8. Lánshæfismat getur ekki lækkað við aukna skuldsetningu.**

Lánshæfismatsfyrirtækið Moody's hefur gefið út að líklegt sé að lánshæfiseinkunn Íslands hækki við samþykkt Icesave-samningsins en að lánshæfismat Íslenska ríkisins yrði fært í ruslflokk ef samningnum verður hafnað. Ákvörðun um lægri einkunn segist Moody's byggja á tveimur þáttum: 1) að þá fáist ekki 1,1 milljarður Bandaríkjadala sem eftir standa af lánum Norðurlandanna til að fjármagna gjaldeyrisvarasjóðinn og 2) að þá sé líklegt að gjaldeyrishöft muni verða til staðar lengur þar sem hemja þurfi útstreymi gjaldeyris. Lykilinn að áhættumati fjárfesta á ríkisskuldabréfamarkaði er ekki hve skuldsett ríki eru heldur hve greiðan aðgang þau hafa að lánsfjármagni til að endurfjármagna lán sín og þar skiptir lánshæfismat höfuðmáli. Nægir í því skyni að benda til skuldastöðu og lánshæfismats ríkja á borð við Japan, Belgíu, Bretland og Bandaríkin.

**9. Enginn tekur lengur mark á matsfyrirtækjunum og því skiptir lægri einkunn engu máli.**

Það skiptir engu máli hvaða skoðun menn hafa á lánsmatsfyrirtækjunum. Þau eru einkunnargjafinn og hinn endanlegi dómari því alþjóðlegir fjárfestar í ríkisskuldabréfum horfa fyrst og fremst til lánshæfismats. Mörgum stofnanafjárfestum er t.a.m. bannað með lögum og reglugerðum að fjárfesta í ruslbréfum. Um það er ekki hægt að deila og við því er ekkert að gera.

Eins og sést á þessari upptalningu er ég einlæglega þeirrar trúar að samþykkt Icesave-samninganna muni leiða til aukinnar efnahagslegrar velferðar fyrir Íslendinga. Ég tel mig hafa fært hér góð rök fyrir því að margar þeirra staðhæfinga sem heyrst hafa í umræðunni séu hindurvitni. Hitt ber þó að hafa í huga að ef efnahagshrunið hefur kennt mér eitthvað þá er það að vera ekki of viss í minni sök þegar kemur að umræðu um efnahagsmál – það er bæði sanngjarnt og rétt. En nákvæmlega eins og ég er tilbúinn að fara út í bílinn minn á morgnana og keyra til vinnu þrátt fyrir að ég viti að það séu líkur á því að lenda í bílslysi er ég tilbúinn að taka upplýsta áhættu og samþykkja Icesave. Það er ekkert líf að kúra skjálfandi undir sæng hræddur við allt og alla.

# Konu í Skálholt!

Kirkjan

Hjalti Hugason
prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands



Kjör til embættis vígslubiskups í Skálholti stendur nú yfir. Embætti vígslubiskupa eru um margt ómótuð. Illu heilli reyndist ekki grundvöllur fyrir stefnumótandi umræðu í aðdraganda kjörsins. Því er mikilvægt að kosningin sjálf marki stefnu. Það verður best gert með því að kjósa konu.

Kona var fyrst vígð til prests í þjóðkirkjunni fyrir hálfum fjórða áratug. Nú eru konur nærri þriðjungur starfandi presta. Það er því eðlilegt skref í jafnréttisátt að kjósa nú konu til að gegna biskupsembætti.

Þjóðkirkjan hefur mótað sér metnaðarfulla jafnréttisstefnu. Meðal markmiða hennar er „að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í stjórnunar- og áhrifastöðum". Vígslubiskupskjörið veitir kærkomið tækifæri til að nálgast þetta markmið.

Einhverjir munu segja að torvelt sé að leggja jafnréttisáætlun til grundvallar við val á vígslubiskupi þar sem um kosningu er að ræða. Það er ekki rétt. Kjör vígslubiskups er ekki almenn kosning heldur tekur lokaður hópur kjörmanna sem allir gegna leiðtoga- og trúnaðarstörfum í kirkjunni þátt í kjörinu.

Vel er hægt að gera þá kröfu til hvers þess sem er kallaður til slíks hlutverks í þjóðkirkjunni að hann eða hún leggi markaða stefnu kirkjunnar til grundvallar við ákvörðun sína – jafnvel þótt hún sé sett fram í formi skriflegrar kosningar. Sé þetta ekki mögulegt virðist jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar vera skrautfjöður sem ætti að fella úr gildi.

Þjóðkirkjan á nú við margháttaðan vanda að etja sem að sumu leyti má rekja til veikrar stöðu kvenna í kirkjunni. Þá eru athugasemdir gerðar við stöðu hennar sem þjóðkirkju. Við þær aðstæður skiptir miklu að þjóðkirkjan tengist þjóðinni sem sterkustum böndum. Það verður best gert með því að sem flestir, konur og karlar, finni sig heima innan veggja hennar. Þess vegna er það grundvallaratriði að tryggja að bæði konur og karlar gegni helstu forystuhlutverkum í þjóðkirkjunni.

Því er krafa tímans: Konu í Skálholt!

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalags Íslands og Ungmennafélags Íslands.

# VISSIR ÞÚ

að hagnaður Íslenskrar getspár rennur til
**um 1000 starfseininga**
íþrótta- og ungmennafélaga, íþróttabandalaga,
héraðsambanda og sérsambanda?

# VISSIR ÞÚ

að árlega kaupir Hússjóður Öryrkjabandalagsins
**6–8 íbúðir** fyrir hagnað frá Íslenskri getspá
og að Hússjóðurinn á í dag
rúmlega **700 íbúðir fyrir öryrkja**?

45 MILLJÓNIR

## HOPPAÐU Á MILLJÓNIRNAR

**Fimmfaldur Lottópottur** stefnir í **45 milljónir.**
**Leyfðu þér smá Lottó!**

Lottó

WWW.LOTTO.IS

# Að semja eða svíkja

Efnahagsmál

Sighvatur Björgvinsson
fyrrverandi ráðherra



Erlendir lánveitendur íslenskra banka og fyrirtækja hafa nú þegar tapað milli 7 og 10 þúsund milljörðum króna á því að treysta Íslendingum fyrir fjármunum. Því hafa þeir tapað þrátt fyrir, að þeir hafi verið fullvissaðir um, að slíkt myndi aldrei gerast. Íslenska þjóðin stæði á bak við bankakerfi sitt. Vandi þess væri ímyndarvandi en ekki hrunhætta. Svo hrundu feysknar stoðir. Fögru fyrirheitin voru bara hluti af blekkingunni…

Samt trúa því sumir, að álit Íslands sé engu að síður óskaddað hjá almenningi í útlöndum. Fólk þar hafi um annað að hugsa en Ísland. Það má vel vera. En þegar íslenska ríkið og íslensk fyrirtæki þurfa á lánsfé að halda til þess að endurfjármagna erlend lán, sem komin eru á gjalddaga, eða til að kosta atvinnuskapandi framkvæmdir þá leita þau ekki til Jóns og Siggu í útlöndum heldur til sjóða og bankastofnana, sem búnir eru að tapa hærri fjárhæðum á íslenskum aðilum en ímyndunaraflið nær yfir. Skyldi vera auðvelt að endurnýja traustið? Ef ekki tekst – hvað gerist þá? Það gerist það, sem er nú að gerast hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Þá verður að hætta framkvæmdum, selja eignir, segja upp fólki og hækka gjöld á íslenskum almenningi. Þetta sjá landsmenn nú ljóslifandi fyrir augunum. Virðir íslenska þráablóðið aldrei staðreyndir?

Hvað varð svo um allar þessar þúsundir milljarða sem íslenskir aðilar tóku til láns í útlöndum? Eitthvað af því fór til vafasamra erlendra kaupahéðna. Mikill meirihluti rann til landsmanna sjálfra. Til eigenda íslensku bankanna. Til fyrirtækja útrásarvíkinga. Til bankareikninga, sem Íslendingar áttu í Lúxemborg, á Tortóla, á Ermarsundseyjum og á Bresku Jómfrúareyjum. Til íslenskra stjórnenda bankanna. Nokkur hluti þessara töpuðu fjármuna endaði sem lánveitingar til íslenskra heimila. Hvaðan halda menn að fjármunirnir hafi komið sem gerðu bönkunum fært að bjóða upp á 100% húsnæðislán; upp á neyslulán sem gerðu íslensk heimili að skuldugustu heimilum; upp á lán í erlendum gjaldeyri, sem íslensk heimili nýttu sér óspart á þenslutímunum? Þeir komu frá erlendum sparifjáreigendum, sem íslensku bankarnir tóku að láni til þess að framlána íslenskum fyrirtækjum, íslenskum útrásarvíkingum, íslenskum stjórnendum bankanna – og íslenskum almenningi. Og svo halda menn, að orðspor Íslendinga í útlöndum sé óskaddað!

Í lýðræðisríkjum velur fólk stjórnvöld í almennum kosningum. Stjórnvöld eru ekki valin til þess að stunda rifrildi í sölum Alþingis – heldur til þess m.a. að koma fram fyrir hönd þjóðarinnar á erlendum vettvangi. Þjóðin hefur gefið stjórnvöldum slíkt umboð með atkvæðum sínum. Þannig eru leikreglurnar í samskiptum þjóða.

Mörgum sinnum hafa rétt kjörin íslensk stjórnvöld lýst vilja þjóðarinnar til þess að ljúka deilumáli með samningum. Á grundvelli slíkra yfirlýsinga frá ríkisstjórnum Íslands, Alþingi og Seðlabanka hafa vinaþjóðir og AGS fallist á að lána íslensku þjóðinni stórfé til þess að hún geti komist út úr hörmungunum þegar enginn annar vildi ljá okkur lið. Tvívegis hafa svo íslensk stjórnvöld með umboð þjóðarinnar samið við erlendar ríkisstjórnir um lausn mála. Tvívegis hefur Alþingi staðfest slíkan samning. Samt er ætlun margra að reka allt þetta aftur til baka. Hvorki rétt kjörin ríkisstjórn né rétt kjörið Alþingi tali fyrir hönd þjóðarinnar. Hver á þá að gera það? Hver verður til þess fáanlegur? Sá verður nú ekki merkilegur pappír að mínu mati.

Verður aldrei hægt að treysta íslenskum stjórnvöldum? Verður ávallt hægt að hlaupa frá öllum samningum og yfirlýsingum sem þau gefa? Er nokkurt slíkt þjóðríki til í víðri veröld – eða ætla Íslendingar að gerast brautryðjendur um slíka stjórnhætti ofan á allt það, sem á undan er gengið? Sú þjóð, sem getið hefur sér sér orð fyrir sviksemi gagnvart erlendum lánveitendum, ætlar hún þá líka að geta sér orð fyrir sviksemi gagnvart nágranna- og vinaþjóðum?

> Hvað varð svo um allar þessar þúsundir milljarða sem íslenskir aðilar tóku til láns í útlöndum? Eitthvað af því fór til vafasamra erlendra kaupahéðna. Mikill meirihluti rann til landsmanna sjálfra.

# Líbía og stuðningur Íslands

Utanríkismál

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Óvenju mikil eindrægni ríkti á fundi um fimmtíu utanríkisráðherra og fulltrúa alþjóðastofnana um málefni Líbíu sem ég sat í síðustu viku í London. Þátttakendur voru sammála um nauðsyn þess að styðja líbísku þjóðina í að koma á friði. Yfirvofandi hrannmorð harðstjórans Gaddafís gegn vopnlausum þegnum Líbíu yrði að stöðva. Það vakti athygli mína hversu eindregnir fulltrúar Arabaríkjanna á fundinum voru í stuðningi sínum við það að Atlantshafsbandalagið tæki við samræmingu aðgerða gegn Líbíustjórn.

### Þríþættar aðgerðir

Á ríkjaráðstefnunni voru samþykktar þrennskonar aðgerðir. Í fyrsta lagi að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um loftferðabann, viðskipta- og vopnasölubann og vernd óbreyttra borgara. Atlantshafsbandalagið hefur fallist á óskir ýmissa smærri ríkja að taka að sér samræmingu þessa þáttar. Í öðru lagi að tryggja tafarlaust mannúðaraðstoð sem nú sárvantar í borgum þar sem átök geisuðu. Sammæli var um að alþjóðlegar hjálparstofnanir stýrðu þessum lið. Í þriðja lagi að styðja líbísku þjóðina við uppbyggingu nauðsynlegra innviða til að byggja eigin framtíð með lýðræðislegum stjórnarháttum. Á blóði drifnum ferli upprætti harðstjórinn pólitíska flokka, fangelsaði, hrakti í útlegð eða drap pólitíska leiðtoga. Framkvæmdastjóra SÞ var falið að hafa umsjón með uppbyggingu pólitískra grunnstofnana svo tryggja megi frjálsar kosningar.

### Lagalegt umboð til aðgerða

Þessar aðgerðir hvíla á skýru lögmætu umboði sem felst í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1973. Hún var samþykkt 18. mars af 10 ríkjum, enginn beitti neitunarvaldi en fimm sátu hjá. Ályktunin gengur mun lengra en sem nemur loftferðabanni eingöngu. Hún veitir heimild til hernaðaraðgerða til að fylgja eftir lokun lofthelgi. Í ályktuninni er einnig mikilvægt ákvæði um vernd óbreyttra borgara sem slær í gadda að ályktunin veitir ekki umboð til að koma upp erlendu hernámsliði í Líbíu.

### Hótanir um hrannmorð

Í ljósi ofangreinds hafa því loftárásir samstarfsríkjanna – og nú Nató – ekki síst miðað að eyðileggingu loftvarnarkerfa Gaddafís. Ályktunin leyfir hins vegar víðtækari loftárásir á hernaðarleg skotmörk ógni þau líbískum almenningi. Markmið hennar er að bjarga mannslífum sem voru í mikilli hættu. Sá háski speglaðist í yfirlýsingum harðstjórans þegar hann kvaðst í aðdraganda atlögunnar að Benghazi ekki myndu sýna neinum miskunn og engu eira. Ban Ki-moon framkvæmdastjóri SÞ telur þessar aðgerðir hafa bjargað þúsundum mannslífa.

### Tífaldur styrkleikamunur

Í kjölfarið hefur verið deilt um hvort ályktunin heimili að senda uppreisnarmönnum vopn. Þá er vísað til þess að þó skotfæri beggja séu farin að ganga til þurrðar er munurinn á herstyrk þeirra tífaldur Gaddafí í vil. Möguleikinn á endurnýjun vopnabirgða er sömuleiðis mikill. Uppreisnarmenn eiga enga fjársjóði en þó eignir Gaddafís hafi verið frystar sýna skrár AGS að líbíska stjórnin á 144 tonn af gulli í landinu.

Valdamikil ríki eins og Bretland, Bandaríkin, og jafnvel Frakkar, hafa því rætt opinskátt um að vopna beri uppreisnarmennina til að gefa þeim færi á jafnstöðu um bardagagögn. Hófstillingin af hálfu Nató, og skilyrðislaus hlýðni við lögmætt umboð öryggisráðsins, speglast hins vegar í því að framkvæmdastjóri bandalagsins hefur hafnað afdráttarlaust þeirri túlkun að ályktun 1973 veiti heimild til að vopna uppreisnarmenn.

### Blóðsúthellingum afstýrt

Viðbrögð SÞ við atburðum í Líbíu hafa undirstrikað hvers alþjóðasamfélagið er megnugt, taki ríki höndum saman um aðgerðir til verndar friði og mannréttindum. Þótt uppreisnaröflum hafi ekki enn tekist að velta Gaddafí úr sessi hefur frekari blóðsúthellingum meðal óbreyttra borgara verið afstýrt að sinni. Hjálparstofnunum er gert kleift að koma aðstoð til nauðstaddra. Í fyrsta skipti í langan tíma hafa helstu stofnanir alþjóðasamfélagsins unnið saman eins og til var ætlast og Sameinuðu þjóðirnar fyrir vikið verið styrktar í sessi.

Tvennt réði þar úrslitum: Annars vegar að samkomulag innan öryggisráðs SÞ um viðbrögð sem lagði lagalegan grunn að sameiginlegum aðgerðum. Hins vegar að ríki sem hafa nánust tengsl við Líbíu, bæði Arabaríkin og Afríkuríkin, sýndu vilja til að bregðast við án tafar.

### Aðgerðir Íslands

Allt frá því að ljóst var hversu grimmilega Gaddafí réðist gegn eigin borgurum hafa íslensk stjórnvöld fordæmt gjörðir hans og kallað eftir aðgerðum til að stöðva blóðsúthellingar og stríðsglæpi. Við höfum tekið undir harðorðar ályktanir öryggisráðsins; við studdum vopnasölubann á Líbíu, frystingu eigna Gaddafís og höfðum virkan atbeina að því að sakadómstóli SÞ hefur verið falið að rannsaka árásir öryggissveita Gaddafís á íbúa landsins. Við höfum lokið innleiðingu ályktunar öryggisráðsins um refsiaðgerðir gagnvart Líbíu. Þá var Ísland eitt þeirra ríkja sem stóðu að tillögu um að reka Líbíu úr mannréttindaráði SÞ.

Ísland hefur lagt 12 millj. kr. til matvælaaðstoðar og flóttamannahjálpar SÞ til að bæta stöðu almennings á átakasvæðunum. Okkur hefur hins vegar engin beiðni borist um neins konar framlag í tengslum við aðgerðir Nató gagnvart Líbíu.

### Hlutverk Atlantshafsbandalagsins

Þegar geggjaður harðstjóri leggur til atlögu við vopnlausa borgara, og lýsir yfir að engin miskunn verði sýnd, á alþjóðasamfélagið engan kost annan en að grípa til aðgerða til að koma á friði. Ella ber það siðferðilega ábyrgð á hrannmorðum gegn saklausu fólki. Íslenskir þingmenn úr öllum flokkum voru sama sinnis.

Hver og einn einast þingmaður sem á Alþingi tók til máls í tveimur umræðum um málefni Líbíu studdi aðgerðir. Ríkisstjórnin samþykkti formlega stuðning við ályktun öryggisráðsins nr. 1973. Einstök ríki óskuðu eftir að Nató samræmdi aðgerðirnar og utanríkismálanefnd Alþingis var kynnt að umræður færu fram um það á vettvangi bandalagsins. Þátttaka þess rúmaðist vel innan lögmæts umboðs ályktunar öryggisráðsins. Innan bandalagsins gildir neitunarvald eins ríkis. Í ljósi ofangreinds var fastafulltrúa Íslands hjá bandalaginu heimilað að leggjast ekki gegn samstöðu ríkja um að það tæki að sér umbeðið hlutverk. Reynsla síðustu dægra hefur sýnt að það fylgir ályktun öryggisráðsins með varfærnari og hófstilltari hætti en einstök ríki.

# Náttúruvernd

Skógrækt

Helgi Gíslason
framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur



Snorri Baldursson, líffræðingur, nú einn af stjórnendum Vatnjökulsþjóðgarðs, en áður einn af æðstu stjórnendum hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, skrifar athyglisverða grein í Fréttablaðið þann 22. febrúar s.l. Þar ber hann fram þá einlægu ósk, að með breytingu á náttúruverndarlögum verði skógræktarstarf landsmanna „skaðað til frambúðar“. Þar kom að því, að upplýst væri hvað liggur að baki þeim tillögum til breytinga á völdum köflum náttúruverndarlaganna, sem nú liggja fyrir í umhverfisráðuneytinu.

Snorri varpar fram undarlegum rökum gegn blönduðum skógum og kallar þess í stað eftir fábreytni í flóru landsins Þar fór alþjóðasamningurinn um líffræðilega fjölbreytni út í hafsauga hjá honum. Hann tínir síðan saman hvaðan helstu skógartrén séu ættuð, eins og það sé þeim til hnjóðs. Allar plöntur í íslensku flórunni eru ættaðar einhvers staðar frá. Það virðist ekki skipta máli. Þess í stað er reynt að finna trjánum allt til foráttu vegna uppruna þeirra. Það er ekki góð líffræði og vond siðfræði.

Leiðarljós náttúru- og umhverfisverndarfólks sem vinnur að skógrækt og landgræðslu hefur verið að bjarga birkiskógum landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Merkustu áfangar í náttúruvernd hafa náðst fyrir tilstuðlan skógræktar- og landverndarfólks sem sneri bökum saman í baráttu gegn eyðingaröflunum. Nægir í því samhengi að nefna Hallormsstaðaskóg, Skaftafell, Þórsmörk, Heiðmörk, Hreðavatn og Fnjóskadal, svo nefnd séu nokkur helstu skógarsvæðin sem risið hafa úr öskustónni. Í grein sinni hvetur Snorri skógræktarfólk til að snúa sér að friðun lands; þá vaxi upp sjálfgrónir birkiskógar þar sem engir voru áður. Honum til upplýsingar má benda á að þetta er og hefur verið ein helsta aðferðin sem skógræktarfólk hefur stuðst við sl. 100 ár við að vernda og auka útbreiðslu birkiskóga, í samræmi við skógræktarlög frá 1907.

Skógræktarfólk hefur fengist við fleiri uppbyggileg verkefni, m.a. að auðga flóruna með fleiri tegundum sem verða til nytja óbornum kynslóðum. Eru þær tegundir nú þegar farnar að skila þjóðarbúinu arði og störfum og eru almenningi til yndis. Þar eru m.a. sígræn tré sem sóma sér vel í íslensku umhverfi, laða að sér gesti og eru til skjóls og yndisauka. Alls eru 4,5 milljónir heimsókna í íslenska skóga á ári hverju. Í Heiðmörk koma um 500 þúsund gestir árlega til að njóta náttúrufegurðar hinna fjölbreyttu sígrænu skóga og sumargrænu birkiskóga. Skóga sem hafa orðið til vegna friðunaraðgerða og ræktunarstarfs harðfylgins skógræktarfólks.

Meðal þess sem einkum virðist ergja embættismanninn er að veitt skuli ríkisfé til skógræktar. Í því sambandi er rétt að benda á að árið 2007 var Skógrækt ríkisins flutt til umhverfisráðuneytisins, sama ráðuneytis og Vatnajökulsþjóðgarður og Náttúrufræðistofnun Íslands heyra undir. Það eru engin ný tíðindi að stofnanir innan ráðuneyta keppi um fjárframlög, því eins dauði er annars brauð. Því er hún auðskilin aðförin að náttúru- og umhverfisverndarfólki sem vinnur að skógræktarmálum og þarf að lúta valdi og njóta velvilja sama ráðherra. Nú er aðeins 1% af flatarmáli Íslands vaxið skógi en var um 30% við landnám og hefur ekkert evrópskt land orðið jafn illa úti í eyddum vistkerfum skóga, gróðurlenda og jarðvegs. Þetta eru verstu hamfarir af mannavöldum í Íslandssögunni og umhverfisslys á heimsmælikvarða. Það vekur enda furðu erlendra gesta að heyra af þessum fjandskap nokkurra embættismanna ríkisins út í einlægan og einbeittan vilja þjóðarinnar til að auka við skóglendi landsins að nýju. Sennilega átta þeir sig ekki á að baki þessu liggur samkeppni um fjármuni meðal stofnana umhverfisráðuneytisins og von um að málflutningurinn sé ráðherra þóknanlegur.

Undir lok greinar sinnar hvetur Snorri skógræktarfólk til „að vinna með umhverfisyfirvöldum og náttúrunni í því að endurheimta birkiskóginn“. Þessi ósk hans er kyndug í ljósi þess að skógræktarfólk hefur unnið náið með stjórnvöldum í 100 ár að þessum verkefnum. En ef yfirvöld til húsa í umhverfisráðuneytinu ætla að skaða skógræktarstarfið til frambúðar, með eins markvissum hætti og fram kemur í máli þjóðgarðsvarðarins og fyrrverandi forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, þá er friðurinn úti. Skýrasta birtingarmynd þess ásetnings sést best í áðurnefndum frumvarpsdögunum um breytingu á náttúruverndarlögum sem nýlega hafa verið kynnt. Það væri ekkert annað en umhverfisslys verði þessi frumvarpsdrög að lögum. Þá mun skógræktarfólk og annað ræktunarfólk snúast til varnar fyrir landið.

# ÞJÓNUSTU-DAGAR Á SHELL

## Full þjónusta á sjálfsafgreiðsluverði

**Til 20. apríl greiðir þú ekkert þjónustugjald þegar starfsmenn okkar á plani fylla á tankinn þinn á næstu bensínstöð Shell. Þú færð fulla þjónustu en greiðir eingöngu sjálfsafgreiðsluverð.**

Nokkrir af okkar reynslumiklu starfsmönnum á plani:



**Siggi**
Shell Suðurfelli



**Maggi**
Shell Hagasmára



**Árni**
Shell Kleppsvegi



**Gummi**
Shell Birkimel



**Elli**
Shell Birkimel

Þú lætur fara vel um þig í verslunum okkar eða inni í bílnum þínum á meðan starfsmenn okkar á plani sjá um að fylla á tankinn án þjónustugjalds.

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

ENNEMM / SÍA / NM42079

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ALBERT GUÐMUNDSSON** (1923-1994), atvinnumaður í knattspyrnu, ráðherra og sendiherra, lést þennan dag.

*„Pólitík er ekki aðeins að biðja fólkið að gera eitthvað fyrir þig; þú verður að gera eitthvað fyrir fólkið og þjóðina allan tímann.“*



## 90 ára afmæli

**Næstkomandi laugardag 9. apríl, er níræður**

**Ottó Gíslason,**

**Heiðnabergi 12, Reykjavík.**

Ottó fæddist í Viðey 1921 og sleit þar barnskónum, 18 ára flutti hann yfir sundið til Reykjavíkur. Hann vann hin ýmsu störf þar á meðal í Stálsmiðjunni, Söginni og fór á síld frá Siglufirði.
Um haustið 1947 byrjaði Ottó að vinna hjá Steypustöðinni hf, sem þá var að taka til starfa. Hjá Steypustöðinni starfaði hann til ársins 1998, lengst af við verkstjórn.
Á afmælisdaginn 9. apríl, býður Ottó ættingjum og vinum í afmæliskaffi og hlakkar til að gleðjast með þeim í Setrinu, Grand Hótel, milli kl. 16.00 og 18.00



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir og afi,*

**Erling Þór Proppé**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 4. apríl síðastliðinn. Útför hans fer fram mánudaginn 11. apríl í Fossvogskirkju klukkan 11.00. Blóm vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á FAAS, Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga, www.alzheimer.is eða í síma 533 1088.

**Fanney Proppé Eiríksdóttir**
**Anna María Proppé** **Þormar Sigurjónsson**
**Ástráður Þór Proppé**
**Erling Proppé Sturluson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Guðmundur Björn Sveinsson**

Kirkjuteig 13, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum Landakoti föstudaginn 25. mars. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 19. apríl kl. 15.00.

**Esther Ósk Karlsdóttir**
**Sævar Sveinn Guðmundsson**
**Elísabet Anna Guðmundsdóttir** **Bengt Wallin**
**Auður Björk Guðmundsdóttir**
**Siegfried Gudmundsson**
**Sabina Gudmundsson**
**Sarah Gudmundsson**
**Belinda Wallin-Tolf** **Nicklas Tolf**
**Isabelle og Patrica**
**Nathalie Wallin**
**Ozzy Wallin**
**Philip Wallin**
**Arthúr Sveinsson**
**Már Sveinsson** **Margrét Björnsdóttir**
**Sveina M. Sveinsdóttir** **Runólfur Sölvason**
**Linda M. Runólfsdóttir**
**Birgir Þór Runólfsson**
**Jón Guðmann Jónsson** **Karítas Sól Jónsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

115 ÁR FRÁ STOFNUN LANDAKOTSSKÓLA: OPIÐ HÚS Á MORGUN

# Viljum ekki of stóran skóla

Landakotsskóli var stofnaður árið 1896 og er því 115 ára um þessar mundir. Í tilefni af afmælinu verður opið hús í skólanum á morgun, 8. apríl.

„Við bjóðum gestum og gangandi að koma og skoða skólann en kennsla verður í gangi fyrir opnum dyrum í fyrramálið, frá 8.30-11.25,“ segir Sölvi Sveinsson, skólastjóri Landakotsskóla. Eftir hádegi munu nemendur skólans bjóða upp á skemmtidagskrá þar sem þeir syngja, leika á hljóðfæri og sýna dans.

Landakotsskóli er sjálfstætt starfandi grunnskóli, fyrir 1. til 10. bekk, ásamt deild fyrir fimm ára gömul börn. Skólinn var rekinn af kaþólsku kirkjunni til ársins 2005 en hefur verið rekinn sem sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri stjórn síðustu sex árin.

„Við viljum kynna sérstöðu skólastarfs okkar en sem dæmi er Landakotsskóli eini skólinn á landinu sem byrjar að kenna börnum ensku og frönsku strax frá og með fimm ára bekk. Auk þess kennum við fleiri tíma en krafist er í íslensku og stærðfræði og leggjum sérstaka áherslu á listgreinar. Þessar áherslur hafa skilað ljómandi árangri. Þannig voru börnin í 10. bekk Landakotsskóla langhæst í stærðfræði og náttúrufræði í síðustu PISA-könnun þar sem 117 skólar tóku þátt. Í lesskilningi voru þau næsthæst.“

Nemendur í Landakotsskóla eru 120 talsins í dag en í haust stefnir í að nemendur verði milli 150-160. Stefnt er á að nemendur séu orðnir 180 talsins innan þriggja ára. „Við erum með eina bekkjardeild í hverjum árgangi en til að geta sinnt hverjum nemanda vel viljum við ekki hafa fleiri en 16-17 nemendur í bekk. Skólinn má því ekki verða of stór. Kennslan verður persónulegri og nándin við hvern og einn nemanda meiri. Hér er líka talsvert af nemendum frá öðrum þjóðlöndum og við reynum að sinna þeim vel.“

Í sumar verður tekin upp sú nýbreytni að boðið verður upp á námskeið fyrir börn og unglinga í samvinnu Landakotsskóla og Myndlistaskólans í Reykjavík. Börnin verða því hálfan daginn í Myndlistaskólanum og hálfan daginn í Landakotsskóla og leik og listum þannig blandað saman.

„Ég hvet fólk til að líta inn til okkar á morgun. Það eru svo ótrúlega margir sem eiga leið hér hjá á hverjum degi og allir eru velkomnir að fylgjast með kennslu eða spjalla við starfsfólk skólans.“

juliam@frettabladid.is



**PERSÓNULEG KENNSLA** „Við erum með eina bekkjardeild í hverjum árgangi en til að geta sinnt hverjum nemenda vel viljum við ekki hafa fleiri en 16-17 nemendur í hverjum bekk,“ segir Sölvi Sveinsson, skólastjóri Landakotsskóla.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Margrét Ólafsdóttir**

leikkona,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 8. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á samtökin Heilaheill, 1175-05-765000, kt. 611294-2209.

**Steindór Hjörleifsson**
**Ragnheiður Steindórsdóttir** **Jón Þórisson**
**Steindór Grétar Jónsson** **Margrét Dórothea Jónsdóttir**

## Merkisatburðir

**1906** Tuttugu menn farast þegar þilskipið Ingvar RE 100 strandar í ofsaveðri skammt undan Viðey. Í sama veðri fórust 48 menn með tveimur skipum við Mýrar.

**1941** Togarinn Gulltoppur bjargar 33 mönnum af björgunarbát frá flutningaskipinu Beaverdale úti af Reykjanesi og bátar frá Hellisandi björguðu 32 mönnum af sama skipi úti af Snæfellsnesi. Skipið hafði verið skotið niður fjórum dögum áður.

**1943** Stjórnarskrárnefnd Alþingis skilar áliti og er sammála um að leggja til að 17. júní verði valinn til stofnunar lýðveldisins.

**1943** LSD er fyrst framleitt af Albert Hofmann.

**1989** Sovéski kafbáturinn Komsomólets sekkur í Barentshafinu undan strönd Noregs í eldsvoða. 42 sjómenn láta lífið.

**1994** Fjöldamorð á Tútsum hefjast í Kígalí í Rúanda.

**2009** Stöð 2 greinir fyrst frá því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi þegið 30 milljónir króna í styrk frá FL Group. Úr varð Styrkjamálið.



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, sonar, föður okkar, tengdaföður, afa og bróður*

**Kolbeins Arngrímssonar**

framreiðslumeistara, Suðurhlíð 38b,

sem lést þann 15. mars sl. Sérstakar þakkir til eigenda og starfsfólks Rúbíns/Keiluhallarinnar fyrir ómetanlega aðstoð.

**Svanhvít Óladóttir**
**Unnur Þórðardóttir**
**Óli Ragnar Kolbeinsson** **Kristín Ásta Ólafsdóttir**
**Ísak Kolbeinsson** **Ásdís Ingvadóttir**
**Sindri Snær Kolbeinsson**
**Daníel Dagur, Svanhvít Eva, Anna Kolbrún, Brynjar Óli og systkini hins látna.**



†

*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma*

**Ragnhildur Jónsdóttir**

frá Gautlöndum, áður til heimilis að Spítalavegi 13, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð þann 1. apríl síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 11. apríl kl. 13.30.

**Geirfinnur Jónsson** **Hlíf Sigurjónsdóttir**
**Sólveig Anna Jónsdóttir**
**Herdís Anna Jónsdóttir** **Steef van Oosterhout**
**Helga Pálína Brynjólfsdóttir**
**Eiríkur Gauti, Jón Ásgeir, Guðmundur Karl, Þórunn og Katla, Jón H., Böðvar Ingi H., Jakob og Tómas.**



**Ofurfyrirsætan** Naomi Campbell opnaði Pop-up verslun í Westfield verslunarmiðstöðinni í London á þriðjudag. Verslunin, sem selur föt sem fyrirsætur hafa klæðst á tískupöllum, verður opin í viku og rennur allur ágóði til góðgerðasamtakanna Prince's Trust.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473

NÝTT FYRIR FERMINGARDÖMUNA



teg. 10260 - mjög fallegur og mjúkur í BC skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg

BAUERFEIND

Betri blóðrás - bætt líðan
Þrýstingssokkar fyrirbyggja og meðhöndla:

- Bjúg
- Æðahnúta
- Blóðrásarvandamál
- Þreytu og þyngsl í fótleggjum

Bjóðum gott úrval vandaðra þrýstingssokka. Fagleg ráðgjöf og mælingar

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

NÝ SKÓSENDING



NeroGiardini
högl
KENNEL & SCHMENGER

hjá Hafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

**Eyrún Helga Guðmundsdóttir klippari skartar húðflúri af Mjallhvíti og vinum hennar:**

## *Ævintýralegt húðflúr*

Ég er sérstakur aðdáandi Disney-teiknimyndanna og hef alla tíð horft mikið á fyrstu teiknimynd Disney; Mjallhvíti," segir Eyrún Helga Guðmundsdóttir klippari. Hún skartar litskrúðugu húðflúri af aðalpersónum teiknimyndarinnar Mjallhvítar og vekur mikla athygli fyrir vikið.

„Ég vinn sem klippari, er til dæmis að klippa þættina Makalaus núna. Ég er útskrifuð úr Kvikmyndaskóla Íslands, teikna mikið sjálf og langaði að fá mér tattú sem væri fullt af litum og fallegum persónum, eins og ævintýrið um Mjallhvíti hefur."

Jón Páll Halldórsson húðflúrmeistari hjá Íslenzku húðflúrstofunni sá um verkið. „Ég treysti Jóni Páli vel þannig að ég var ekkert stressuð, en ég hefði ekki treyst öðrum til að gera þessa mynd, það er mjög gott að vinna með honum. Jú, þetta hefur vakið mikla athygli og fólki finnst ótrúlegt að hægt sé að gera tattú að svona miklu listaverki, með þessum skyggingum. Tattúlistin hefur nefnilega þróast svo mikið síðustu árin, með betri nálum og tækni."

*- jma*



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fermingartilboð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið GÆÐA- og verðsamanburð



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

| SAGA | |
|---|---|
| Stærð | Verð |
| 120x200 | 109.900 kr. |

| IQ-CARE | |
|---|---|
| Stærð | Verð |
| 120x200 | 164.900 kr. |

Svefn & heilsa
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

# TÍSKA



**Tískustraumarnir** í fylgihlutum fyrir haustið liggja fyrir og kennir ýmissa grasa. Kögurveski, leður, loðskinn, krókódílaskinn og síðir eyrnalokkar eru þar efst á baugi og því er ljóst að eitthvað verður fyrir alla.






# Maðurinn á bak við Palla

**Coco Viktorsson á heiðurinn að mörgum af skrautlegustu búningum Páls Óskars Hjálmtýssonar.**



Coco segir Pál Óskar þora að vera öðruvísi og því sé gaman að hanna fyrir hann.

MYND/ODDVAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MYND/GOLLI

Skrautlegur klæðaburður er stór hluti af ímynd tónlistarmannsins Páls Óskars Hjálmtýssonar og setur jafnan skemmtilegt yfirbragð á tónleika hans, enda er sjónarspil ekki síður mikilvægt en hressir tónar. Coco Viktorsson veit allt um það enda maðurinn á bak við marga af skrautlegustu búningum söngvarans.

„Palli er einn af mínum bestu vinum og ég hef saumað á hann fatnað um margra ára skeið, bæði áður og eftir að hann varð þekktur," segir Coco og bætir við að frægðin hafi engu breytt, Páll Óskar sé alltaf jafn þægilegur í samstarfi. „Auðvitað hefur hann sínar skoðanir og fær að hafa úrslitaáhrif á útkomuna, en hann er ávallt opinn fyrir nýjum hugmyndum."



Coco Viktorsson.

MYND/RAGNHEIÐUR HRÖNN

Fatahönnun hefur verið Coco hugleikin um langt skeið. Aðeins fjórtán ára var hann sestur við saumavél stjúpmóður sinnar í Perú, þar sem hann er fæddur og uppalinn. „Frumraunin var eftirlíking af buxum sem mig langaði í en hafði ekki efni á. Útkoman var fullkomin en ekki vildi þó betur til en svo að þær hlupu strax í fyrsta þvotti," minnist hann og hlær og segist þannig hafa lært sína lexíu. „Að nota bara vönduð efni í saumaskapinn."

Coco fer eigin leiðir í saumaskapnum og fær gjarnan hugmyndir á ferðalögum um heiminn. Hann segist lengi vel ekki hafa séð fatasaum sem framtíðarstarf en ákvað að láta á reyna fyrir tveimur árum þegar hann skellti sér í klæðskeranám í Tækniskólanum. „Ég gerði það til að læra betur að koma hugmyndunum frá mér," útskýrir Coco, sem langar helst að komast á mála hjá einum af stóru tískuhúsunum. „Draumurinn er París."

Næst liggur þó fyrir stórt verkefni, tónleikar Páls Óskars í Hörpunni í júní. „Þetta verður heilmikil sýning, fullt af nýjum skemmtilegum búningum sem hafa ekki áður sést," segir Coco og er ekki frá því að margir eigi eftir að reka upp stór augu þegar poppgoðið stígur á svið.

*roald@frettabladid.is*















Línan vakti athygli bæði innlendra og erlendra gesta á Reykjavík Fashion Festival og stefna hönnuðirnir á markaðssetningu erlendis.

# Rain Dear tískulínan á koppinn

**Fatalínan Rain Dear vakti talsverða athygli gesta á nýafstöðnum HönnunarMars og á Reykjavík Fashion Festival, þar sem hún var frumsýnd. Að baki línunni standa tvær konur – fatahönnuðurinn Heiða Eiríksdóttir og textílhönnuðurinn Þorbjörg Valdimarsdóttir.**

Þorbjörg Valdimarsdóttir textílhönnuður og Heiða Eiríksdóttir fatahönnuður frumsýndu sína fyrstu fatalínu undir merkinu Rain Dear, á hátíðunum HönnunarMars og Reykjavík Fashion festival nú á dögunum. Þar vöktu þær athygli bæði erlendra og innlendra gesta og þótti línan koma á óvart.

„Við fengum frábær viðbrögð og mikla athygli og hittum meðal annars blaðamenn stórra erlendra tískutímarita um helgina. Það skiptir alltaf miklu máli fyrir hönnuði, upp á trúverðugleika vörunnar,“ útskýrir Heiða.

„Við hönnum hátískufatnað á konur á aldrinum 25 til 55 ára af öllum stærðum og gerðum. Við vinnum mikið með plastefni en Rain Dear er þó ekki hugsað sem útivistarfatnaður, heldur hátíska,“ segir Heiða en línan inniheldur meðal annars litríkar kápur, slár og samfestinga.

Fyrirtækið hafa þær stöllur undirbúið síðustu tvö ár og eru nú þegar komnar í samvinnu við ítalskan framleiðanda sem bæði býr til efnið í flíkurnar og framleiðir þær.

„Allt efnið er sérútbúið fyrir okkur en við látum vinna saman ólíkar tegundir af efnum í eitt, sem er nýsköpun út af fyrir sig, en efnið er síðan gert vatnshelt. Plast er auðvitað ekki umhverfisvænt efni en stefnan hjá okkur er að hver kápa verði afhent í tösku sem nýtist kaupandanum áfram. Í framhaldinu verður svo skilagjald á gömlum kápum þannig að afsláttur fæst af nýrri kápu og við endurnýtum gömlu kápuna í hluti í samvinnu við aðra hönnuði.“



Heiða Eiríksdóttir og Þorbjörg Valdimarsdóttir hanna hátískufatnað á konur af öllum stærðum og gerðum.
MYND/BJARNEY LÚÐVÍKSDÓTTIR

Eftir vel heppnaða frumsýningu er næsta skref að koma línunni á markað. Von er á fyrstu vörunum í verslanir snemma árs 2012 og er stefnan tekin á útlönd.

„Við stefnum á Bretlandsmarkað en erum að vinna markaðskönnun í Skandinavíu líka. Nú leitum við að umboðs- og dreifingaraðilum til að koma vörunni á markað, en varan fer í verslanir í byrjun árs 2012.“

Heiða segir mikinn kraft vera í íslenskum hönnuðum, HönnunarMars og RFF sanni það og sýni. Hún segir aðstandendur hátíðanna eiga hrós skilið fyrir fagleg vinnubrögð. „Það var frábærlega að öllu staðið, sérstaklega að fá hingað blaðamenn frá virtum erlendum fjölmiðlum í hönnunargeiranum. Mér fannst einnig mikil samstaða meðal íslenskra hönnuða, sem er mikilvægt.“ *heida@frettabladid.is*



Efnin eru samsett úr ólíkum efnistegundum hjá ítölsku framleiðslufyrirtæki, sem framleiðir einnig flíkurnar.



Tískulínan Rain Dear er ekki hugsuð sem útivistarfatnaður þó vatnsheld sé, heldur hátísku götufatnaður.





## CHANEL dagar í Hygeu Kringlu og Hygeu Smáralind 7. - 10. apríl.

Verið velkomin í snyrtivöruverslun Hygeu. Chanel sérfræðingar munu taka vel á móti ykkur og veita faglega ráðgjöf.

**Nýjungar í Chanel:**

- **Rouge Coco Shine** varalitur, nýjasta æðið í Chanel. Varalitur sem eykur vellíðan og gefur 8 tíma raka. Frábærir litir.
- Nýtt “look” fyrir augu. Nýr maskari “Sublieme De Chanel” augnhárin eru í aðalhlutverki, hann lengir, brettir og þykkir.
- Næring fyrir augnhárin, góð undir maskarann og einnig ein og sér yfir nótt. Verndar og nærir augnhárin.
- Augnskuggar bæði einfaldir nýir litir og fjórfaldir í bláum tónum.
- Hydramax + Active kremlínan hjálpar þér að fríska upp og viðhalda heilbrigði húðarinnar. Hydramax ver húðina gegn eiturefnum frá umhverfinu og gefur henni mjög góðan raka.
  **Nýtt í línunnni; Hydra Beauty serum,** mjög kröftugur rakagjafi fyrir húðina, mýkir hana og fyllir orku svo hún ljómar af heilbrigði.

**Glæsileg gjöf fylgir þegar keyptir eru tveir hlutir eða fleiri, þar af eitt krem í Chanel.**

**Gjöfin er Chanel snyrtitaska.***




HYGEA
snyrtivöruverslun

* Á meðan birgðir endast.

Eirberg




Ný sending af sundfatnaði komin

Opið frá kl. 9-18
og á laugardögum kl. 11-16

Stórhöfða 25
Sími 569 3100 • eirberg.is

MC PLANET



SPENNANDI

Opið
mán.fim 12–18, fös. 12–16,
Sími 694 7911
Eikjuvogur 29, 104 Rvk.



Páfuglshöfuðskraut eftir Konstantin Gayday.



Rússneski hönnuðurinn Konstantin Gayday vakti athygli fyrir fagran höfuðbúnað.



Heiðblá fjaðrakápa eftir Slava Zaitsev.

Oddhvassir axlapúðar og nútímaleg hönnun eftir Nadya Glaskova.

Rússnesk hefð skín í gegn hjá Slava Zaitsev.

Lífleg hönnun eftir Venera Kazarova.

# Rússneskt og yfirdrifið

Mercedes Benz-tískuvikunni sem haldin var í Rússlandi, í höfuðborginni Moskvu, lauk í gær. Tískusýningin er sú stærsta í Austur-Evrópu en þar eru sýndar tískulínur upprennandi rússneskra tískuhönnuða auk alþjóðlegra hönnuða. Sýningarnar voru af mismunandi toga, allt frá lágstemmdum klassískum flíkum og upp í yfirdrifnar múnderingar.



NÁM Í DANMÖRKU

HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE Í HORSENS
BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

Í BOÐI ER:

Á ENSKU OG DÖNSKU
• Byggingafræði
• Véltæknifræði
• Byggingaiðnfræði
• Markaðshagfræði
• Byggingatæknifræði

Á ENSKU
• Tölvutæknifræði
• Framleiðslutæknifræði
• Útflutningstæknifræði
• BS í Markaðsfræði

Á DÖNSKU
• Véltækni
• Landmælingar
• Vöruþróun og tæknileg sameining
• Aðgangsnámskeið

Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi: 08.04-16.04.2011.
Áhugasamir geta haft samband í síma 845 8715.
Leggið inn skilaboð og við munum hringja til baka.

VIAUC.DK/HORSENS

VIA UNIVERSITY COLLEGE
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens

Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: tekmerk@viauc.dk

VIA UNIVERSITY COLLEGE

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Full búð af nýjum vörum



MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

GEFÐU LÍF
Í FERMINGARGJÖF



KROSSINN
FÆR NÝTT LÍF
í nýrri silfurlínu Olgu Nielsen.
7 Krossinn er seldur til styrktar fæðingar- og kvennadeildar Landspítalans (gefdulif.is).
Krossinn er blessaður af biskupi Íslands, Karli Sigurbjörnssyni.

gling glo

Kornelíus, Bankastræti 6, s.6608919



Mediline-rúmbotnar fást annaðhvort í hvítu eða svörtu leðurlíki og með ljósum eða dökkbrúnum fótum. Ítalskir rafmagnsbotnar standa líka til boða.



Staðlaðar og lúxusútgáfur af Mediline-rúmunum bjóðast, en í þeirri síðarnefndu bætast yfirdýnur ofan á grunndýnur. MYND/STEFÁN



Hjá Lystadún-Marco fást líka í góðu úrvali íhlutir í rúm, skápúðar, koddar og fleira sem setur persónulegan svip á umhverfið.



Yfirdýnurnar skiptast í Supersoft-. Celsius- og Latexdýnur.

# Heilsan er okkar dýrmætasta eign

**Gæði, fjölbreytni og sanngjarnt verð. Þannig er Mediline-heilsurúmunum frá Lystadún-Marco í Mörkinni 4 best lýst.**

Lystadún-Marco hefur um árabil séð landsmönnum fyrir heilsurúmum og -dýnum. Fyrir skömmu setti fyrirtækið á markað samhæfða línu af heilsurúmum undir merkjum Mediline þar sem komið er til móts við ólíkar þarfir hvers og eins.

„Eins og heitið gefur til kynna leggur línan höfuðáherslu á heilsuna, enda okkar dýrmætasta eign og þar standa margar gerðir, stærðir og stífleikar af dýnum, sem er svo hægt að útfæra frekar í samráði við viðskiptavininn," segir Valdimar Grímsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda fyrirtækisins.

Í staðlaðri útfærslu af rúminu er hægt að velja um fimm gerðir grunndýna. Ofan á það bætast við þrjár gerðir af yfirdýnum verði lúxusútgáfa af Mediline-rúmi fyrir valinu. Helsti kosturinn er þó óupptalinn. „Í staðlaðri útgáfu af tvíbreiðu rúmi er hægt fá tvær gerðir grunndýna í sama dýnuverinu, aðra mjúka og hina stífa. Það hentar til dæmis pari með ólíkar þarfir og fyrirbyggir að dýnurnar gliðni í sundur á nóttunni, sem getur valdið óþægindum. Svipaða leið er hægt að fara í lúxustýpunni. Þetta gerir Mediline-rúmin alveg einstök á heimsvísu."

Þá getur viðskiptavinurinn haft áhrif á endanlegt útlit rúmsins. „Hann getur valið um lit á rúminu, á höfðagaflinn og fleira," segir Valdimar og getur þess að sjúkraþjálfari veiti faglega ráðgjöf við val á rúmi á fimmtudögum frá klukkan 16-18.



**● FYRIR FERMINGARBARNIÐ** Í Lystadún-Marco er að finna ýmsar sniðugar fermingargjafir. Þar á meðal einbreið rúm sem sóma sér vel í hvaða unglingaherbergi sem er. „Verslunin selur í þau ýmsa íhluti, svo sem höfðagafla, skápúða, stóra kodda og fleira sem getur breytt rúminu í sófa. Það hentar unglingum vel sem vilja nýta vistaverur sínar á fleiri vegu en sem svefnherbergi," segir Valdimar Grímsson.



**● GOTT ÚRVAL SVEFNSÓFA** Lystadún-Marco hefur framleitt hágæða svefnsófa í meira en 60 ár. Fyrirtækið er nú með til sölu þrjár mismunandi gerðir sem viðskiptavinir geta látið sérsníða inn í sitt umhverfi, með stærð og áklæði að eigin vali. Að sögn Valdimars Grímssonar er svefnflöturinn sá besti sem völ stendur á og verðið gott.





# Tæp 50% telja Tempur best fyrir bakið

**Vitundarvakning fólks um heilsu og mikilvægi góðrar hvíldar er góðs viti að mati þeirra hjá Betra baki.**

„Þetta hefur verið sígandi lukka hjá okkur, en yfirleitt veit fólk núna hvað við meinum með orðinu heilsudýna," segir Egill Reynisson, framkvæmdastjóri Betra baks, sem selur dýnur frá Tempur, en sá dýnuframleiðandi hefur náð góðri fótfestu á markaði eftir um átján ár í framleiðslu og með sífelldri þróun. Upphaflega voru það vísindamenn hjá NASA sem þróuðu efnið til að dreifa þyngdarálagi á líkama geimfara við geimskot. Þróunarleyfi var veitt í kjölfarið á góðri reynslu þeirra og efnið varð síðan að Tempur með þróunarstarfi sænskra vísindamanna. 1998 fékk Tempur-Pedic sérstaka viðurkenningu NASA fyrir að „nýta tækni þróaða af NASA til að auka lífsgæði fólks".

„Fólk er farið að þekkja þessa einstöku eiginleika Tempur-dýnanna vel og sumir telja sig hreinlega ekki geta sofið í annars konar rúmum eða legið á annars konar koddum," segir Egill, sem einnig telur mikilvægt að ráðgjafar söluaðila séu meðvitaðir um misjafnar þarfir fólks og leiðir til að uppfylla þær.

Í síðasta mánuði stóð Fagráð viðskiptaráðgjöf fyrir rannsókn á upplifun fólks af rúmum. Sex rúmum var stillt upp og fólk beðið að meta gæði þeirra, án þess að sjá upplýsingar um verð þeirra eða tegund. Könnunin leiddi í ljós að af sex mismunandi rúmtegundum mátu tæp 48 prósent þátttakenda Tempur vera það rúm sem veitti hvað best-an stuðning við bak og mjóhrygg. Í öðru sæti var Midnight-þrýstijöfnunardýna sem fæst í versluninni Dorma, en tæp fimmtán prósent völdu hana.

Egill segir niðurstöður úr könnunum af þessu tagi vera mikilvægt verkfæri í kistu söluráðgjafans, því vitneskjan um hvað fólk metur mikilvægast þegar kemur að kaupum á rúmum sé nauðsynleg til þess að geta þjónað fólki betur. Einnig sé áhugavert hvað þrýstijöfnunardýnurnar skari langt fram úr í þessari rannsókn, en Tempur-heilsudýnan var einnig valin þægilegasta dýnan miðað við uppáhaldssvefnstöðu hvers og eins.






Egill (í blárri peysu) og samstarfsfólk hans í versluninni Betra bak. MYND/STEFÁN

Það eru engin ný sannindi að mikilvægt sé að vanda til valsins þegar að rúmum kemur.

Galdurinn við að velja sér dýnu er að gefa sér góðan tíma í að liggja á henni og ekki láta neinn reka á eftir sér. Ef maður deilir rúminu með einhverjum ætti sá hinn sami auðvitað að prófa líka. Þetta á að verða hvílustaður þinn um mörg komandi ár og því skiptir öllu að velja rétt. Söluráðgjafinn á að vera þarna til að aðstoða þig við að velja það besta sem hentar þér, en ekki segja þér hvað þú átt að kaupa.

Það er gott ráð að byrja að prófa ódýrustu rúmin og vinna sig svo áfram upp verðskalann þar til maður hittir á réttu dýnuna út frá verði og gæðum. Nauðsyn er að gefa sér góðan tíma og snúa sér og bylta, eins og fólk gerir í svefni. „Það mega allir koma upp í rúm hjá okkur og vera eins lengi og þeir vilja," segir Egill kankvís en bætir við að gott sé að vita af því að hægt sé að skila rúmunum innan þrjátíu daga eftir að heim er komið.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429 og Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is s. 512 5432.





Himnasæng með kínversku sniði frá árinu 1750.



Svefnherbergi Henri II (1519-59) og Diane de Poitiers (1499-1566).

NORDICPHOTOS/GETTY

# Undir hárri himnasæng

**Fátt er rómantískara en að kúra í mjúku rúmi og horfa upp í hvítt flaxandi léreft yfir höfði sér.**

Höfðingjar, fyrirfólk, kóngar og drottningar hvíldu undir himnasængum hér fyrr á öldum. Himnasængin var þó í upphafi síður en svo tákn glæsileika og ríkidæmis. Raunar var hún notuð af almenningi, sem þannig skýldi sér betur fyrir vosbúð og kulda í fremur óþéttum híbýlum þess tíma.



Stæðilegt eikarrúm frá árinu 1570.

Rúm með himnasæng og tjöldum sem hægt var að draga fyrir voru síðar notaðar af lávörðum og aðalsmönnum á miðöldum til að halda á sér hita en ekki síður til að fá meira næði. Enda svaf fylgdarfólkið oft í sama herbergi.

Fram að sextándu öld voru slík rúm fremur látlaus. Upp úr því varð útskurður á höfðagafli og súlum vinsæll og rúmin æ skrautlegri.



Himnasængur þykja rómantískar enda veita þær ástföngnu pari gott næði og fallega umgjörð.

NORDICPHOTOS/GETTY



Öll rúmin eru hönnuð, framleidd og smíðuð í verksmiðju RB rúma í Hafnarfirði.



„Vinsælt er að vera með bólstraðan höfðagafl og klæða rúmbotninn í sama efni. Þá kaupa einnig margir náttborð í sama stíl," segir Birna Katrín Ragnarsdóttir hjá RB rúmum.

MYND/GVA

# Framleiða um 500 hótelrúm

**RB rúm að Dalshrauni 8 í Hafnarfirði hanna og framleiða rúm, höfðagafla og húsgögn, allt eftir þörfum viðskiptavina sinna.**

„Fermingarrúmin eru vinsælust hjá okkur í dag," segir Birna Katrín Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri RB rúma, um það sem helst er á döfinni hjá fyrirtækinu um þessar mundir. „Það liggur við að við vinnum á vöktum því það er svo mikið að gera," segir hún glettin og með sanni má segja að starfsmenn RB rúma hafi í nógu að snúast. Fyrir utan fermingarvertíðina liggur fyrir pöntun á um 500 hótelrúmum sem fyrirtækið þarf að smíða fyrir hin ýmsu hótel á Íslandi.

En hvaða rúm eru vinsælust meðal fermingarbarnanna? „Við hönnum rúmin eftir óskum krakkanna og því geta þau valið lengd, breidd, hæð, stífleika og útlit," svarar Birna og greinir stolt frá því að rúmin liggi aldrei á lager hjá fyrirtækinu heldur séu framleidd eftir óskum viðskiptavinanna. „Undantekningalaust reynum við síðan að klára rúmið fyrir fermingardaginn," segir hún glaðlega.

Hún segir algengast að fermingarbörnin velji rúm sem eru 90 til 120 cm á breidd. Öll séu þau með svokölluðu tvöföldu fjaðrakerfi en í því felst að springdýna liggur ofan á trégrind með fjöðrum. „Þá er einnig vinsælt að vera með bólstraðan höfðagafl og klæða rúmbotninn í sama efni. Þá kaupa einnig margir náttborð í sama stíl," segir hún en náttborðin eru helsta nýjungin í framboði RB rúma. Einnig eru kistlarnir vinsælir, sem fyrirtækið smíðar í öllum stærðum. Í þeim er gott geymslupláss en þá má einnig nota sem sæti.

RB rúm standa á gömlum grunni en fyrirtækið var stofnað af föður Birnu, Ragnari Björnssyni, árið 1943. „Það er enn í dag fjölskyldufyrirtæki og öll okkar framleiðsla og sala fer fram hér í Hafnarfirðinum," segir Birna en bætir við að vörurnar séu einnig seldar í Bústoð í Keflavík og Vörubæ á Akureyri. Hún segir marga þekkja til fyrirtækisins og góður orðstír þess hafi borist víða, jafnvel út fyrir landsteinana. Til marks um það hlutu RB rúm í lok síðasta árs alþjóðleg verðlaun á International Quality Crown Awards í London fyrir vandaða framleiðslu og markaðssetningu. „Við vorum mjög ánægð með þessi verðlaun, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess að ekki er hægt að sækja um verðlaunin heldur verður einhver að tilnefna okkur," útskýrir Birna. Hún bendir fólki á heimasíðu fyrirtækisins www.rbrum.is ef það vill fá nánari upplýsingar.




RB rúm hlutu alþjóðleg verðlaun í lok síðasta árs fyrir vandaða framleiðslu og markaðssetningu.



skovby
Excellent Dining Rooms
Borðstofuhúsgögn
afar vönduð dönsk húsgögn - Mikið úrval
Sófar og sófasett
Italsofa
Hornsófi m/slitsterku áklæði - Verð kr. 369.000.-
3ja sæta sófi/leður - kr. 212.000.- / 2ja sæta kr. 166.000.-
Sófasett 3+1+1 m/slitsterku áklæði - Verð kr. 390.000.-
FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
Afar vandað stækkanlegt borð fyrir 6-20 manns. Ljós eik, massív sápuþvegin eik, kirsuber,tekk og hnota
Hönnuður: Per Hansbæk
Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 568-5375
Opið virka daga kl. 10-18 Laugardag kl. 11-16
www.valhusgogn.is




basic
sími 571-5671
Basic Plus Háholti 13-15 við hlið Krónunar í Mos.
Venjulegur opnunartími mán - föst 12:00-18:30
laugardaga 11:00 - 16:00
30% kjóll 16.990.-
30% kjóll 8.990.-
30% kjóll 16.990.-
30% Kjóll 11.990.-
Föstudagsfjör...
Rýmum til fyrir sumarvörum
30% afsl. af völdum vörum
ásamt fleiri tilboðum.
Fyrstur kemur fyrstur fær.
Opið til 20:00 föstud. 8.apríl
Golden Rose

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR



Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Sólarlitir og fjörleg munstur í sumaryl

Eftir heldur daprar vikur sem hafa einkennst af hörmungum í Japan og óróleika í arabalöndum virtist skyndilegur vorhiti smita Parísarbúa á laugardag. Skyndilega fylltust búðir og götur af fólki í leit að léttari klæðnaði til daglegra nota. Verðandi brúðir freistuðu þess að finna kjóla fyrir borgaralega brúðkaupið og líka tilvonandi tengdamömmur sem eru að fara að gifta börnin sín því vorið og sumarið er hér tími brúðkaupa.

Litirnir í sumar eru sterkir og að sjálfsögðu tilbreyting frá öllum dökku vetrarlitunum en ekki síður frá hinum týpísku fölu sumarlitum í pastel sem svo gjarnan einkenna sumartískuna. Nú eru þeir fúksíubleikir, gulrauðir eða sítrónugulir og er jafnvel blandað saman fleiri en einum. Látleysi er ekki lykilorðið í sumar því í viðbót við sterka liti er mikið um munstrað efni og oft í afgerandi litum. Þar getur allt eins verið um að ræða rómantískt blómamunstur með litlum frelsisblómum upp í heilu blómagarðana á flíkinni. Svo má nefna ýmis konar grafísk munstur í anda síðhippaáranna með skörpum línum. Blúndur og útsaumur eru enn áberandi hjá mörgum hönnuðum eins og hefur verið og oft eru stórar heklaðar blúndur saumaðar á annað efni.



Stuttbuxur verða áfram ómissandi og, líkt og bermúdabuxur hjá herrunum, notaðar í staðinn fyrir síðbuxur, sem í eina tíð þótti ekki fínt í daglegu borgarlífi. Nú þykir ekkert athugavert við að vera í stuttbuxum alla daga og ef sólin hverfur eru bara notaðar munstraðar sokkabuxur við, sem ætti að gleðja íbúa á norðurslóðum. Önnur góð frétt fyrir þá sem búa við lágan sumarhita er perfektóleðurjakki sem er ómissandi í sumar, stuttur og dálítið rokkaralegur, til dæmis í rauðu leðri hjá Jean-Paul Gaultier, fínn til að halda á sér hita ef ekki rignir.

Nýjungarnar eru ekki margar hjá tískuhúsunum í sumar en ein þeirra er kragalaus jakki, bæði frá Carven og Stellu McCartney. Hins vegar sagði mér innkaupastjóri hjá einu af stóru magasínunum í París að kragalausir jakkar og frakkar væru alltaf erfiðir í sölu því viðskiptavinirnir spyrðu alltaf hvað ætti að setja um hálsinn.

Annað merkilegt: þó að hælar séu enn svimandi háir eru strigaskór í stíl Converse inni líka, hinar frægustu stjörnur spóka sig í þeim, jafnvel þær sem ganga um með fimm þúsund evru Hermès-töskur. Sumir hanna slíka skó fyrir þekkt skómerki en aðrir framleiða sína eigin, eins og Lanvin eða Dolce et Gabbana.

*bergb75@free.fr*



Systurnar Mary-Kate og Ashley Olsen eru að safna augabrúnum.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Óplokkaðar augabrúnir

**Plokkaðar augabrúnir virðast á nokkru undanhaldi ef marka má útlit nokkurra þekktra tískufyrirmynda.**

Frjálslegar óplokkaðar augabrúnir eru að ryðja sér til rúms og má sjá stjörnurnar skarta myndarlegum augabrúnabrúskum þessa dagana.

Þeirra á meðal eru systurnar Mary-Kate og Ashley Olsen, sem eru þekktar fyrir ríka tískuvitund. Þær hafa lengst af verið með vandlega mótaðar augabrúnir en virðast nú hafa sagt skilið við plokkarann og koma til dyranna eins og þær eru klæddar. Útkoman minnir eilítið á útlit fyrri tíma þegar minnstu smáatriði voru ekki jafn útpæld og nú.







# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Pípulagnir**
Vantar þér pípara? Hringdu í Rivus ehf S.8563030 rivus@rivus.is FAGLEG ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

**MINIGRAFA**
Tilvalinn í garðinn gröfum fyrir öllu. Staurabor - Fleygur Fast verð eða tímavinna. Uppl. í síma 771 9800.

**Láttu fagmenn vinna verkið.**
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössi 696 6676
www.hellulagnir.is

Þarf að gera eitthvað í garðinum?
GARÐAR BEST
gardarbest.is - sími 698 9334

Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@ gardarbest.is Facebook: Garðar best.

HreinirGarðar
Trjáklippingar og trjáfellingar
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Tökum að okkur alhliða garðavinnu og hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsum, sláum og fleira.
Vönduð vinnubrögð!
Róbert S. 866 9767

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbatæting
- Garðaúðun
- Þökulagnir
- Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Gardlist.is

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**Garðaumsjón:**
Felli tré, grisja og snyrti. Hagstæð kjör. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**
Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.
Uppl. í síma 899 2420.

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**
Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.
Uppl. í síma 899 2420.

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Tilboð þér að kostnaðarlausu
Upplýsingar í s: 820 8888
Lóðavinna · Hellulagnir · Múrviðgerðir
Flísalagnir · Pípulagnir
Málningavinna · Smíðavinna
VERKKRAFTUR VERKTAKAR

# Þjónustuauglýsingar

BRA BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

CARGO sendibílaleiga 566 5030 www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

Framleiðum lok á heita potta og sérsaumum yfirbreyðslur úr segli
Upplýsingar gefur Svandís í síma 848-5077 eða tjalda@simnet.is

Hjólbarðaviðgerðir
Smurþjónusta
Bremsur
Demparar
Rafgeymar
o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3 Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

DRÁTTARBEISLI
Eigum dráttarbeisli undir ýmsar gerðir bifreiða á lager
BA BÍLASALA AKUREYRAR HF
FREYJUNESI 2 • 603 AKUREYRI
SÍMI 461 2533 • FAX 461 2543

Til leigu
Bjóðum til leigu vel útbúnar hjólagröfur með rototilt og ýmsum gerðum af skóflum
KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

B.S.VERKTAKAR
Málun bílastæða
Vélsópun
Malbiksviðgerðir
Bílastæðaskilti
Hellulagnir
5514000-www.verktak.is

GARÐÁLFARNIR GARÐAÞJÓNUSTA
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Sláttur
Heimapúttvellir
Fáið tilboð ykkur að kostnaðarlausu!
577 4444

[ AIS Fyrir Báta og Skip ]
AIS Class – A
AIS Class – B
AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

WWW.DEKKJABAER.IS
DEKKJABÆR
DEKKJAÞJÓNUSTA
DEKKJASALA
SMURÞJÓNUSTA
VIÐGERÐIR
ÞJÓNUSTUBÍLL
10% AFSLÁTTUR
HRAUNBÆR 131, 110 REYKJAVÍK
VIRKA DAGA: 9-19 LAUGARDAGA: 10-16 UPPLÝSINGAR Í SÍMA: 661 6460

MP Sólpallar ehf
Gerum tilboð í Sólpalla Hellulagnir
S. 893 3300
www.solpallur.is
24 ára reynsla í faginu

Gabriel demparar í 40 ár
Gabriel
GS varahlutir
Bíldshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

NEW HOLLAND CONSTRUCTION
Varahluta- og viðgerðarþjónusta
New Holland – O&K – Fiat – Fiat Hitachi
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar: 555 6670 / 892 3996 • www.velanaust.is

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

Alla fimmtudaga

## Rafvirkjun

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

# BÍLAR & FARATÆKI

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



CHEVROLET Cavalier ls. Árgerð 2004, ekinn 117 Þ.KM,2,2ltr vél 140hp bensín, sjálfskiptur TILBOÐ 850þ eyðsla 10-11 ltr/100km Ásett verð er 1.250þ Skoðar skipti Rnr.153219. USA bíll - Tjónlaus.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

hjól.is bestir í hjólum...



LYNX Rave rc 800 pt. Árgerð 2008, ekinn 1 Þ.KM Sleðinn er eins og nýr Kraftpúst á sleðanum og stillanleg fjöðrun og stöddar í beltinu. Páskatilboðið í ár 999.000 möguleiki á láni 850 þ Fyrstur kemur Fyrstur Fær.

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**www.hjol.is**

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



NISSAN X-trail. Árgerð 2005, ekinn 77 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.050.000. Rnr.101600.



TEC Travel king 510tkm kojuhús. Árgerð 2005, sólarorka, Verð 2.790.000. Rnr.203957.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**




HJÓLHÝSI, A-HÝSI, FELLIHÝSI, PALLHÝSI!!, Okkur vantar ferðavagna á staðinn og á skrá, Við sérhæfum okkur í ferðavögnum allt seldist upp síðasta sumar, Frábært 5000m2 plan með góðri nágrannavörslu og flottur 750m2 salur þar sem fellhýsin standa uppsett, Við erum ekki staddir í iðnaðarhverfi, Endilega sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



M.Benz G55 AMG Árgerð 10/2005, ekinn 63þ.km, einn með ÖLLU. Hrikalega flottur bíll sem er á staðnum hjá okkur! Verð 9.900.000kr. Raðnúmer 151601. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

TOPPBÍLAR bílasala



TOYOTA Hilux 38". Árgerð 1989, ekinn 107 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 890.000. Loftpúðafjöðrun aftan - 302 Mótor - Nýupptekin skipting og vél - Nýheilmálaður - loftlæstur framan og aftan - Ný 4:88 hlutföll - 44" Breyttur

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



**Sérhæfum okkur í sölu á ferðavögnum.**
Óskum eftir öllum gerðum af bílum, ferðavögnum, vélum og tækjum á skrá. Óskum sérstaklega eftir skráningum af öllum stærðum og gerðum af HÚSBÍLUM og HJÓLHÝSUM Visa/Euro. Stórt útipláss.

**Ferðavagnamarkaður.is**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

TOYOTA SELFOSSI



TOYOTA Hilux double cab d/c, sr new. nýskr 4/2010, ek 20 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.290.000. Rnr.139146.A.T.H er á staðnum



TOYOTA Land cruiser 120 vx 33". nýskr 10/2004, ek 85 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.115232. a.T.H er á staðnum - mjög gott eintak



TOYOTA Rav4 gx. nýskr 3/2006, ek 47 Þ.KM, bensín, sjálfsk. Verð 2.490.000. Rnr.231029. A.T.H er á staðnum, Einn eigandi og mjög gott eintak.



TOYOTA Yaris sol 1300 sjálfskiptur. nýskr 9/2004, ek 91 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.150.000. Rnr.114948. A.T.H er á staðnum



SSANGYONG Kyron disel. nýskr 6/2006, ek 87 Þ.KM, bensín, beinsk. Verð 2.590.000. Rnr.273544. A.T.H er á staðnum



OPEL Corsa enjoy 90% lán. nýskr 6/2008, ek 88 Þ.KM, bensín, beinsk. ásett Verð 1.490.000. Rnr.231056. A.T.H er á staðnum - möguleiki á 90% láni með afb uppá ca 21.600 pr mán í ca 65 mán



TOYOTA Tundra crewmax limited. nýskr 10/2007, ek 55 Þ.MÍLUR,ljóst leður, palllok, o.fl, sjálfsk. Ásett verð 4.990.000. Rnr.138037.A.T.H er á staðnum



HYUNDAI Terracan 2900 glx. nýskr 04/2002, ek182 Þ.KM, dísel, sjálfsk.er á nýjm dekkjum, ásett Verð 1.390.000. Rnr.114955.A.T.H er á staðnum

TOYOTA SELFOSSI



SUBARU Forester cs. nýskr 03/ 2007, ek 43 Þ.KM, sjálfsk. Ásett Verð 2.690.000. Rnr.115088.Mjög gott eintak.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

Bílasalan.is S: 565 2500



Toyota Land Cruiser 38", árg 99, ek,224. þús Verð 1350 STGR! Er á staðnum.sími 565-2500 Funahöfði 1

**Bílasalan.is**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 565-2500**
**www.bilasalan.is**

## Bílar til sölu



**Nissan Sunny GTI**
Árg. '95, ek. 130 þús. Nýsk. '12. V. 240Þ S. 868 5613.



**Útsala!!**
Astra ST ssk., ek. 119þ. Nýsk., v. 160þ. Kia Grand Sportage '99, ek. 137þ., ssk., nýsk., v. 295þ. Lancer ssk. Vel gangfær. V. 60þ. S. 844 6609.



LAND ROVER RANGE ROVER HSE Árg. 1997 Ekinn 196 þ.km 4.6 bensín Verð 990 Gott eintak. Bilakaup.com S. 577 1111.



**590 þús staðgreitt**
VW Polo árg.'03, ek. 120 þús. 5g, bsk. Sk'12, sumar og vetradekk fylgja. Bíll í góðu lagi. Uppl. í s. 666 6590.



M.BENZ CLK 230 Kompressor '99/12 ek. 126þ. km. Sjálfsk. V. 1.490þ. Uppl. í s. 895 7276.

## 0-250 þús.



**100 þús!!**
PEUGEOT 306 STW árg'2001 þarfnast lagfæringa! fer ekki áfram, gæti verið girkassi og þarf að sprauta húdd er með skoðun 2011 fram í september,drattarkrokur! ásett verð í lagi er í kringum 450 þús þessi fæst á 100 þús! s.841 8955

Opel árg. '95 ek. 187 þús. km. Sjálfskiptur, nýsmurður, nýr startari, vel gangfær og litur vel út. Verðhugmynd 150 þús eða tilboð. Uppl. í síma 6613401

## 250-499 þús.

Hyundai accent árg. '98 til sölu ek. 140 þús, verð 290þús. Uppl. í s. 777 2333.

Hyundai Getz árg'03, ek. 160 þús. Nýjar bremsur, ný tímareim og nýskoðaður. Góður og sparneytin bíll í góðu standi. Fæst á 480 þús. Uppl. 868 5059.

## 500-999 þús.



**Tilboð 670 þús stgr!**
Puegot 307 árg. 2003. Ek. 130þús, 5 gíra, beinskiptur, 1400 vél. Rafmagn í rúðum akstursölva o.fl. Skoða skipti á ódýrari. Uppl. í 659 3459.

## 1-2 milljónir

Toyota Avensis, árg 05, beinsk, ek 99þ, skoðaður, verð 2 mill. Uppl í 6976556

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Til sölu Harley Davidson Roadking Classic árg. 2004. Ekið rúmlega 30 þús. km. Screamin Eagle kútar, kubbur/loftsía, hiti í handföngum og fl. aukahlutir. Lítur mjög vel út. Ásett verð 2.6 millj. Aðeins áhugasamir hafa samb. í síma 896 6502.

## Fjórhjól




Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Reiðhjól




**Kría Hjól**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com



**RAFMAGNS REIÐHJÓL**
Samgöngutæki framtíðarinnar.
EL-BIKE.IS v/Kópavogshöfn sími 864 9265
ICEFIN.IS póstverslun sími 820 7746

## Vélsleðar



Sportpakki. Ski-doo MXZ600 (sk. 2005) langt belti-belti neglt -bakgír-brúsgrind ofl. + yfirbyggð kerra fylgir. GSM 618 3074.

## Kerrur



Brenderup 3250S Innanmál: 250x142x35cm -burðargeta 600kg - 13" dekk - verð kr. 285.000 m/VSK. Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 1 Reykjanesbæ.

## Vinnuvélar



LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. EINNIG DIESEL VATNSDÆLUR MEÐ 72m3/klst AFKSÖTUM. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sót, 6. í röð, 8. árstíð, 9. tækifæri, 11. skóli, 12. rabb, 14. kvk nafn, 16. tveir eins, 17. aðstoð, 18. eyrir, 20. átt, 21. könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, 3. átt, 4. örvandi efni, 5. ískur, 7. kökugerð, 10. æxlunarkorn, 13. mjög, 15. þitt, 16. skaði, 19. holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. ösku, 6. áb, 8. vor, 9. lag, 11. fg, 12. skraf, 14. sóley, 16. tt, 17. lið, 18. aur, 20. na, 21. próf.

**LÓÐRÉTT:** 1. báls, 3. sv, 4. koffein, 5. urg, 7. bakstur, 10. gró, 13. all, 15. ýðar, 16. tap, 19. ró.









# Leynilögregla og krydd í pokum

**BAKÞANKAR**
**Sigríðar Víðis Jónsdóttur**



Þriggja metra langur forsetinn gnæfir óvænt yfir mér og ég stíg ósjálfrátt eitt skref til baka. Hann er með svört sólgleraugu og um varirnar leikur órætt bros. Æðsti ráðamaður ríkisins situr á mótorhjóli og virðist tilbúinn að tæta af stað. Ég er stödd á götuhorni í Sýrlandi og glápi á flennistóran borða með mynd af Bashir al-Assad forseta.

**EKKI** er langt liðið af degi. Þó er ég þegar búin að sjá myndir af Assad brosandi, Assad veifandi, Assad ábúðarfullum – í verslunum, á stofuveggjum og úti á götu. Hann hefur stjórnað landinu frá árinu 2000 en áður sat faðir hans á forsetastóli í nærri þrjátíu ár. Eftir að hafa virt mótorhjólamyndina fyrir mér rölti ég á netkaffihús. Spyr hvort hægt sé að komast á Facebook en svo er ekki. Sums staðar er það mögulegt en strangt til tekið á það alls staðar að vera ómögulegt – sýrlenska stjórnin bannar Facebook, YouTube og ýmsar samskiptasíður.

**ÞAÐ** er árið 2009 og ég finn að sumir heima eru hálfhræddir um mig, álykta að ég sé í gini ljónsins og einungis tímaspursmál hvenær ég verði étin, ég ætla að vera hér í nokkra mánuði. Er ekki þegar allt kemur til alls stunduð ritskoðun í Sýrlandi, er ekki leynilögreglan þar alræmd, stjórnvöld spillt og mótmæli bönnuð? Hafa ekki ríkt neyðarlög þar frá 1963 og lengi andað köldu á milli Bandaríkjanna og Sýrlands? Allt er þetta rétt – málið er bara að það er himinn og haf á milli sýrlenskra stjórnvalda og fólksins sem landið byggir. Sjálf kolfell ég fyrir Sýrlandinu sem mætir mér: Mannlífinu, sögunni, matargerðinni og stórkostlegri gestrisni. Sýrland er miklu meira en einhver gæti ætlað af einsleitri umfjöllun í fjölmiðlum.

**Á** morgnana læt ég sólina vekja mig þar sem ég sest upp á gamla borgarmúrinn í höfuðborginni Damaskus. Af götunni að neðan heyrist í bílflautum en fram undan sést í eitt af gömlu borgarhliðunum – frá tímum Rómverja. Damaskus er ein elsta borg í heimi. Bænaturnar á moskum blasa við inni á milli þröngra, ævintýralegra gatna – kirkjukrossar, kaffistofur, kumpánlegir götusalar. Við hellulagt torg er ilmur af kardimommum í loftinu, kanil, tímían, sekkir með kryddi standa í röðum. Innan um litríka klæðastranga og gullhringi hangir ljósmynd af Assad forseta.

**ÞAÐ** er þessi maður sem margir í Sýrlandi vilja nú burt. Til að bregðast við kröfum mótmælenda hefur hann skipað nýja ríkisstjórn. Sjálfur situr hann enn sem fastast. Hversu lengi til viðbótar?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

## NÝR 4BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

### 8GB MINNISLYKILL

Minnislykill sem er svo örsmár að þú þarft að passa þig að týna honum ekki

**4.990**

4GB 2.990 • 16GB 9.990

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

3 LITIR

### 500GB FLAKKARI

Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari með innbyggðri USB snúru, fæst í silfur, bláum eða rauðum lit

**12.900**

320GB 9.990 • 1TB 19.900

HVERGI BETRA VERÐ

LACIE

### 1.5TB FLAKKARI

Stórglæsilegur hágæða USB2 flakkari frá LaCie, sparar orku og slekkur á sér sjálfur

**14.900**

HANNAÐUR AF NEIL POULTON

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**ELÍN PJET. Í LISTASAFNI ASÍ** Yfirlitssýning á málverkum og grafík úr gjöf erfingja listakonunnar Elínar Pjet. Bjarnason verður opnuð í Listasafni ASÍ á laugardag. Elín nam við Myndlista- og handíðaskólann og Listaakademíuna í Kaupmannahöfn, þar sem hún bjó og starfaði alla ævi. Elín hélt aldrei einkasýningu á verkum sínum þótt hún ynni að listsköpun alla ævi. Sýningin stendur til 15. maí.

# Stórsveitamaraþon

Stórsveit Reykjavíkur stendur fyrir árlegu Stórsveitamaraþoni í Perlunni á laugardag frá klukkan 13 til 17.30.

Stórsveitin býður til sín yngri og eldri stórsveitum landsins og leikur hver hljómsveit í um 30 mínútur. Eftirfarandi stórsveitir koma fram í ár: Stórsveit Reykjavíkur, Stórsveit Tónlistarskóla FÍH, Stórsveit Tónlistarskólans í Garðabæ, Stórsveit Vestmannaeyja, Stórsveit Skólahljómsveita Reykjavíkurborgar, Stórsveit Suðurlands, Léttsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Big band Tónlistarskóla Seltjarnarness og Stórsveit eldri borgara.

Þetta er í fimmtánda sinn sem stórsveitamaraþonið er haldið. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill á meðan húsrúm leyfir, en áhorfendum er frjálst að koma og fara á meðan maraþonið stendur yfir. Nánari upplýsingar má finna á http://reykjavikbigband.com/

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

30.03.11 - 05.04.11




**1** Morð og möndlulykt
Camilla Läckberg




**2** Djöflastjarnan - kilja
Jo Nesbø




**3** Betri næring - betra líf
Kolbrún Björnsdóttir




**4** Mundu mig, ég man þig
kilja - Dorothy Koomson




**5** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir




**6** Risasyrpa - Drekatemjarinn
Walt Disney




**7** Fátækt fólk - kilja
Tryggvi Emilsson




**8** Ljósa - kilja
Kristín Steinsdóttir




**9** Stóra Disney matreiðslubókin
Walt Disney




**10** Hvar er Valli núna?
Martin Handford

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



**PERLUPORTIÐ** Ágúst Ólafsson, Hulda Björk Garðarsdóttir, Gissur Páll Gissurarson og Valgerður Guðnadóttir bregða sér í hlutverk umrenninga sem gramsa í rusli og rekast þar á margar perlur óperubókmenntanna. LJÓSMYND/ GÍSLI EGILL HRAFNSSON

# Umrenningar í Óperunni

**Perluport nefnist söngskemmtun sem frumsýnd verður í Íslensku óperunni annað kvöld. Þar gramsa fjórir umrenningar í ruslatunnum og finna þar skínandi perlur úr tónlistarsögunni. Þetta er jafnframt svanasöngur óperunnar í híbýlum sínum til 30 ára.**

Söngatriði úr fjórtán sígildum óperum verða sett í óvæntan búning í sýningunni Perluport, sem frumsýnd verður í Íslensku óperunni í kvöld.

Í sýningunni gramsa fjórir umrenningar í óhrjálegu porti og rekast þar á tónlist úr ýmsum perlum óperubókmenntanna, þar á meðal Carmen, Gianni Schicchi, La Traviata, Kátu ekkjunni, Rakaranum í Sevilla og síðast en ekki síst Perluköfurunum.

Fjórir söngvarar fara með hlutverk umrenninganna: Ágúst Ólafsson, Hulda Björk Garðarsdóttir, Gissur Páll Gissurarson og Valgerður Guðnadóttir. Antonía Hevesí leikur undir á píanó en leikstjóri er Ágústa Skúladóttir, sem leikstýrði einnig gamanóperunni Ástardrykknum fyrir tveimur árum.



**ÓPERAN KVÖDD** Íslenska óperan hefur verið til húsa við Ingólfsstræti í um 30 ár en flytur senn í Hörpu.

Valgerður segir að það sé skemmtilegt mótsögn fólgin í því að syngja margar af fallegustu aríum heims í óhrjálega portinu, sem búið er að slá upp á sviði Óperunnar.

„Það leynast stundum gimsteinar í sorpinu. Við klæðum okkur í tötra, grömsum í ruslafötum þar sem leynast hárkollur, skór, nótnabækur og aríur með þeim afleiðingum að við brestum í söng."

Þetta er síðasta sýning Íslensku óperunnar í húsnæði sínu undanfarin 30 ár við Ingólfsstræti, áður en hún flytur yfir í Hörpu. Valgerður segir að því fylgi blendnar tilfinningar.

„Ég hef tekið þátt í nokkrum sýningum hér, þó ekki jafn mörgum og sumir aðrir sem vinna hér. Sminkan okkar hefur til dæmis unnið hér síðan hún var nítján ára og hafði einmitt á orði hvað það væri skrítin tilfinning að fara héðan. Sjálf var ég ekki gömul þegar ég sá Carmen hér í fyrsta skipti. Ég man hvað mér fannst húsið stórt þá, það var eins og höll. Þegar ég varð stálpaðri áttaði ég mig auðvitað á hvað húsið er í rauninni agnarlítið. En það er fallegt og því fylgir góður andi. Ég á margar góðar minningar héðan og finnst frábært að fá að taka þátt í að kveðja þetta hús."

bergsteinn@frettabladid.is

# Landamæri Steinunnar opnuð

Sýning Steinunnar Þórarinsdóttur, Borders, var opnuð við Dag Hammarskjöld Plaza í grennd við byggingu Sameinuðu þjóðanna á dögunum. Fréttablaðið greindi frá sýningunni í aðdraganda hennar. Sýningin samanstendur af 26 „fígúrum", þrettán úr áli og jafn mörgum úr smíðajárni. Dag Hammarskjöld Plaza, stundum nefnt Hliðið að Sameinuðu þjóðunum, er mikill suðupottur, þar sem mikið er um pólitískar uppákomur og viðburði. Sýning Steinunnar mun standa næsta hálfa árið. - bs



**BORDERS Í NEW YORK** Sýningunni Borders, eða Landamæri, eftir Steinunni Þórarinsdóttur hefur verið komið fyrir á torgi Dags Hammarskjöld í New York.

# PÁSKATILBOÐ

**Þvottavélar, þurrkarar, ofnar, helluborð, kæliskápar, uppþvottavélar og fleira ...**

**20% afsláttur af ÖLLUM Candy heimilistækjum**




*Lítið við og skoðið úrvalið*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



**GÝPUGARNAGAUL** Alda Arnardóttir fer á kostum í hlutverki hinnar gráðugu Gýpu, sem étur allt sem á vegi hennar verður án þess að skeyta um afleiðingarnar.

# Að moða úr menningararfinum

Leikhús ★★★

**Gýpugarnagaul**

Möguleikhúsið sýnir í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi

**Handrit:** Pétur Eggerz og Sigrún Valbergsdóttir. **Ráðgjöf:** Rósa Þorsteinsdóttir. **Leikstjóri:** Sigrún Valbergsdóttir. **Flytjendur:** Alda Arnardóttir, Þórunn Elín Pétursdóttir og Birgir Bragason. **Tónlist:** Bára Grímsdóttir. **Leikmynd og búningar:** Messíana Tómasdóttir.

Möguleikhúsið er meðal afkastamestu leikhúsa landsins, hefur starfað í ríflega tuttugu ár, og því hefur heil kynslóð Íslendinga kynnst leikhúsinu í fyrsta sinn á leik- og grunnskólasýningum þess. Það er mikilvægt að styðja og styrkja stofnun sem er svo miðlæg í barnamenningarstarfi á Íslandi og leitt að lesa nýlegar fréttir af fjárframlögum til leikhússins, sem gufað hafa upp á undanförnum árum.

Nýjasta sýning Möguleikhússins heitir Gýpugarnagaul og er unnin upp úr gullakistu Árnastofnunar. Sagan af hinni gráðugu Gýpu er þungamiðja sýningarinnar en í kringum hana er farið með ýmsa útúrdúra.

Persónur á sviðinu eru þrjár: tröllskessan Gýpa, álfkona sem kölluð er Hulda og tónlistarmaðurinn Eggert Urðarbassi. Við upphaf verksins eru hin tvö síðarnefndu að spjalla saman og fara með vísur og kvæði, en svo kemur Gýpa askvaðandi á svið.

Alda Arnardóttir, sem leikur Gýpu, er sú eina þremenninganna sem er leiklistarmenntuð – hin tvö eru tónlistarmenn. Sýningin tekur enda kipp þegar Gýpa ryðst í gegnum salinn og upp á svið. Alda hefur sterka nærveru og nær vel til barna og fullorðinna. Fram að komu hennar eru áhorfendur í nokkurri óvissu um það hvers kyns sýning sé í vændum, því persónurnar á sviðinu virðast vera í lausu lofti – þær hittast á förnum vegi, taka tal saman og skiptast á sögum, en gefa ekki mikið uppi um sjálfar sig né virðast þær hafa nein sérstök erindi. Sýningin virðist því í upphafi ætla að verða nokkurs konar laustengd tónlistardagskrá.

En svo mætir sem sagt Gýpa og fer mikinn. Hún er ekki eingöngu gráðug á mat, heldur einnig á allt annað. Hún hefur, öfugt við hin tvö, ýmis markmið og langanir sem krydda heldur betur atburðarásina á sviðinu. Gallaðar persónur eru alltaf svo skemmtilegar!

Samspil Gýpu og hinna tveggja nær þó aldrei almennilegu flugi, sumpart vegna þess hve óljós hlutverk þeirra eru og sumpart vegna þess að tónlistarmennirnir halda skiljanlega ekki í við leikkonuna Öldu. En söngvar og sögur tónlistarmannanna eru þó mun eðlilegri í samhengi við Gýpu en ein og sér. Niðurlag sýningarinnar er dálítið endasleppt – þar útskýra hinar persónurnar það fyrir Gýpu hvernig hún hefur breytt rangt, frekar en að hún átti sig á því af gjörðum sínum.

Búningar Messíönu Tómasdóttur eru litríkir og fallegir – vísa í allar áttir án þess að njörva sig niður við neitt. Sérstaklega var tónlistarmaðurinn – sem kannski var af tröllakyni – glæsilega búinn. Leikmyndin var látlaus, enda þeim skorðum sett að þurfa að komast um allt land með lítilli fyrirhöfn.

Tónlistin er í öndvegi á þessari sýningu og hún er ljómandi skemmtileg. Það er gaman að heyra misjafnlega kunnugleg kvæði sungin og Þórunn Elín Pétursdóttir syngur fjarskalega vel. Bassinn hans Birgis Bragasonar gefur frá sér svo fjölbreytt hljóð að hann hlýtur að kveikja tónlistarnámslöngun í mörgum barnshjörtum.

**Arndís Þórarinsdóttir.**

**Niðurstaða:** Dálítið köflótt sýning en flott tónlist og skemmtileg skessa.






# Bjart með köflum í Þjóðleikhúsinu

Leikritið Bjart með köflum verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu annað kvöld. Það er eftir Ólaf Hauk Símonarson sem hefur samið mörg af vinsælustu leikritum sem sýnd hafa verið í Þjóðleikhúsinu á síðustu áratugum; Gauragang, Þrek og tár, Hafið, Græna landið og Bílaverkstæði Badda svo dæmi séu nefnd. Öll þessi leikrit voru sett á svið undir stjórn Þórhalls Sigurðssonar sem leikstýrir einnig verkinu Bjart með köflum.

Í verkinu segir frá því hvað gerist þegar ungur piltur, Jakob, er sendur í sveit þar sem nútíminn virðist ekki hafa haldið innreið sína. Hann verður fljótt miðpunktur í ævagömlum fjandskap milli bæja í sveitinni. Leikritið gerist árið 1968 á tímum efnahagserfiðleika þegar fólk flýr land í leit að nýjum tækifærum og þeir sem eftir verða spyrja sig að því hvers vegna þeir vilji búa hér.

Tónlist skipar háan sess í verkinu sem kynnt er sem leikrit með söngvum og er tónlistarstjórn í höndum Jóns Ólafssonar.

Þrír ungir leikarar fara með aðalhlutverk í sýningunni, þau Hilmir Jensson, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Heiða Ólafsdóttir, en Heiða þreytir nú frumraun sína í Þjóðleikhúsinu.

-sbt



**ÚR BJART MEÐ KÖFLUM** Ungir leikarar eru í helstu burðarhlutverkum í þessari söngsýningu, þau Hilmir Jensson, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Heiða Ólafsdóttir.

# Sigríður og Antonía í Hafnarborg

Sigríður Aðalsteinsdóttir mezzósópran og Antonía Hevesi leiða saman hesta sína á hádegistónleikum í Hafnarborg í dag.



**SIGRÍÐUR AÐALSTEINSDÓTTIR**



**ANTONÍA HEVESI**

Yfirskrift tónleikanna er Skaphiti og ást, en þar flytja þær stöllur aríur frá barokk- til rómantíska tímabilsins, meðal annars eftir Donizetti, Rossini og Verdi.

Sigríður Aðalsteinsdóttir hóf söngferil sinn í Þjóðaróperunni í Vínarborg árið 1997 og hefur haldið fjölda ljóðatónleika og komið fram sem einsöngvari víða með kórum og hljómsveitum, til dæmis Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún kennir einsöng við Söngskóla Sigurðar Demetz í Reykjavík.

Antonía starfar sem orgel- og píanómeðleikari og æfingapíanisti við Íslensku óperuna. Þetta er níunda árið í röð sem Hafnarborg býður upp á hádegistónleka og hefur Antonía verið listrænn stjórnandi frá upphafi.

Tónleikarnir standa yfir í um hálfa klukkustund og eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir. Húsið verður opnað klukkan 11.30.



**CINDI LAUPER** Syngur öll sín þekktustu lög í Hörpu í júní.

# Cindi Lauper í Hörpu í júní

**Bandaríska söngkonan Cindi Lauper er væntanleg til Íslands. Hún heldur tónleika í Hörpu í sumar.**

**Í fréttatilkynningu frá tónleikahaldara segir að Lauper mæti hingað með hljómsveit og hyggist flytja öll sín helstu lög. Þar á meðal Girls Just Want To Have Fun, True Colors, Time After Time og All Through The Night. Þá mun leika lög af nýjustu plötu sinni, Memphis Blues.**

**Tónleikar Lauper verða í stóra sal Hörpunnar, Eldborg, hinn 12. júní næstkomandi.**


HOSTELLING INTERNATIONAL

Fyrirtæki – skólar – vinahópar

Þórsmörk









## Er hópurinn að huga að vorferð?

Komið í Húsadal og upplifið þessa náttúruperlu í aðeins 150 km fjarlægð frá Reykjavík. Þórsmörk er sannkallað ævintýraland náttúruunnenda með endalausum möguleikum á gönguleiðum og útiveru þar sem jöklar, ár, fjöll og gróður kallast á í þessu magnaða landslagi.

**Fjölbreytt gisting**

Í Húsadal er fjölbreytt aðstaða fyrir einstaklinga og hópa til styttri eða lengri dvalar. Boðið er upp á gistingu í tveggja manna herbergjum, smáhýsum og skálum.

**Frábær aðstaða**

Í glæsilegum funda- og veitingasal eru sæti fyrir um 100 manns, hvort sem um er að ræða fundi, ráðstefnur eða veisluhöld. Við getum boðið upp á fulla þjónustu í mat og drykk fyrir hópa. Auk þess eru gufubað og sturtur á staðnum og hvað er betra eftir hressandi gönguferð en að skella sér í gufu?

**Fróðleikur um gosin.**

Við bjóðum upp á fyrirlestur og myndasýningu um gosin í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi og afleiðingar þeirra. Einnig skipuleggjum við gönguferðir, kvöldvökur, leiki, grillveislur og gerum tilboð í akstur. Hafið samband eða farið á vefsíðu okkar www.thorsmork.is til að fá frekari upplýsingar.

Sjáumst í Mörkinni!

**Farfuglar** | Borgartúni 6 | 105 Reykjavík | Sími 552 8300 | thorsmork@thorsmork.is | www.thorsmork.is


BRITNEY SPEARS


TV ON THE RADIO

## > Í SPILARANUM

Britney Spears - Femme Fatale
Low - C'mon
Panda Bear - Tomboy
The Pains of Being Pure at Heart - Belong
TV on the Radio - Nine Types of Light

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Tónlistarhátíð vekur athygli

Átta erlendir blaðamenn hafa boðað komu sína á tónlistarhátíðina Reykjavík Music Mess síðar í mánuðinum. Að sögn Baldvins Esra Einarssonar, eins skipuleggjenda hátíðarinnar, hefur orðið vart við talsverðan áhuga erlendis, bæði hjá fjölmiðlum og tónlistaráhugafólki. Meðal þeirra fjölmiðla sem boðað hafa komu sína hingað eru Mojo, Clash, Uncle Sally's, sem að sögn Baldvins er eitt stærsta tónlistarblað Þýskalands, og Byte.fm sem ku vera stærsta netútvarp í Þýskalandi.

Ákveðið hefur verið að stækka hátíðina frá því sem upphaflega var áætlað. Hefst hún degi fyrr, föstudaginn 15. apríl, og nokkrar hljómsveitir hafa bæst við dagskrána. Nýju nöfnin eru Samaris, nýkrýnd sigursveit Músíktilrauna, Orphic Oxtra, Agent Fresco, danska rokkdúóið FOSSILS, Borko, Quadruplos, Ég, Kippi Kanínus, Lazyblood og Einar Örn Benediktsson.

Uppfærð dagskrá hátíðarinnar verður aðgengileg á heimasíðunni Reykjavikmusicmess.com frá og með morgundeginum en þar fer miðasala jafnframt fram.


**MÆTIR Á MESSIÐ** Róbert Hjálmtýsson og félagar spila á Reykjavík Music Mess 15.-17. apríl næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## > PLATA VIKUNNAR

The Strokes - Angles

★★★★

„Það er mars og við erum mögulega búin að finna plötu ársins."

- AFB



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Góð plata, vont blað*


**NÝSTÁRLEG MARKAÐSSETNING** Radiohead dreifði sérstöku blaði í tilefni af útkomu plötunnarThe King of Limbs.

Mánudaginn 28. mars var nýja Radiohead-platan The King of Limbs gefin út í föstu formi. Af því tilefni dreifði hljómsveitin tólf blaðsíðna riti í dagblaðsbroti, The Universal Sigh, án endurgjalds í um það bil sextíu borgum úti um allan heim. Á vefsíðunni, www.theuniversalsigh.com voru staðsetningar í hverri borg fyrir sig auglýstar.

Í flestum tilfellum var ritinu dreift í plötubúðum eða á stórum torgum. Í Reykjavík var það í Smekkleysubúðinni á Laugavegi 35. Ég átti leið þar hjá þennan dag og náði mér í eintak. Í blaðinu eru nokkrar greinar, myndverk og ljóð.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Radiohead grípur til nýstárlegrar markaðssetningar. Aðdáendur muna sennilega eftir Amnesiac-bókinni og Hail to the Thief landakortinu og svo var netsalan á In Rainbows auðvitað sérstaklega djörf hugmynd. Henni mátti hala niður gegn fjárframlagi að eigin vali.

Eftir að hafa gluggað í The Universal Sigh verð ég að segja að innihald þess er nú ekki mjög spennandi. Þetta er eiginlega drepleiðinlegt blað. Ég veit ekki hvort blaðamenn enska dagblaðsins The Guardian voru sama sinnis, en þeir ákváðu að þar sem Radiohead væri komin í blaðabransann færu þeir bara í tónlistarbransann. Þeir gerðu sína útgáfu af Radiohead-laginu Creep og settu á vef blaðsins. Krókur á móti bragði!

En þó að The Universal Sigh sé vont blað er platan The King of Limbs góð. Full af flottum hljóðum og frísklegum töktum. Ekkert meistaraverk kannski, en fín engu að síður. Alveg sæmandi sveitinni. Niðurstaða: Radiohead ætti að halda sig í tónlistinni ...




512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**ROKK OG RÓL** Ný plata Foo Fighters kemur út í næstu viku. Dave Grohl og félagar sýna vígtennurnar á plötunni og því hefur verið fleygt að sveitin sé endurfædd. NORDICPHOTOS/GETTY

# Foo Fighters endurfædd

**Dave Grohl og félagar í Foo Fighters senda frá sér plötuna Wasting Light í næstu viku. Platan er mikið rokk og mikið ról, enda tekin upp af manninum sem tók upp Nevermind með Nirvana.**

Við skulum hafa eitt á hreinu: Foo Fighters er ein farsælasta rokkhljómsveit heims. Ferillinn spannar sex breiðskífur sem hafa allar selst gríðarlega vel og miðað við móttökur á nýju lögum hljómsveitarinnar verður þeirri sjöundu einnig vel tekið.

Upptökur á Wasting Light hófust í ágúst í fyrra í bílskúr Dave Grohl. Upptökustjórinn Butch Vig sat við takkana, en hann er þekktastur fyrir að hafa stýrt upptökum á plötunni Nevermind með Nirvana. Það reyndist vera sögulegt samstarf og hefur eflaust haft *einhver* áhrif á þá ákvörðun Grohls að starfa með Vig. Sá síðarnefndi sagði í viðtali við MTV að aðeins hliðrænn búnaður hefði verið notaður við upptökur á Wasting Light. Stafræn tækni kom fyrst til sögunnar þegar platan var hljómjöfnuð, sem er lokaferlið.

> **10** milljónir platna með Foo Fighters hafa selst í Bandaríkjunum og annað eins á heimsvísu.

Strákarnir í Foo Fighters hafa verið duglegir við að senda frá sér lög af plötunni. Myndband við slagarann White Limo kom út á dögunum og það er viðeigandi að rokkkóngurinn Lemmy úr Motörhead fari með stórt hlutverk í myndbandinu ásamt meðlimum Foo Fighters. Lagið er í harðari kantinum, sérstaklega miðað við það sem vinsælar rokkhljómsveitir eru að bjóða upp á í dag. Lagið Rope, sem er fyrsta smáskífa plötunnar, er öllu mýkra enda skaust það beint á topp rokklista Billboard þegar það kom út.

White Limo virðist hins vegar ætla að vera einhvers konar skilgreining á plötunni. Dan Martin, blaðamaður NME, fékk að hlusta á plötuna fyrir nokkrum vikum. Hann segir Foo Fighters sýna vígtennurnar á plötunni, lögin séu stærri og hljómurinn flottari. Hann gengur svo langt að segja að hljómsveitin sé endurfædd og bætir við að besta rokktónlistin sé stundum skemmtilega *stelpuleg* og Foo Fighters gangist við því.

atlifannar@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 31. mars - 6. apríl 2011

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Bubbi Morthens | *Ísabella* |
| ▼ | 2 | Magni | *Ég trúi á betra líf* |
| ▲ | 3 | P!nk | *F**kin' Perfect* |
| ▼ | 4 | Jessie J | *Price Tag* |
| ▲ | 5 | Adele | *Someone Like You* |
| ▶ | 6 | Ingó | *Fanney* |
| ▶ | 7 | Vinir Sjonna | *Coming Home* |
| ▼ | 8 | Valdimar Guðm. & Memfismafían | *Okkar eigin Osló* |
| ▼ | 9 | Rihanna | *S&M* |
| ▶ | 10 | Cee Lo Green | *Bright Lights Bigger City* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 31. mars - 6. apríl 2011

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Svavar Knútur | *Amma* |
| ▶ | 2 | Skálmöld | *Baldur* |
| ▲ | 3 | Valdimar | *Undraland* |
| ▶ | 4 | Justin Bieber | *My Worlds* |
| ▶ | 5 | Björgvin Halldórsson | *Duet II* |
| ▼ | 6 | Eagles | *Complete Greatest Hits* |
| ▶ | 7 | Úr leikriti | *Ballið á Bessastöðum* |
| ▲ | 8 | Sin Fang | *Summer Echoes* |
| ▲ | 9 | Ýmsir | *Það ert bara þú* |
| ▲ | 10 | Adele | *21* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is


ERLEND TÓNLIST
á tilboði í Skífunni
Nýlegir tónleikar (ásamt DVD) með rokksveitinni góðkunnu
Verð áður 3.499
2.599
CD+ DVD
Tónleikaplata með einni skærustu stjörnu American Idol frá upphafi. Platan inniheldur bæði geisladisk og DVD
CD+ DVD
Verð áður 3.499
2.599
Öll bestu lög Eagles á tvöfaldri safnplötu
Verð áður 3.299
2.499
Fjórða platan með tónlist úr hinum geysivinsælu Glee sjónvarpsþáttum
Verð áður 3.699
2.599
Heitasta söngkonan í dag og hefur slegið í gegn með lögunum Do It Like A Dude og Price Tag
Verð áður 2.999
2.299
Glæný plata frá Michael Stipe og félögum. Inniheldur smellinn Überlin
Verð áður 2.999
2.299
Fjórða plata Julian Casablancas og félaga í The Strokes
Verð áður 2.999
2.299
Fyrsta plata bresku/íslensku hljómsveitarinnar The Vaccines, en Árni Hjörvar Árnason spilar á bassa í þessari sveit
Verð áður 2.999
2.299
Radiohead með nýja plötu þar sem hvergi er slegið slöku við. Hljómsveitin er óhrædd við að þróa og stækka hljómheim sinn.
Verð áður 3.499
2.999
Poppdívan Britney Spears með glænýja plötu
Verð áður 2.999
2.299
Hin unga Adele hefur verið að hraðri uppleið frá því plata hennar 19 kom út fyrir tveimur árum.
Verð áður 3.999
2.299
999 kr. tilboð
Radiohead Amnesiac
Radiohead The Bends
Coldplay viva la vida
Fables Of The Reconstruction
Radiohead Kid-A
Radiohead Best of
David Bowie Scary Monsters
The Beach Boys Pet Sounds
Landsins mesta úrval tónlistar!
*Tilboðin gilda til laugardagsins 9. apríl
Spilum saman - íslensk tónlist yfir 1.000 titla!
KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS
S·K·Í·F·A·N

**> ÓGNANDI**
Leikstjóri gamanmyndarinnar Arthur, Jason Winer, var svo hræddur við Óskarsverðlaunaleikkonuna Helen Mirren að hann lærði að drekka te áður en hann hitti hana. Arthur er endurgerð samnefndrar kvikmyndar með Dudley Moore og skartar sjálfum Russell Brand í hlutverki vandræðagemlingsins. Myndin verður frumsýnd síðar á árinu.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Hasarhetja útskúfuð frá Hollywood

Belgíska bardagahetjan Jean-Claude Van Damme hefur upplýst að kvikmyndaverin í Hollywood hafi meðvitað lokað á hann vegna launakrafna hans. Van Damme varð að hætta kvikmyndaleik eftir tíunda áratuginn þar sem engin hlutverk voru í boði fyrir hann.

Leikarinn hafði skýringar á reiðum höndum í breskum sjónvarpsþætti á dögunum. „Þeir úthýstu mér eftir að ég setti fram of háar launakröfur. Eftir Time Cop fékk ég tilboð um að gera þrjár kvikmyndir og átti að fá tólf milljónir dala fyrir hverja mynd. Mér fannst það skammarlegt, ég vildi tuttugu milljónir dala á hverja mynd eins og Jim Carrey fékk.“ Eftir það hættu kvikmyndaverin að hringja og Van Damme segist sjá eftir öllu saman. „Ég var ekki með sjálfum mér og mér urðu á mikil mistök.“

Van Damme var vissulega aðalmaðurinn í gerð svokallaðra b-hasarmynda á tíunda áratug síðustu aldar. Hann tjáði sig á bjagaðri ensku en sjálfur Schwarzenegger, var harkan uppmáluð og kýldi mann og annan með hnefum og hnjám. Kvikmyndirnar voru flestar keimlíkar, Van Damme einn á móti öllum, reiður talsmaður réttvísinnar.

Og aðdáendur kappans verða að bíða enn um sinn eftir kvikmynd með „meistaranum“ því hann neyðist til að hafna öllum kvikmyndahlutverkum um þessar mundir þar sem hann býr sig nú af kappi undir endurkoma sína í thai-boxi gegn Somluck Kamsing í nóvember.



**SÉR EFTIR ÖLLU** Van Damme sér eftir því að hafa verið of gráðugur á velmektarárum sínum.



**FLOTT MYND** Jake Gyllenhaal leikur aðalhlutverkið í Source Code, sem hefur fengið frábæra dóma. Hér er hann með Michelle Monaghan.

# Dulmálslykill og drykkjurútur

Að venju er nóg um að vera í íslenskum kvikmyndahúsum um þessar mundir. Fyrst ber að nefna gamanmyndina Your Highness sem skartar Óskarsverðlaunakynninum James Franco og Óskarsverðlaunaleikkonunni Natalie Portman í helstu hlutverkum. Myndin gerist á miðöldum og segir frá tveimur bræðrum sem hyggjast bjarga unnustu annars þeirra úr klóm hættulegs seiðkarls. Myndin hefur fengið afleita dóma og það er ekki beint hægt að segja að Portman fylgi eftir frammistöðu sinni í Black Swan með glæsibrag ef No Strings Attached er tekin með í reikninginn.

Hið sama verður ekki sagt um Source Code, nýjustu kvikmynd Jakes Gyllenhaal. Myndin hefur fengið frábæra dóma, er meðal annars með 90 prósent á Rotten Tomatoes. Source Code segir frá Colter Stevens, sem tekur þátt í nýstárlegri tilraun hersins. Hún gerir honum kleift að komast um borð í lest, sem hryðjuverkamenn hafa í hyggju að sprengja, í líki mismunandi manna. Meðal annarra leikara má nefna Michelle Monaghan og Veru Farmiga.

Þriðja mynd helgarinnar er síðan Barney's Version með stórleikurunum Dustin Hoffman og Paul Giamatti. Myndin segir frá drykkfelldum sjónvarpsframleiðanda sem þarf að horfast í augu við líf sitt og fortíð. Giamatti var tilnefndur til Golden Globe-verðlauna fyrir leik sinn í myndinni.




# ENDURGERÐAR OFURHETJUR

**Hollywood virðist aldrei fá nóg af ofurhetjum og framleiðir grimmt af kvikmyndum um skikkjuklædd hreystimenni sem lumbra á þrjótum og bjarga sætum stelpum úr lífsháska. Þrjár ofurhetjur virðast hins vegar eiga eilíft líf.**

Ekki líður það ár að kvikmynd um ofurhetju líti ekki dagsins ljós. Og stundum seilast kvikmyndaverin ansi langt í myndasögubunkana til að finna eitthvað nýtt. Stundum tekst það, stundum ekki (Daredevil sem dæmi). Auðvitað er það rannsóknarefni út af fyrir sig af hverju ofurhetjur njóta jafn mikillar hylli og raun ber vitni, því stundum eru myndirnar hreinasta augnayndi, stundum eru þær algjört drasl.

Þrjár ofurhetjur virðast hins vegar vera að eignast Bond-líf í Hollywood, því stóru kvikmyndaverin virðast hafa áttað sig á því að leikararnir eru ekki aðalatriðið heldur ofurhetjan sjálf. Þegar hefur verið tilkynnt að Köngulóarmaðurinn muni ganga í endurnýjun lífdaga eftir nokkuð góðan þríleik Sam Raimi. Hann fer í framhaldsskóla með bláa og rauða búninginn, sem Andrew Garfield klæðist. Zach Snyder hefur verið falið að blása lífi í Ofurmennið eftir að Bryan Singer mistókst að bjarga honum frá glötun með Brandon Routh í rauðu skikkjunni. Og nýverið var tilkynnt að Leðurblökumaðurinn myndi ekki deyja drottni sínum þótt leikstjórinn Christopher Nolan leikstýri sinni síðustu mynd um riddara næturinnar á þessu ári með Christian Bale í aðalhlutverki. Hann hefur nefnilega samþykkt að vera með sem framleiðandi næstu seríu, ef svo má að orði komast, án þess að Bale komi þar nærri.

Þessum sviptingum svipar eilítið til James Bond myndanna 22 en leyniþjónustumaðurinn hefur mátt þola allar mögulegar breytingar, mismunandi leikara í hlutverkinu og ólíkar stefnur á hverjum áratug fyrir sig. Helen O'Hara, blaðakona á Empire, skrifar á heimasíðu tímaritsins að ástæðan fyrir öllum þessum „endurnýjun lífdaga“-kvikmyndum sé sú sama og hjá Bond-gerðarmönnum. Á einum tímapunkti eða öðrum seilist kvikmyndagerðarmenn of langt og reyni um of á þolmörk áhorfenda; hetjan fær of marga þrjóta til að kljást við (þriðja Köngulóarmyndin) eða hún er send á óraunverulega staði, eins og út í geim eða á gervieyju (Ofurmennið snýr aftur). „Vandamálið er þá ekki að áhorfendur kunni illa við hetjuna, þeim líkar bara ekki við umhverfið sem hetjan er sett í. Þeir vilja sjá hana aftur, bara ekki í þessum gír,“ skrifar Helen.

Aðdáendur ofurhetjanna geta því hlakkað til framtíðarinnar. Leðurblökumaðurinn, Köngulóarmaðurinn og Ofurmennið eiga sér líf í Hollywood og endalok þeirra virðast síður en svo í augsýn.

freyrgigja@frettabladid.is



**BOND-LÍF**

Þótt búningarnir séu gamlir munu nýir menn klæðast þeim. Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn og Köngulóarmaðurinn eiga sér allir framhaldslíf í Hollywood og ekkert útlit er fyrir að þeirra tími sé liðinn. Því er spáð að þeirra bíði svipað líf og James Bond.

# Hangover 2 auðveld

Todd Phillips, maðurinn á bak við The Hangover, segir í samtali við vefsíðuna comingsoon.net að framhaldsmyndin hafi verið ótrúlega auðveld í tökum, allir leikararnir hafi smollið í karakter strax. „Alltaf þegar maður er að byrja á kvikmynd spyrja leikararnir sig hvert persónan þeirra er að fara og hvaðan hún sé. En strákarnir þurftu ekkert að hugsa um það núna, þeir bara runnu inn í persónurnar sínar og byrjuðu að leika,“ útskýrir Phillips en þeir Zach Galifianakis, Bradley Cooper og Ed Helms endurtaka allir leikinn frá fyrri myndinni.

The Hangover 2 gerist í Bangkok og að venju lenda þeir félagar í miklum vandræðum eftir heljarinnar veislu og þurfa að púsla saman kvöldinu í kollinum á sér. Að sögn Phillips voru einu vandræðin þau að Bangkok er ekkert sérstaklega kvikmyndavæn borg og þeim gekk erfiðlega að eiga í samskiptum við þarlent tökulið. „Að öðru leyti gekk allt eins og í sögu, allir voru meðvitaðir um hvernig kvikmynd við ætluðum að gera og það auðveldaði hlutina til muna.“



**AUÐVELD** The Hangover 2 var auðveld í tökum að sögn Todds Phillips, leikstjóra myndarinnar.




# HELENA RUBINSTEIN DAGAR Í DEBENHAMS 7. – 13. APRÍL

**Tilboðsverð á nýju Prodigy Powercell dropunum, 50 ml á sama verði og 30 ml á kynningunni.**

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 HR vörur:**

~ Hydra Collagenist nýja kremið 15 ml
~ Hydra Collagenist augnkrem 3 ml
~ Sexy Blacks maskari ferðastærð
~ PRODIGY Re-PLASTY krem 5 ml
~ PRODIGY Re- PLASTY fegrunarmaski 10 ml
~ All Mascaras augnfarðahreinsir 50 ml




**Verðmæti kaupaukans er 15.600 krónur.**
Einnig aðrar gerðir kaupauka

*Gildir á kynningu meðan birgðir endast. Gildir ekki með Nudit, blýöntum eða öðrum tilboðum. Einn kaupauki á viðskiptavin.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Fólk

folk@frettabladid.is



**7. HÚÐFLÚRIÐ** hefur bæst við á vinstri upphandlegg leikkonunnar Angelinu Jolie. Fyrstu sex tattúin sýndu breiddargráðu fæðingarstaða barna hennar, en talið er að það sjöunda sýni breiddargráðu borgarinnar New Orleans – sem er Brad Pitt, eiginmanni hennar, hugleikin.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarmaðurinn **Daníel Ágúst** fer ótroðnar slóðir við dreifingu á nýjustu plötu sinni, The Drift. Platan verður fáanleg í dag og á morgun á vefsíðunni Hóp-kaup.is, en þar er notendum boðinn ríflegur afsláttur af vörum ef ákveðið lágmark fólks skuldbindur sig til að kaupa vöruna. Geisladiskurinn sem útgáfusnið hefur átt undir högg að sækja undanfarin misseri en Daníel snýr vörn í sókn og gerir heiðarlega tilraun til að snúa þróuninni við með því að bjóða plötuna til sölu á nýjum vettvangi ...



Myndband sem söngvarinn Seth Sharp setti inn á Youtube og skartar Íslandsvininum **Julian Assange** að stíga trylltan dans á skemmtistað í Reykjavík hefur vakið heimsathygli. Myndbandið hefur verið skoðað meira en 500 þúsund sinnum og er ofarlega á ýmsum vinsældalistum þessarar stærstu myndbandasíðu heims. Í flokknum „fréttir og pólitík“ er myndbandið á meðal þeirra sem mest er rætt um í athugasemdakerfi vefsíðunnar ásamt því að skora hátt í einkunnagjöf hjá notendum Youtube. Það er því spurning hvort Assange sé á rangri hillu og ætti að einbeita sér að dansferlinum. - afb

# Slær í gegn í norskum kvikmyndum

**Ásta Hafþórsdóttir gerir það gott í norska kvikmyndaheiminum. Hún segir meiri peninga í bransanum þar en hér heima og að umhverfið þar sé fjölskylduvænna.**

„Það er búið að ganga mjög vel síðan ég flutti út en ég held að ég hafi verið á réttum stað á réttum tíma,“ segir Ásta Hafþórsdóttir leikgervahönnuður. Hún flutti til Noregs síðasta sumar þar sem hún hoppaði beint í tökur á sjónvarpsþáttum um sjóræningjann Kaptein Sabeltann fyrir NRK, en hann er rótgróinn karakter í Noregi og á meðal annars skemmtigarð tileinkaðan sér í Kristiansand.

„Ég fór út árið 2009 að kanna bransann hérna, kynna mig og hitta fólk. Svo má eiginlega segja að ég hafi hitt á rétta tímasetningu því þegar ég frétti að Þóra Tómasdóttir væri byrjuð að vinna hjá framleiðslufyrirtækinu SF Norge hafði ég samband við hana til að segja frá mér. Það var einmitt verið að ráða listræna stjórnendur í verkefnið og eftir nokkur símtöl við leikstjórann var ég ráðin,“ segir Ásta, sem á að baki nokkurra ára starf í kvikmyndageiranum hérna heima. Hún sá meðal annars um gervi Glanna glæps í Latabæ og kvikmyndirnar Sumarlandið, Astrópíu, Brim og The Good Heart sem skilaði henni Edduverðlaununum fyrr á þessu ári.

Ásta ber starfsumhverfinu í Noregi vel söguna og segir töluverðan mun vera á milli landa í þeim efnum. „Það er greinilega til meira af peningum hér og launin miklu betri. Ég var orðin svo vön að þurfa alltaf að finna ódýrustu lausnirnar en hér þarf þess ekki. Norðmenn eru líka svo fjölskyldusinnaðir; heill vinnudagur er átta tímar í staðinn fyrir tólf eins og heima og oftast frí um helgar,“ segir Ásta en bætir þó við að henni þyki vænt um Ísland og stefni á að koma aftur heim. Eftir að tökum lauk á Kaptein Sabeltann hefur síminn hins vegar ekki stoppað hjá Ástu og henni verið boðin hin ýmsu verkefni. „Ég hef fengið fjöldann allan af tilboðum, allt frá fastráðningu í frægri norskri sápuóperu til kennslustarfa og kvikmynda. Ég ákvað hins vegar að taka að mér eina stærstu framleiðslu sem gerð hefur verið í Noregi en það er kvikmynd eftir Kon-Tiki ævintýrinu sem tökur hefjast á í sumar,“ segir Ásta. Þess ber að geta að Karl Júlíusson leikmyndahönnuður sér einmitt um leikmyndina í Kon-Tiki.

Ásta er búin að koma sér vel fyrir í Ósló en hún ólst upp í Noregi. „Mér líður alveg stórkostlega vel hérna, fólkið og umhverfið er frábært. Það má eiginlega segja að ég sé á toppnum á mínum ferli í dag.“ alfrun@frettabladid.is



**EFTIRSÓTT** Ásta Hafþórsdóttir leikgervahönnuður er eftirsótt í Noregi og segist sjálf vera á hátindi ferilsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Keppa um tilnefningu til Emmy-verðlauna



HINRIK ÓLAFSSON

„Við reiknum með að tugir milljóna muni horfa á frumsýninguna og svo endursýningarnar,“ segir Hinrik Ólafsson hjá kvikmyndafyrirtækinu Pro Film.

Í kvöld verður heimildarmyndin Into the Volcano frumsýnd á bandarísku fræðslurásinni National Geographic. Myndin er fimmtíu mínútur að lengd og kryfur íslenska jarðfræði til mergjar. Við sögu koma íslenskir vísindamenn á borð við Harald Sigurðsson og Freystein Sigmundsson, en áhugi á íslenskum eldfjöllum óx gríðarlega þegar Eyjafjallajökull lamaði allar flugsamgöngur í Evrópu.

Myndin er önnur í röðinni um íslenska eldfjallavirkni en fyrri myndin, sem fjallaði bæði um eldgosið á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli, naut mikilla vinsælda hjá áhorfendum National Geographic. „Þeir framleiða tugi ef ekki hundruð mynda á ári hverju en völdu engu að síður þessa mynd til að keppa um Emmy-tilnefningu í heimildarmyndaflokknum fyrir sína hönd,“ útskýrir Hinrik. - fgg

# Þarf sex hárgreiðslumenn

**Hin tilvonandi prinsessa Kate Middleton ætlar ekki að ganga með úfið hár inn kirkjugólfið 29. apríl næstkomandi, því hún hefur ráðið heila sex hárgreiðslumenn til að sjá um hárið sitt þennan merkisdag.**

**Breskir fjölmiðlar keppast þessa dagana við að leka út hinum ýmsu smáatriðum varðandi hið konunglega brúðkaup og hafa greint frá því að prinsessan ætli að breyta hárgreiðslunni nokkrum sinnum yfir daginn. Hárgreiðslumennirnir eiga því að vera til þjónustu reiðubúnir allan daginn og við öllu búnir.**



NORDICPHOTOS/GETTY

**ÓAÐFINNANLEG** Mikil pressa er á hinni tilvonandi prinsessu Kate Middleton að vera óaðfinnanleg þegar hún gengur inn kirkjugólfið.

**Nikon**

*At the heart of the image*

## Með COOLPIX S2500 tekur þú skemmtilegri myndir




Nett og meðfærileg myndavél með 12.2 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 4x aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og hún fæst í 4 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

***Verð 19.995.-***

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

# I AM YOUR BEST DEAL




## NIKON D3100 Frábær fyrir alla

Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3"LCD skjá. Allir geta tekið betri myndir með D3100

***Verð 129.995.-***

**KAUPAUKI!**
Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið og Golla taska að verðmæti kr 17.995.-






**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**
Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

SKANNAÐU
SAMbio.is










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40 | VIP |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tal | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:40 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tal | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 6 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| LIMITLESS | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 16 |
| MARS NEEDS MOMS-3D ísl. Tal | kl. 5.25 | L |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 10.35 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | kl. 8:20 - 10:30 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D ísl. Tal | kl. 6:10 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 | L |
| TRUE GRIT Númeruð sæti | kl. 8 | 16 |



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
real D 3D FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| KURTEIST FÓLK | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 – 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| LIMITLESS LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 10.15 | 12 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BIUTIFUL | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| LIMITLESS | KL. 10 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 | 12 |

Nánari upplýsingar og miðasala á
midi.is AUKAKRÓNUR 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| HOPP - ENS TAL | 6, 8 og 10 |
| KURTEIST FÓLK | 6, 8 og 10 |
| NO STRINGS ATTACHED | 8 og 10.10 |


# Stórstjörnur í Vesalingamynd

Robert Downey Jr. og Sean Penn eru meðal þeirra sem orðaðir eru við aðalhlutverkin í næstu kvikmynd Toms Hooper, Vesalingunum eða Les Miserables, sem byggð er á samnefndri bók Victors Hugo. Um er að ræða söngvamynd en leikverkið hefur verið sett upp hér á landi, meðal annars í Þjóðleikhúsinu. Hooper sópaði til sín Óskarsverðlaunum á síðustu hátíð með kvikmynd sinni The King's Speech og virðist geta valið úr leikurum fyrir sína næstu mynd. Vesalingarnir eru byggðir á sögu Victors Hugo og var sagan síðast kvikmynduð 1998 með þá Liam Neeson og Geoffrey Rush í aðalhlutverkum.

Hooper vill hins vegar gera söngleik og er því þessa dagana að verða sér úti um gögn um raddir þeirra Downeys og Penns.

„Við vitum að Robert Downey getur sungið en ekki hvernig raddsvið hans er. Sama gildir um Sean Penn, Michael Sheen og Keanu Reeves,“ hefur Daily Mail eftir einum framleiðenda myndarinnar. Ekki er talið útilokað að Downey og Penn fái báðir hlutverk í myndinni enda eru tvö stór karlhlutverk í boði; annað er Jean Valjean, fyrrverandi fangi, og hitt er lögreglumaðurinn Javert.



**STÓRMYND** Sean Penn og Robert Downey eru sagðir vera heitir fyrir kvikmynd Toms Hooper um Vesalingana. Hooper er heitasti leikstjórinn í Hollywood eftir velgengni The King's Speech.

# Fittar eins og flís við rass

Tónlist ★★★★

**Hugboð um vandræði**
Megas og Senuþjófarnir



**SAMAN Á NÝ** Megas og Senuþjófarnir hafa snúið bökum saman á ný og fimmta platan er komin út. Hugboð um vandræði er fyrirtaks Megasarplata. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Megas hefur unnið með mörgum flottum hljómsveitum í gegnum tíðina. Hljómsveitirnar Júdas, Spilverk þjóðanna, Nýdönsk, Íkarus og Hættuleg hljómsveit eru bara nokkrar þeirra. Samstarfið hefur þó sjaldnast enst lengi, sem er neikvætt (það hefði verið gaman að fá framhald af Á bleikum náttkjólum eða Millilendingu!) en líka jákvætt vegna þess að þessar tíðu breytingar hafa orðið til þess að ferill Megasar er mjög fjölbreyttur tónlistarlega.

Undantekningin frá reglunni er Senuþjófarnir, sem í grunninn er hljómsveitin Hjálmar. Hugboð um vandræði er fimmta platan sem Megas gerir með þeim á fjórum árum og efni á sjöttu plötuna er víst langt komið. Það hljóp að vísu snurða á þráðinn í samstarfinu í árslok 2009, en menn féllust í faðma á nýjan leik fyrir stuttu og skelltu sér beint í hljóðver og tóku upp fullt af lögum. Sautján þeirra eru á Hugboð um vandræði.

Eins og fyrri plötur Megasar með Senuþjófunum er Hugboð um vandræði fín Megasarplata. Kiddi og hinir þjófarnir vita greinilega alveg hvernig á að krydda og kokka Megasarlög til þess að þau komi vel út. Tónlistin er nokkuð fjölbreytt, allt frá léttleikandi poppi yfir í kántrí og rokk, en heildarsvipurinn fæst með sándinu og hljóðfæraskipaninni (gítar og orgel eru áberandi). Svo er röddin alltaf framarlega þannig



að söngur og textar Megasar njóta sín sérstaklega vel. Og það skiptir auðvitað ekki minnstu máli.

Það er tvennt óvenjulegt við Hugboð um vandræði. Í fyrsta lagi er eitt laganna á ensku, Virgo Beatissima. Það mun vera annað lagið á ensku sem kemur út á plötu með Megasi. Það fyrra var á kvikmyndaplötunni Fálkar. Ágæt tilraun, en íslenska er klárlega mál Megasar. Í öðru lagi eru fjórir textanna á plötunni eftir Þorvald Þorsteinsson, úr leikritinu Lífið – notkunarreglur. Þeir passa ágætlega inn í heildina.

Hugboð um vandræði er fyrirtaks Megasarplata. Hún er ekki alveg jafn sterk og meistaraverkið Frágangur, en hún er litlu síðri. Í textunum er komið víða við. Kúkur í flagi og Kúkur sjúgandi ramma plötuna inn og svo vísar Megas út og suður að vanda, meðal annars í sjálfan sig í laginu Ekkert er andstyggilegra, sem er eitt af bestu plötunnar. Það er líka gaman að fá íslenska honkítonkið 17. júní (hann á afmæli í dag) loksins á plötu. Á heildina litið er Hugboð um vandræði flott plata sem sýnir að Megas fellur að Senuþjófunum eins og flís við rass.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Enn ein gæðaplatan frá Megasi og Senuþjófunum.


LYFJA
– Lifið heil




AVENA SATIVA
– sofðu rótt

www.lyfja.is

Fyrir þig í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 535



BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:10, 22:30 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLACK SWAN | 17;50, 20:00, 22:10 |
| LOVE AND OTHER DRUGS | 20:10, 22:30 |
| ANOTHER YEAR | 17:40 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


Fermingarbúðin
þín
FRÁ UNDIRBÚNINGI TIL FERMINGARGJAFA
ELDUM&BÖKUM
SÝNISHORN AF ÚRVALI
Kransakökuform • Fermingarstyttur • Eldhúsvogir • Mæliskeiðar • Ofnhanskar • Sleikjur • Konfektmót • Handþeytarar • Töfrasprotar • Eggjaskerar • Spaðar • Eldföst mót • Hrærivélar • Ísl. pönnukökupannan • Kaffivélar • Bökunarform • Tvöfalt kleinujárn • Muffinsform, mesta úrval landsins • Kökukefli • Springform • Rjómasprautur • Og fleira og fleira
BERUM FRAM
SÝNISHORN AF ÚRVALI
Skálar • Salatsett • Kaffikönnur • Bakkar • Vatnskaröflur • Vatnskönnur • Kökuspaðar • Brauðtertufat • Kökudiskur á fæti • Kökubox með hjálmi • Diskar • Glös • Kaffistell • Hnífapör • Einnota borðbúnaður • Einnota bakkar • Og fleira og fleira
FERMINGARGJAFIR
SÝNISHORN AF ÚRVALI
KAUPAUKI með Babyliss vörum :
Ferðablásari að andvirði 4.999
EÐA Babyliss Like A Star hármótunarvörur
21%
REMINGTON Rakvél
Verð áður 16.990
Tilboðsverð 13.490
Þú sparar 3.500
TELEFUNKEN Myndarammi 7"
Verð 13.995
21%
BABYLISS EasyCut hárklippur
Verð áður 13.999
Tilboðsverð 10.999
Þú sparar 3.000
20%
BABYLISS Keilujárn
Verð áður 9.999
Tilboðsverð 7.999
Þú sparar 2.000
25%
BABYLISS Pro Hárblásari
Verð áður 15.999
Tilboðsverð 11.999
Þú sparar 4.000
25%
REMINGTON Sléttujárn
Verð áður 9.990
Tilboðsverð 7.490
Þú sparar 2.500
25%
RAMMI 14 myndir
Verð áður 19.999
Tilboðsverð 14.999
Þú sparar 5.000
GARMIN GPS Hlaupaúr
Verð 29.900
THERMOS Stálbrúsi
Verð 4.997
iPOD DOCKA m/vekjaraklukku
Verð 17.499
26%
TDK Þráðlaus heyrnartól
Verð áður 26.995
Tilboðsverð 19.995
Þú sparar 7.000
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid

# sport

sport@frettabladid.is



**GUNNAR EINARSSON** þekkir það manna best að vera að fara að spila oddaleik um sæti í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn. Gunnar hefur spilað sex slíka oddaleiki á ferlinum, þar af þann fyrsta fyrir sextán árum. Keflavík hefur reyndar aðeins unnið tvo af þessum sex leikjum en þar á meðal er sá síðasti sem var á móti ÍR fyrir þremur árum. Leikur kvöldsins verður jafnframt 17. oddaleikur Gunnars í úrslitakeppni en hann hefur verið í sigurliði í tíu þeirra.

# MAGGI „GUN“ FANN SKOTIN Í BYSSUNA

**Eftir töp í fyrstu tveimur leikjunum bætti Magnús Þór Gunnarsson framlag sitt um 390 prósent og hefur átt stóran þátt í því að Keflvíkingar hafa risið upp frá dauðum og mæta KR í oddaleik í DHL-höllinni klukkan 19.15 í kvöld.**

**KÖRFUBOLTI** KR og Keflavík mætast í Vesturbænum í kvöld í hreinum úrslitaleik um sæti í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn. KR-ingar unnu tvo fyrstu leiki sína og voru um það bil að sópa öðru Reykjanesbæjarliðinu í röð út úr keppni en Keflvíkingum tókst það sem aðeins einu liði hefur tekist áður, þeim sjálfum fyrir þremur árum, að koma einvígi í oddaleik eftir að hafa lent 0-2 undir.

Magnús Þór Gunnarsson var langt frá sínu besta í tveimur fyrstu leikjunum þar sem hann var bara með 7,0 stig að meðaltali og hitti aðeins úr 18,2 prósentum skota sinna. Framlag Magnúsar í þessum tveimur tapleikjum var aðeins upp á 5,0 framlagsstig í leik og hann fann ekki fjölina sína eins og fleiri leikmenn í liðinu. Magnús hafði þó ekki glatað sjálfstrausti sínu eftir tap á heimavelli í öðrum leiknum.

„Við erum vissulega 2-0 undir en þetta snýst um að vera fyrstur að vinna þrjá leiki. Þetta er ekkert flókið, við þurfum bara að byrja á því að vinna einn útileik,“ sagði Magnús Þór Gunnarsson í viðtali við Fréttablaðið eftir leik tvö. „Við þekkjum þessa stöðu og það verður gaman að sjá hvað gerist. Þetta er mikil áskorun fyrir okkur að sjá hvort við getum þetta eða ekki,“ sagði Magnús enn fremur og það er ljóst að hann tók þessa áskorun persónulega.

Magnús skoraði 21 stig í leik þrjú og var síðan með 29 stig í síðasta leik. Hann hefur því skorað 25,4 stig að meðaltali í undanförnum tveimur leikjum þar sem hann hefur sett niður 51,7 prósent skota sinna og státar af framlagi upp á 24,5 framlagsstig í leik.

Magnús hefur því bætt sig um 19,5 framlagsstig í leik, um 18 stig í leik og um 33 prósent í skotnýtingu frá því í fyrstu tveimur leikjunum. Magnús náði því að hækka framlag sitt um 390 prósent og það vefst ekki fyrir neinum að frammistaða hans á mikinn þátt í upprisu Keflavíkurliðsins.

Gunnar Einarsson er annar leikmaður sem hækkaði sig gríðarlega en framlag hans fór úr 1,0 upp í 11,5 eða upp um 1.150 prósent. Gunnar var með 3,0 stig að meðaltali í fyrstu tveimur leikjunum en hefur skorað 12,0 stig í leik í undanförnum tveimur leikjum.

Magnús er einn af þremur skyttum Keflavíkurliðsins sem fundu fjölina sína á ný og eiga mikinn þátt í því að Keflavíkurliðið skoraði 18 fleiri þriggja stiga körfur í leikjum 3 og 4 en í fyrstu tveimur leikjunum þar sem KR-liðið fékk 27 fleiri stig en þeir úr þriggja stiga skotum.

Þeir Magnús, Gunnar Einarsson og Hörður Axel Vilhjálmsson hittu saman ekki nema úr fjórum af 27 þriggja stiga skotum sínum í fyrstu tveimur leikjunum en hafa nú skorað saman 19 þrista í sigurleikjunum tveimur. Nýting þeirra hefur því hækkað um 30 prósent og það hefur svo sannarlega munað um þessi 57 stig sem þeir félagar hafa skorað fyrir utan þriggja stiga línuna í undanförnum tveimur leikjum.

oój@frettabladid.is



**EINN AF SJÖ** Magnús Þór Gunnarsson skoraði 7 þrista í leik fjögur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Mikill munur á Magga

| | |
|---|---|
| **Leikur eitt og tvö** | |
| Stig í leik | 7,0 |
| Skotnýting | 18,2 prósent (4/22) |
| 3ja stiga körfur í leik | 1,0 |
| Framlag í leik | 5,0 |
| **Leikur þrjú og fjögur** | |
| Stig í leik | 25,0 |
| Skotnýting | 51,7 prósent (15/29) |
| 3ja stiga körfur í leik | 5,5 |
| Framlag í leik | 24,5 |

### 3ja stiga skotnýtingin

| | |
|---|---|
| **Leikur eitt og tvö** | |
| Magnús Þór | 18 prósent (2/11) |
| Hörður Axel | 18 prósent (2/11) |
| Gunnar Einarsson | 0 prósent (0/5) |
| Allt Keflavíkurliðið | 23 prósent (11/47) |
| **Leikur þrjú og fjögur** | |
| Magnús Þór | 50 prósent (11/22) |
| Hörður Axel | 44 prósent (4/9) |
| Gunnar Einarsson | 36 prósent (4/11) |
| Allt Keflavíkurliðið | 45 prósent (29/65) |
| **Breytingin** | |
| Gunnar Einarsson | +44 prósent |
| Magnús Þór Gunnarsson | +31 prósent |
| Hörður Axel Vilhjálmsson | +18 prósent |
| Allt Keflavíkurliðið | + 21 prósent |



**HREGGVIÐUR MAGNÚSSON** Var í liði ÍR sem tapaði fyrir Keflavík í undanúrslitunum 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Endurkoma Keflvíkinga:

## Sex með fyrir þremur árum

**KÖRFUBOLTI** Fimm Keflvíkingar og einn KR-ingur, þá ÍR-ingur, voru með fyrir þremur árum þegar Keflavík náði eitt liða í sögu úrslitakeppninnar að koma til baka eftir að hafa lent 0-2 undir.

Gunnar Einarsson (23 stig), Þröstur Leó Jóhannsson (5), Jón Norðdal Hafsteinsson (12), Magnús Þór Gunnarsson (10) og Sigurður Gunnar Þorsteinsson (9) skoruðu þá saman 59 stig í 93-73 sigri í oddaleiknum en Hreggviður Magnússon lék þá með ÍR og skoraði 5 stig. - óój

Oddaleikur í DHL-höllinni:

## KR-ingar í sömu stöðu og í fyrra

**KÖRFUBOLTI KR-ingar verða í kvöld í sömu stöðu og þeir voru í í fyrra þegar þeir mættu Snæfelli í oddaleik í DHL-höllinni og í boði var sæti í úrslitaeinvíginu.**

**KR tapaði leiknum 83-93 og Snæfell fór síðan alla leið og varð Íslandsmeistari. Brynjar Þór Björnsson, Fannar Ólafsson, Skarphéðinn Freyr Ingason, Finnur Atli Magnússon, Ólafur Már Ægisson, Jón Orri Kristjánsson og Pavel Ermolinskij fá allir annað tækifæri í kvöld.** - óój


IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010




**SNORRI STENN** Skoraði þrjú mörk fyrir AG-liðið í gær. MYND/HEIMASÍÐA AG

AG í úrslitakeppninni:

## Sluppu með skrekkinn í gær

**HANDBOLTI** Mikkel Hansen og Steinar Ege voru mennirnir á bak við nauman 27-25 sigur AG Kaupmannahöfn á Tvis Holstebro í gær í fyrsta leik í úrslitakeppni dönsku úrvalsdeildarinnar.

Ege varði víti á lokasekúndunum áður en Hansen tryggði liðinu sigurinn með lokamarki leiksins. Snorri Steinn Guðjónsson skoraði 3 mörk fyrir AG og Arnór Atlason var með 2 mörk. Hansen var markahæstur með 8 mörk. Úrslitakeppni dönsku deildarinnar er riðlakeppni þar sem átta efstu liðunum er skipt niður í tvo riðla. AG vann deildarmeistaratitilinn en Team Tvis Holstebro var áttunda og síðasta liðið inn í úrslitakeppnina. Hin liðin í riðlinum eru lið AaB Håndbold og Nordsjælland Håndbold. - óój



**KOLBEINN SIGÞÓRSSON** Hefur skorað 14 mörk í öllum keppnum. MYND/AP

Kolbeinn Sigþórsson:

## Mikill áhugi í Englandi

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Sigþórsson er eftirsóttur þessa dagana eftir frábæra frammistöðu sína með AZ Alkmaar í hollensku úrvalsdeildinni.

Meðal þeirra sem hafa mikinn áhuga á landsliðsframherjanum samkvæmt fréttum erlendra miðla eru ensku úrvalsdeildarfélögin Newcastle, Everton, Sunderland, Bolton og West Ham. Kolbeinn hefur skorað 11 mörk í 28 deildarleikjum á tímabilinu en hann hefur aðeins byrjað inn á í 15 leikjum. - óój


Safamýri 61
108 Reykjavík
Rúmgóð hæð í Safamýrinni
Stærð: 178,5 fm
Fjöldi herbergja: 4-7
Byggingarár: 1963
Fasteignamat: 30.100.000
Bílskúr: Já
RE/MAX Senter


Opið hús i dag kl. 18-18.30
Verð: 40.900.000
RE/MAX Senter og Þóra kynna glæsilega sérhæð með bílskúr í Safamýrinni.
Íbúðin er með 3-4 svefnherbergjum, tvö hafa verið sameinuð í eitt, bjart eldhús og stórar stofur.
Baðherbergi á svefnherbergisgangi auk gestasnyrtingar í forstofu. Eigninni tilheyrir stór bílskúr, sérþvottahús og geymsla í kjallara.
Húsð er allt í mjög góðu ástandi, málað að utan 2010.
Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
0
kol@remax.is
RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is


Tilnefningar Alþjóðahandknattleikssambandsins:

## Verður Þórir þjálfari ársins?

**HANDBOLTI** Þórir Hergeirsson, þjálfari norska kvennalandsliðsins, er einn af þremur þjálfurum í kvennaboltanum sem koma til greina sem þjálfari ársins hjá Alþjóðahandknattleikssambandinu.

Þórir gerði eins og kunnugt er norska landsliðið að Evrópumeisturum í Danmörku í desember en það var fyrsti stóri titillinn sem liðið vinnur undir hans stjórn. Aðrir sem koma til greina sem besti þjálfarinn í heimi í kvennaboltanum eru þeir Oliver Krumbholz, landsliðsþjálfari Frakka, og Jan Pytlick, landsliðsþjálfari Dana. Claude Onesta, landsliðsþjálfari heims-, Evrópu- og Ólympíumeistara Frakka, Ulrik Wilbek, landsliðsþjálfari Dana, og Valero Lopez Rivera, landsliðsþjálfari Spánverja eru tilnefndir í karlaflokki.



**ÞÓRIR HERGEIRSSON** Gerði Noreg að Evrópumeisturum. MYND/AFP

Það er hægt að taka þátt í kosningunni á netinu og þeir sem vilja gefa Þóri atkvæði sitt geta gert það inni á heimasíðu Alþjóðahandknattleikssambandsins. - óój

# Sumarið er komið í umferð

## Sumardekkin færðu hjá okkur!

**Nú getur þú fengið öll dekk hjá okkur á vaxtalausum lánum frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði**



Japönsk hágæðadekk

TOYO TIRES



Vönduð dekk á frábæru verði

accelera



Áratuga reynsla á Íslandi

BFGoodrich Tires

## Smurþjónusta

Það er ekki sama hvaða olía er notuð á bílinn þinn. Bílvélar eru jafn mismunandi og þær eru margar og því mikilvægt að rétt olía sé notuð.

Rétt smurolía verndar vélina og fyrirbyggir kostnaðarsamt viðhald.

Smurolíurnar frá Shell uppfylla hæstu gæðastaðla.

Shell HELIX Smurolía
SMURÞJÓNUSTA

## Þjónustumiðstöðvar

Dekk, smur og smáviðgerðir, allt á sama stað.
Rafgeymar, þurrkublöð og perur.

Tangarhöfði 8 - Sími 590 2000

Fiskislóð 30 - Sími 561 4110

Njarðarbraut 9 - Sími 420 3333

Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - Reykjavík - S: 590 2000 - www.benni.is
Nesdekk - Fiskislóð 30 - Reykjavík - S: 561 4110 / Nesdekk - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - S: 420 3333



**ALFREÐ GÍSLASON** Var allt annað en sáttur í gær. MYND/NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Rhein-Neckar Löwen og Kiel:

## Löwen-liðið vann báða leikina við Kiel

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson stýrði Rhein-Neckar Löwen til 33-31 sigurs á móti Alfreð Gíslasyni og lærisveinum hans í Kiel í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gærkvöldi en leikurinn fór fram á heimavelli Kiel.

Rhein-Neckar Löwen vann þar með báða deildarleiki sína á móti THW Kiel á tímabilinu og á því sinn þátt í því að Kiel er að missa Þýskalandsmeistaratitilinn til HSV Hamburg. Með þessum sigri komst Löwen-liðið enn fremur upp að hlið Kiel í töflunni í baráttunni um annað sætið. Ólafur Stefánsson og Róbert Gunnarsson skoruðu báðir þrjú mörk fyrir Löwen-liðið en Guðjón Valur Sigurðsson komst ekki á blað. Aron Pálmarsson skoraði þrjú mörk fyrir Kiel.

Kiel tapaði þarna sínum öðrum heimaleik í röð en liðið var taplaust í fyrstu þrettán deildarleikjum sínum í Ostseehalle-höllinni á þessari leiktíð. Kiel hafði tapað fyrir Sverre Jakobssyni og félögum í Grosswallstadt. - óój

Friðrik Ragnarsson:

## Skólar til stóru krakkanna

**KÖRFUBOLTI** Friðrik Ragnarsson, annar þjálfara Njarðvíkur, hefur yfirumsjón með æfingabúðum KKÍ fyrir hávaxna leikmenn sem fara fram í lok apríl. Búðirnar eru fyrir stráka og stelpur á aldrinum 14-18 ára.

Friðrik hefur sér til aðstoðar þau Pétur Guðmundsson, fyrrverandi NBA-leikmann, Stefán Arnarson, Signýju Hermannsdóttur, Friðrik Stefánsson, Jóhannes Kristbjörnsson, Egil Jónasson og Ragnar Nathanaelsson.

Markmiðið er að finna hæfileikaríka framtíðarleikmenn um allt land og leitast KKÍ nú eftir því að fá ábendingar frá félögum og íþróttakennurum um stóra stráka og stórar stelpur sem eiga heima í búðunum. - óój



**SIGURMARKIÐ HANS ROONEYS** Wayne Rooney sést hér vera búinn að koma boltanum fram hjá Petr Cech í marki Chelsea en þetta reyndist vera eina markið á Brúnni í gærkvöldi. Á innfelldu myndinni sést Rooney síðan fagna markinu á furðulegan hátt en sleppti því allavega að blóta í myndavélina í þetta skiptið. MYND/AP OG GETTY IMAGES

# Rooney og lukkan í liði United

**Wayne Rooney tryggði Manchester United 1-0 sigur á Chelsea í fyrri leik liðanna í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar í gær en Chelsea átti að fá augljóst víti í lokin. Það kemur fátt í veg fyrir að Barcelona og Real Madrid mætist í undanúrslitunum eftir 5-1 sigur Barca á Shakhtar Donetsk.**

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney lét ekki neikvætt umtal og kæru enska knattspyrnusambandsins á hendur sér hafa áhrif á sig á Brúnni í gær og sigurmark hans í 1-0 sigri Manchester United kemur hans liði í mjög góða stöðu fyrir seinni leikinn á Old Trafford.

Það var þó annað atvik sem stal senunni í lok leiksins í gær því spænski dómarinn Alberto Undiano Mallenco sleppti nefnilega að dæma augljóst víti þegar Patrice Evra klippti niður Ramires í teignum. Evra hefði einnig getað fengið þarna rautt spjald og verið á leið í leikbann.

„Það sáu allir hvað gerðist þarna og þetta sést enn betur í sjónvarpinu. Vandamálið var bara að mikilvægasti maður vallarins sá þetta ekki," sagði Petr Cech, markvörður Chelsea, og stjórinn Carlo Ancelotti fór til dómarans eftir leik og heimtaði útskýringu. „Þetta var greinilega vítaspyrna og það var það eina sem ég sagði við dómarann eftir leikinn," sagði Ancelotti. „Þetta leit út eins og Ramires væri að gera meira úr þessu en það var. Við höfðum samt líklega heppnina með okkur og það er í fyrsta sinn í sjö ár sem það gerist á þessum velli," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United.

„Við spiluðum vel í þessum leik en þetta varð erfitt eftir að þeir komust yfir í leiknum því þeir notuðu skyndisóknir sínar mjög vel. Við fáum nú bara tækifæri til að mæta þeim aftur á Old Trafford. Það verður vissulega erfiður leikur en við unnum þá þar í fyrra þegar við þurftum þess," sagði Ancelotti.

Ferguson var mjög ánægður með framlag sinna manna. „Leikmennirnir mínir voru frábærir og það var mjög mikilvægt fyrir okkur að halda hreinu í þessum leik," sagði Ferguson sem hrósaði mikið framherjanum Rooney sem hefur mátt þola mikla neikvæða umfjöllun eftir að hann var kærður af enska sambandinu fyrir ljótan munnsöfnuð. „Wayne var frábær. Hann lenti í mörgum seinum tæklingum í þessum leik en stóð alltaf upp og sýndi með því hugrekki sitt," sagði Ferguson.

Sigurmark Rooneys kom á 24. mínútu leiksins. Ryan Giggs tók þá meistaralega við löngum bolta frá Michael Carrick, lék upp að endamörkum og gaf boltann út á Rooney sem skoraði.

Chelsea fékk tvö frábær færi til að jafna leikinn. Á lokamínútu fyrri hálfleiksins átti Didier Drogba skot sem fór í stöngina og Frank Lampard virtist eiga auðvelt verk fyrir höndum að koma boltanum yfir marklínuna þegar hann fékk frákastið til sín. Patrice Evra tókst hins vegar að verja skotið hans á ótrúlegan hátt á marklínunni. Fernando Torres átti síðan frábæran skalla á 74. mínútu en hollenski markvörðurinn Edwin van der Sar bjargaði með snilldarmarkvörslu og sá til þess að Torres er enn markalaus í Chelsea-búningnum.

Barcelona vann 5-1 sigur á úkraínska liðinu Shakhtar Donetsk á Camp Nou. Það virðist því fátt ætla að koma í veg fyrir að Barcelona og Real Madrid mætist í undanúrslitum Meistaradeildarinnar því Real Madrid vann 4-0 heimasigur á Tottenham í fyrrakvöld.

Andrés Iniesta skoraði fyrsta markið á 2. mínútu og lagði síðan upp annað markið fyrir Dani Alves á 33. mínútu. Gerard Pique skoraði þriðja mark Barcelona á 53. mínútu, Yaroslav Rakitskiy minnkaði muninn í 3-1 á 59. mínútu en Barcelona svaraði mínútu síðar þegar Seydou Keita skoraði eftir sendingu frá Lionel Messi.

Barcelona slapp reyndar með skrekkinn á 82. mínútu þegar Luiz Adriano skaut í innanverða stöngina en Adriano hafði ekki heppnina með sér í nokkrum færum í leiknum. Xavi innsiglaði síðan sigurinn á 86. mínútu eftir sendingu frá Dani Alves.

ooj@frettabladid.is




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# FERMINGARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.





**Melissa**
**Hárblásari** 635133
- 2000w
- 2 hraðastillingar og 3 hitastillingar
- Kaldur blástur
- Ofhitunarvörn

**2.990 kr**
GOTT VERÐ



**tasco**
**Sjónauki** 168RB
- 10 x stækkun
- 25mm rauð gler
- Taska fylgir

**3.990 kr**
V.Á. 4.990.-

**SanDisk**
**MP2 spilari** CLIP+2GB
- Innbyggt 2GB minni
- Spilar MP3 og WMA
- Virkar með Audible, Ogg Vorbis, FLAC, plus hljóðbækur og podcasts
- Útvarp með 40 stöðva minni
- Diktafónn

**8.990 kr**
GOTT VERÐ





**PHILIPS**
**Sléttujárn** HP8309
- Keramic plötur
- Aðeins 30 sek að hitna
- Stafræn hitastilling
- 1.8m Snúra

**5.990 kr**
GOTT VERÐ




**PHILIPS**
**Útvarpsvekjari**
AJ3121
- FM/AM útvarp
- Vekjari með útvarpi
- Svefnrofi

**3.890 kr**
GOTT VERÐ




**OLYMPUS**
**Myndavél** T100SIL
- 12 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Face Detection - þekkir andlit
- Hreyfimyndataka með hljóði
- Hugbúnaður fylgir

**12.990 kr**
GOTT VERÐ




*frábært verð!*

**Panasonic**
**Myndavél** DMCS1SI
- 12 MegaPixel
- 4x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Face Detection - þekki andlit
- MEGA O.I.S hristivörn
- HD hreyfimyndataka
- YouTube og Facebook samhæfing

**16.990 kr**
GOTT VERÐ

**UNITED**
**22" LCD sjónvarp með DVD spilara**
22DD92HD
- 22" Full HD 1080p
- Upplausn 1920x1080
- Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- 2x HDMI, 1x scart , Component, VGA og Pc hljóð
- 12v - 230v kerfi

**54.990 kr**
GOTT VERÐ







**elna**
**Saumavél** ELNA2100
- 15 sporgerðir
- Sporlengd stillanleg frá 0-4 mm.
- Sporbreidd stillanleg frá 0-5 mm.
- 4 gerðir saumfóta fylgja
- Þyngd 8,9 kg.
- Ábreiða yfir vélina fylgir
- Íslenskur leiðarvísir fylgir

**29.990 kr**
V.Á. 32.990.-

Gildir til 13. apríl á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**38% KYLFINGA** segjast einhvern tímann hafa svindlað á golfferlinum samkvæmt könnun sem kylfingur.is stendur fyrir. Þrjú hundruð höfðu tekið þátt í könnuninni og sagðist rúmlega helmingur, 55 prósent, ekki hafa svindlað og um sjö prósent tóku ekki afstöðu.

Öðruvísi mót hjá GHR:

## Leika níu holur með einni kylfu

Nýstárlegt innanfélagsmót verður haldið á Strandavelli hjá Golfklúbbi Hellu laugardaginn 16. apríl. Mótið nefnist Einnarkylfukeppni og eins og nafnið gefur til kynna er aðeins ein kylfa notuð á þeim níu holum sem leiknar eru.

Breytingar á heimslistanum:

## Mickelson loks upp fyrir Tiger

**Phil Mickelson komst upp fyrir Tiger Woods á heimslistanum þegar hann fór með sigur af hólmi á Houston Open-mótinu á sunnudaginn var. Fjórtán ár eru síðan Mickelson var síðast fyrir ofan Woods á listanum. Það var viku fyrir Masters-mótið árið 1997. Það ár vann Woods mótið.**



PHIL MICKELSON

**Martin Kaymer frá Þýskalandi er í efsta sæti heimslistans, Lee Westwood frá Englandi er í öðru sæti og Mickelson í því þriðja. Tiger Woods er í sjöunda sæti listans. Búist er við miklum sviptingum á heimslistanum þegar úrslit liggja fyrir í Masters-mótinu.**

# Púttin munu ráða úrslitum

**Masters, fyrsta stórmóti ársins í golfi, hefst í dag á Augusta National-vellinum. Þorsteinn Hallgrímsson kylfingur vonast eftir því að Tiger Woods og Phil Mickelson verði í lokaráshópnum á sunnudaginn.**

Fyrir kylfinga boðar Mastermótið komu vorsins og upphaf golfvertíðarinnar. Það verður nú haldið í 75 skiptið, en mótið var fyrst haldið árið 1934.

Mótið verður sýnt í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og mun Þorsteinn Hallgrímsson lýsa því sem fyrir augu ber af sinni alkunnu snilld.



ÞORSTEINN HALLGRÍMSSON

„Mér líst alveg rosalega vel á þetta mót,“ segir Þorsteinn. „Masters og British Open eru í mínum huga stærstu mót ársins. Ef ég væri í þeirri stöðu að geta valið á hvaða stórmóti ég sigraði þá myndi ég setja British Open í efsta sætið, Masters í annað og Jónsmessumótið á Bakkakoti í þriðja. En að öllu gamni slepptu þá hefur sjaldan verið meiri spenna og erfiðara að spá fyrir um úrslitin á Masters en núna.“

Síðasti Evrópubúinn til að sigra á Masters var José Maria Olazabal, sem sigraði árið 1999. Þorsteinn segir að nú séu hins vegar blikur á lofti fyrir Evrópubúa því á toppi heimslistans tróni Þjóðverjinn Martin Kaymer og Englendingurinn Lee Westwood.



**LOKAÆFING FYRIR MÓT** Tiger Woods æfði púttin á átjándu flötinni á Augusta National-vellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Ég held að þeir verði báðir á topp tíu en hvort þeir vinna er erfitt að segja. Westwood er í þeirri leiðinlegu stöðu að vera líklega besti kylfingurinn sem ekki hefur sigrað á stórmóti. Hann hefur fimm sinnum lent í öðru sæti.“

Þorsteinn á síður von á því að úrslitin verði mjög óvænt.Hann telur að í fimm efstu sætunum verði fjórir kylfingar sem eru í sex efstu sætunum á heimslistanum.

Eins og oft áður beinast augu manna að Tiger Woods og Phil Mickelson.

„Fyrir viku spáði enginn því að Mickelson yrði með í baráttunni en það breyttist um helgina þegar hann vann á Houston Open. Nú er hann aftur dottinn inn í baráttuna. Hann á auðvitað þrjá græna jakka og við vitum alveg hvað hann getur. Augusta-völlurinn hentar honum vel og það er vert að hafa í huga að þegar hann sigraði árið 2006 þá gerði hann það einmitt eftir að hafa unnið mót helgina áður.“

En hvað með Tiger? “Hann hefur auðvitað bara verið að spila langt undir væntingum. Hann hefur leikið góða hringi inn á milli en stöðugleikann hefur vantað. Í hans tilfelli þá held ég að þetta sé meira spurning um andlegu hliðina því það vita allir að geta er til staðar. Ég held að hann verði í einu af fimm efstu sætunum.”

Þorsteinn segist vona að Tiger og Mickelson verði í lokaráshópnum á sunnudaginn.

„Það væri auðvitað draumur. Ekki væri verra ef Kaymer og Westwood yrðu síðan í næsta ráshóp og Rory McIllroy og Dustin Johnson þar á eftir. Ef ég ætti þúsund kall til að setja á háan stuðul á Lengjunni þá myndi ég veðja á Johnson. Hann var góður á US Open og PGA-meistaramótinu í fyrra og gæti vel komið á óvart núna. Hann er gríðarlega högglangur og beinskeyttur. Spurningin er bara hvað litla hjartað gerir ef hann verður í baráttunni á lokadeginum.“

Þorsteinn segir að púttin og leikskipulag muni ráða úrslitum á Masters.

„Síðan má ekki gleyma Amen Corner (11., 12. og 13. hola).Masters-mót hafa bæði unnist og tapast á þessum þremur holum.“

trausti@frettabladid.is

GOLFSKÁLINN
Mörkin 3 | 108 Reykjavík | Sími 578 0120 | info@golfskalinn.is

ecco
TaylorMade
adidas
Titleist
PING
travisMathew
BunkerMentality
cross
FJ FootJoy
morodZ
Glenbrae
adidas

Golfskálinn er ný sérverslun með golfvörur. Við leggjum áherslu á góða þjónustu, vandaðar vörur og gott verð

Golfskálinn opnar fimmtudaginn 7. apríl (í dag) kl. 11. Við verðum með taumlausa Masters gleði í gangi þrjá fyrstu dagana. Opið er 11-22 á fimmtudag, 11-20 á föstudag og 11-16 á laugardag

Hér til hliðar má sjá hluta þeirra vörumerkja sem við erum með í okkar verslun

Golfskálinn er með Facebook síðu www.facebook.com/golfskalinn Með því að gera Like á síðuna okkar getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast hjá okkur

## Hollráð Hinna



**ÁTJÁNDA Í VESTMANNAEYJUM** Eftir nokkrar vikur hefst golftímabilið. Gunnar Hilmarsson golfdómari bendir byrjendum á að kynna sér reglur.

### Byrjendur athugið!

Nú þegar golfvertíðin er fram undan er ekki úr vegi að benda þeim sem eru að hefja golfleik á nokkur grundvallaratriði sem koma til með að hjálpa til þegar þeir flykkjast út á golfvelli landsins, óþreyjufullir að byrja. Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, ráðleggur byrjendum eftirfarandi:

1. Að velja sér völl sem þeir ráða við – margir golfklúbbar hafa æfingavöll sem nýliðar ættu hiklaust að nota. Þarna öðlast þeir reynslu og öryggi til að spila á stærri völlunum.
2. Að velja sér teig við hæfi ef ekki eru æfingavellir til staðar. Konur spila almennt á rauðum teigum og það ættu karlar einnig að gera ef þeir eru t.d. ekki komnir með forgjöf eða eru með 26,5 eða hærri forgjöf. Þeir sem þetta gera munu njóta golfsins mun meira.
3. Að lesa alltaf þær reglur sem gilda á þeim golfvöllum sem á að fara að spila á; þær geta verið mismunandi eftir golfklúbbum.
4. Að læra að hegða sér á golfvelli – vera tilbúnir þegar komið er að þeim hvort heldur á teig eða annars staðar. Ágætt ráð er t.d. að fylgjast með þeim sem lengra eru komnir og spyrja starfsmenn.
5. Að vera ávallt með það í huga að spila hratt og passa sig á að tefja ekki leik – taka upp boltann þegar ljóst er að ekki fæst punktur á holunni. Allt of fáir gera þetta og því miður margir sem eru lengra komnir. Munið: „Fljótur leikur er betri leikur.“



bílaland

# NÚ Á TVEIMUR STÖÐUM

## Meira en 400 bílar til sýnis og sölu!

Bílaland hefur fært út kvíarnar og státar nú af tveimur bestu sýningarsvæðum fyrir notaða bíla á landinu. Verið velkomin í heimsókn á Klettháls 11, í nýja sölu í Bílakjarnanum við Breiðhöfða eða á vefinn okkar sem er alltaf opinn: **www.bilaland.is**

Kíktu á BILALAND.IS Alltaf opið!

**Bílaland Kletthálsi 11**



**Bílaland Breiðhöfða** (Bílakjarninn)





Infiniti FX35 V6
Ek. 61 þús. Nýskr. 2005
Sjálfskiptur
OKKAR VERÐ
3.490 þús. kr.



Ford FOCUS TREND
Ek. 111 þús. Nýskr. 2005
Sjálfskiptur
OKKAR VERÐ
1.140 þús. kr.
FRÁBÆRT TILBOÐS-VERÐ!



Nissan QASHQAI SE
Ek. 86 þús. Nýskr. 2008
Sjálfskiptur
OKKAR VERÐ
2.980 þús. kr.



Honda ACCORD Special edition
Ek. 54 þús. Nýskr. 2007
Sjálfskiptur
OKKAR VERÐ
2.690 þús. kr.



Renault CLIO Comfort
Ek. 21 þús. Nýskr. 2008
Beinskiptur
OKKAR VERÐ
1.480 þús. kr.



Subaru B9 TRIBECA
Ek. 91 þús. Nýskr. 2006
Sjálfskiptur
OKKAR VERÐ
3.890 þús. kr.



BMW 318i
Ek. 45 þús. Nýskr. 2008
Sjálfskiptur
OKKAR VERÐ
3.590 þús. kr.



Nissan PATROL Elegance 33"
Ek. 116 þús. Nýskr. 2004
Sjálfskiptur
OKKAR VERÐ
3.490 þús. kr.



Subaru LEGACY LUX
Ek. 49 þús. Nýskr. 2007
Sjálfskiptur
OKKAR VERÐ
3.580 þús. kr.



Opel ANTARA COSMO
Ek. 77 þús. Nýskr. 2008
Sjálfskiptur
OKKAR VERÐ
3.740 þús. kr.

525 8000
www.bilaland.is
bílaland

ENNEMM / SIA / NM46216

## > Angelina Jolie

„Mér finnst ég sjálf ekki falleg, því ég sé of marga galla. Fólk hefur skrítnar skoðanir. Það segir mér að ég sé horuð, alveg eins og það eigi að gleðja mig.“

***Angelina Jolie leikur þokkagyðjuna Fox sem kemur manni að nafni Wesley inn í leynifélag sem faðir hans tilheyrði áður en hann var myrtur í spennumyndinni Wanted sem er á Stöð 2 Bíói kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON ÞOLIR EKKI LETI Í FJÖLMIÐLUM

# *Stiklur Ómars eiga að vera fyrirmynd*

Í þeim hluta minnisins sem geymir upplifun mína af sjónvarpsáhorfi í gegnum tíðina er stefið úr balletverkinu Spartacusi eftir rússneska tónskáldið Aram Katsjatúrían í sjónvarpsþáttunum um Ónedín-skipafélagið og myndir af ryki þyrlast upp af þjóðvegum landsins í Stiklum Ómars Ragnarssonar.

Ég veit ekki hvernig Ómar hafði uppi á öllu því fólki sem hann ræddi við í þáttunum en ímynda mér að hann hafi fundið það sjálfur og fengið til þess drjúgan tíma. En það skiptir svo sem ekki öllu máli. Fólkið hafði oftar en ekki forvitnilega sögu að segja sem skilaði því að þættirnir lifa í huga mínum sem ein af perlum íslenskrar fjölmiðlunar.

Eitthvað hefur komið fyrir síðan Ómar keyrði um allar koppagrundir fyrir að verða þrjátíu árum. Nú orðið virðast þáttastjórnendur vart leita út fyrir eigið fyrirtæki eftir viðmælendum. Svo slæmt er þetta að í besta falli hríslast um mig aulahrollur. Logi Bergmann hefur alltof oft fengið Auðda og Sveppa í settið á Stöð 2 og þáttur Jóns Ársæls um Simma og Jóa hefði alveg mátt missa sín. Þetta er ekkert einsdæmi enda leitar RÚV ekki nógu oft út fyrir lóðina í Efstaleiti eftir spjallfélaga. Þótt mér finnist fréttahaukurinn Bogi Ágústsson þekkingarbrunnur um erlend málefni í morgunútvarpinu þá fannst mér fullmikið af því góða að kalla hann til viðtals um lífið og tilveruna hjá Guðna Má Henningssyni um helgina.

Ég veit ekki hvort það skýrist af leti eða tímaskorti en sömu viðmælendur hafa verið í fjölmiðlum í alltof langan tíma. Fjölmiðlafólk verður að fara að bretta upp ermarnar eins og Ómar Ragnarsson gerði í Stiklunum á sínum tíma og leita út fyrir lóð fyrirtækisins eftir nýju fólki og ferskri rödd.




## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Drekinn vaknar**
**16.25 Kiljan** (e)
**17.20 Skassið og skinkan** (1:20) (10 Things I Hate About You)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Bombubyrgið** (26:26) (Blast Lab)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Icesave - kosningaumræður** Umræðuþáttur þar sem fjallað verður ítarlega um Icesave-samninginn og dómstólaleiðina. Rætt verður við sérfræðinga og fólkið á götunni um þá kosti sem þjóðin stendur frammi fyrir, og afleiðingar þess að samþykkja eða fella lögin um ríkisábyrgð vegna Icesave.
**21.10 Hestar og menn** (2:2) (Horsepower with Martin Clunes) Í þáttunum fer breski leikarinn Martin Clunes um heiminn og veltir fyrir sér sambandi manna og hesta.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Þættirnir eru ekki við hæfi barna.
**23.00 Lífverðirnir** (Livvagterne) Dönsk þáttaröð um viðburðaríkt og háskalegt starf lífvarða í dönsku öryggislögreglunni. (e)
**00.00 Icesave - kosningaumræður** (e)
**01.30 Fréttir** (e)
**01.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Wayne's World**
**10.00 A Fish Called Wanda**
**12.00 Artúr og Mínímóarnir**
**14.00 Wayne's World**
**16.00 A Fish Called Wanda**
**18.00 Artúr og Mínímóarnir**
**20.00 Fracture**
**22.00 Wanted**
**00.00 The Black Dahlia**
**02.00 Half Nelson**
**04.00 Wanted**
**06.00 Get Smart**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The Mentalist** (14:23)
**11.00 Gilmore Girls** (11:22)
**11.50 Sjálfstætt fólk**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Baby Mama**
**14.35 The O.C. 2** (4:24)
**15.20 Sorry I've Got No Head**
**15.48 Barnatími Stöðvar 2**
**16.58 Algjör Sveppi**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (1:22)
**19.45 The Big Bang Theory** (1:23)
**20.10 Arnar og Ívar á ferð og flugi** (3:5) Skemmtilegur ferðaþáttur með Arnari og Ívari sem heimsækja fimm borgir og skoða m.a. matarvenjur og heilsufar viðkomandi þjóðar, smakka og kryfja vinsælasta skyndibita staðarins og athuga hollustu hans.
**20.40 Steindinn okkar** (1:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig.
**21.05 NCIS** (9:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum.
**21.50 Fringe** (9:22) Þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar.
**22.40 Life on Mars** (17:17)
**23.25 Pressa** (3:6)
**00.10 Chase** (14:18)
**00.55 Boardwalk Empire** (7:12)
**01.45 Fearless**
**03.25 Baby Mama**
**05.00 The Simpsons**

## SPORT *besta sætið*

**07.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.30 Spænsku mörkin**
**16.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)**
**18.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.30 Golfskóli Birgis Leifs** (2:12)
**19.00 Iceland Expressdeildin 2011**
**21.00 The Masters** Bein útsending frá fyrsta keppnisdegi á fyrsta risamóti ársins, The Masters. Mótið fer fram á Augusta National Golf Club í Georgíu-ríki í Bandaríkjunum. Þetta er í 75. sinn sem The Masters fer fram en þar keppa allir bestu kylfingar heims um ein eftirsóttustu verðlaunin í golfheiminum, græna jakkann.
**23.00 Benfica - PSV** Útsending frá leik Benfica og PSV Eindhoven í Evrópudeildinni sem fram fór fyrr í kvöld. Þetta er fyrri leikur liðanna í 8 liða úrslitum. Leikurinn er í beinni á Sport 3 kl. 19:00.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Wigan - Tottenham** Útsending frá leik Wigan og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Fulham - Blackpool** Útsending frá leik Fulham og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 David Beckham** Í þessum þætti verður David Beckham skoðaður og helstu afrek þessa frábæra leikmanns skoðuð.
**21.00 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.30 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.25 Newcastle - Wolves** Útsending frá leik Newcastle United og Wolverhampton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**07.10 Dyngjan** (8:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit/ útlit** (5:10) (e)
**12.00 Dyngjan** (8:12) (e)
**12.50 Innlit/ útlit** (5:10) (e)
**16.50 Girlfriends** (1:22) (e)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 HA?** (11:15) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (37:50) (e)
**19.15 Game Tíví** (11:14)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (35:39)
**20.10 Royal Pains** (10:18) Hank er einkalæknir fræga fólksins í Hamptons. Hann kemst að því að nýr lífsstíll hinna heppnu og ríku sé orsök alvarlegra sjúkdóma.
**21.00 30 Rock** (18:22) Liz kemst að því að samstarfsfólkið vill ekki bjóða henni að vera með í vikulegum samkvæmum og reynir að sanna að hún geti verið skemmtileg.
**21.25 Makalaus** (6:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós og fjalla um Lilju Sigurðardóttir sem er einhleyp stúlka í Reykjavík.
**21.55 Law & Order: Los Angeles** (3:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 The Good Wife** (11:23) (e)
**00.15 Rabbit Fall** (2:8) (e)
**00.45 Royal Pains** (10:18) (e)
**01.30 Law & Order: LA** (3:22) (e)

## SKJÁRGOLF

**08.10 Shell Houston Open** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Shell Houston Open** (3:4)
**17.05 PGA Tour - Highlights** (13:45)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (14:42)
**19.15 World Golf Championship 2011** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 The Open Championship Official Film 2009**
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.45 The Doctors** Spjallþættir þar sem fjórir framúrskarandi læknar veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur
**20.30 Curb Your Enthusiasm** (7:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Hamingjan sanna** (4:8) Íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja.
**22.25 Pretty Little Liars** (20:22) Spennuþættir byggðir á metsölubókum eftir Söru Shepard. Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**23.10 Grey's Anatomy** (18:22) Dramaþáttur sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**23.55 Ghost Whisperer** (4:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.
**00.40 Curb Your Enthusiasm** (7:10)
**01.10 The Doctors**
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Guðni Ágústsson í feikna formi að venju.
**21.00 Eru þeir að fá ann** Skyldi hafa frosið í lykkjunum í vertíðaropnun?
**21.30 Ævintýraför** Ekvadorför Skúla og félaga sýndur vegna fjölda áskorana, 2. þáttur.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.40**

### Steindinn okkar

Steindi jr. snýr aftur í nýrri þáttaröð. Steindinn okkar sló eftirminnilega í gegn síðastliðið vor og núna er hann enn þá fyndnari og ferskari með nýja og drepfyndna sketsa og æðislega karaktera. Fjöldi flottra gestaleikara kemur fram í þáttunum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.10** Lestur Passíusálma **22.16** Útvarpsperlur: Þingrofið 1931 **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**07.15** New Tricks **08.05** New Tricks **08.55** Deal or No Deal **09.30** Deal or No Deal **10.05** EastEnders **10.35** Top Gear **11.30** Keeping Up Appearances **12.00** ‚Allo ‚Allo! **12.30** Fawlty Towers **13.05** New Tricks **13.55** New Tricks **14.45** Deal or No Deal **15.20** Deal or No Deal **15.55** Keeping Up Appearances **16.25** ‚Allo ‚Allo! **16.55** Fawlty Towers **17.30** Judge John Deed **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** The Graham Norton Show **21.30** Coupling **22.00** ‚Allo ‚Allo! **22.35** Fawlty Towers

## DR 1

**11.30** Søren Ryge **12.00** Vores Liv **12.30** Cirkus Revyen - En stor familie **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Bamses Billedbog **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten **18.30** Kongehuset indefra **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Borderforce **20.45** Kodenavn Hunter II **21.45** Narkobander

## NRK 1

**11.05** Aktuelt **11.35** Urix **12.00** NRK nyheter **12.05** FBI **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** NRK nyheter **14.10** Kjærlighetshagen **14.40** Tradisjonshandverk **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Vår aktive hjerne **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.15** Nummer 1 **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Debatten **20.30** Fly med oss! **21.00** Kveldsnytt **21.15** Trygdekontoret **21.45** Litt av et liv **22.45** Nummer 1

## SVT 1

**08.30** Gomorron Sverige **09.15** Go'kväll **10.00** Rapport **10.05** Uppdrag Granskning **11.05** Minnenas television **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Djuren i oljans rike **14.30** Skavlan **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Julian Assange - världens kärleksaffär **18.45** Jann of Sweden **19.00** Anklagad **20.00** Debatt **20.45** Golf: US Masters


# LAGERSALA 7.-10. apríl

66° NORÐUR

50 - 80% afsláttur

KRAKKAR 6-12 ára



**Andvari jakki**
áður: 18.500 kr. | **nú: 7.500 kr.**

KRAKKAR 2-14 ára

Einnig rautt



**Bragi dúnvesti**
áður: 15.800 kr. | **nú: 7.500 kr.**

KRAKKAR 2-14 ára

Fleiri litir



**Baldur peysa**
áður: 9.800 kr. | **nú: 3.800 kr.**

HERRAR (L - XL)



**Glymur öndunarjakki**
áður: 64.900 kr. | **nú: 17.500 kr.**

DÖMUR (S - XL)

Einnig rauð & svört



**Logn regnkápa**
áður: 15.500 kr. | **nú: 4.000 kr.**

DÖMUR (S - XL)



**Vindur jakki**
áður: 39.800 kr. | **nú: 15.000 kr.**

www.66north.is

**Faxafeni 12 (2.hæð):** Fimm. - föst. 9 – 18 I Laug. 11 – 16 I Sunn. 12 – 16
**Glerárgata 32, Akureyri:** Fimm. - föst. 9 – 18 I Laug. 11 – 16




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hef mikið verið að hlusta á nýju Strokes-plötuna upp á síðkastið. Svo var ég að uppgötva mann sem ég mæli með að allir tékki á; Maxence Cyrin.“*

Þórhildur Þorkelsdóttir, tískubloggari og blaðamaður Nude Magazine.

# Öryggismál sett á oddinn í Eurovision

„Það sem hefur komið mér hvað mest á óvart er hvað Þjóðverjarnir eru rólegir, þeir eru ekkert yfir sig stífir á reglum,“ segir Jónatan Garðarsson, fararstjóri íslenska Eurovision-hópsins.

Hann er að fara í níunda sinn í Eurovision og er því ansi reynslumikill þegar kemur að því að setja saman dagskrá fyrir íslensku keppendurna. Að þessu sinni verða sextán í Eurovision-föruneytinu og því hefur Jónatan í mörg horn að líta. Hann segir einu breytinguna frá fyrri keppnum vera þá að nú sé öllum gert að hlýða á sérstakan öryggisfyrirlestur hjá öryggisfulltrúa þýska sjónvarpsins. „Þetta hefur aldrei verið sett á dagskrá fyrr en nú. Þetta er eitthvert vöðvatröll sem ég kannast reyndar alveg við en hef aldrei vitað hvað gerði. Núna veit ég það.“

Íslenski hópurinn er kominn með hótel og varð Radisson-hótelið í Düsseldorf fyrir valinu. „Ég hef reyndar ekki séð hótelið. Danirnir verða þarna og þeir höfðu farið og skoðað það og mæltu með því,“ útskýrir Jónatan en hótelið er aðeins fyrir utan borgina. „En á móti kemur að við verðum þá aðeins nær flugvellinum og höllinni þannig að vegalengdirnar verða mjög viðráðanlegar.“

Það eru Vinir Sjonna sem eru fulltrúar Íslands í Eurovision þetta árið en þeir flytja lagið Coming Home. Þeir stíga á svið í fyrri undankeppninni, þriðjudaginn 10. maí, og eru númer fjórtán í röðinni. **- fgg**



**Í NÍUNDA SINN** Jónatan Garðarsson er að fara í níunda sinn í Eurovision en íslenski hópurinn mun gista á Radisson-hóteli ásamt dönsku keppendunum.


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 7.4. Kl. 20:00 Fors. U | Lau 16.4. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Lau 7.5. Kl. 20:00 8. sýn Ö |
| Fös 8.4. Kl. 20:00 Frums. U | Fim 28.4. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 13.5. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 9.4. Kl. 20:00 2. sýn U | Fös 29.4. Kl. 20:00 6. sýn U | Lau 14.5. Kl. 16:00 br.sýn Ö |
| Fös 15.4. Kl. 20:00 3. sýn U | Fös 6.5. Kl. 20:00 7. sýn Ö | Fim 19.5. Kl. 20:00 Ö |

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 13.4. Kl. 20:00 U | Lau 30.4. Kl. 20:00 Ö | Mið 11.5. Kl. 20:00 |
| Fim 14.4. Kl. 20:00 U | Mið 4.5. Kl. 20:00 | Fim 12.5. Kl. 20:00 |
| Mið 27.4. Kl. 20:00 Ö | Fim 5.5. Kl. 20:00 Ö | Mið 18.5. Kl. 20:00 |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 10.4. Kl. 14:00 U | Sun 1.5. Kl. 14:00 Ö | Sun 15.5. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 10.4. Kl. 17:00 Ö | Sun 1.5. Kl. 17:00 Ö | Sun 22.5. Kl. 14:00 |
| Sun 17.4. Kl. 14:00 U | Sun 8.5. Kl. 14:00 | |
| Sun 17.4. Kl. 17:00 Ö | Sun 8.5. Kl. 17:00 | |

**Brák** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 8.4. Kl. 20:00 U | Þri 12.4.Kl. 20:00 U | Fös 15.4. Kl. 20:00 síð.sýn Ö |

**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 9.4. Kl. 20:00 Ö | Lau 16.4. Kl. 20:00 Ö | Lau 30.4. Kl. 20:00 |
| Sun 10.4. Kl. 20:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 20:00 Ö | Sun 1.5. Kl. 20:00 |

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 10.4. Kl. 15:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 15:00 | |









**FÆRIR ÍSLENDINGUM KABBALAH** Hermann Ingi Hermannsson hyggst opna Kabbalah-miðstöð í sumar. Hann segist ekki njóta neins fjárstyrks frá alþjóðasamtökunum en hafa gott aðgengi að kennurum og kennsluefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HERMANN INGI HERMANNSSON:** OPNAR MIÐSTÖÐ Í REYKJAVÍK FLJÓTLEGA

# Kabbalah kemur til Íslands

„Við stefnum á að opna miðstöð í Reykjavík í sumar,“ segir Hermann Ingi Hermannsson, einn forsvarsmanna Kabbalah-samtakanna á Íslandi.

Hermann hefur stofnað fyrirtæki í kringum Kabbalah, þessa þekktu og umdeildu dulhyggjustefnu sem notið hefur mikilla vinsælda meðal stórstjarna í Bandaríkjunum og víðar.

„Ég byrjaði að stúdera þetta 2007,“ segir Hermann sem byrjaði strax það ár að vera með námskeið fyrir áhugasama. Hann flutti hins vegar skömmu seinna suður með sjó og segir að þá hafi eiginlegt starf dottið niður, fáir sýndu því áhuga að keyra alla leið út í Garð til að sækja námskeið um Kabbalah. „Nú er ég hins vegar að flytja aftur í bæinn og við erum bara að leita að húsnæði undir miðstöðina okkar. Þau mál ættu að skýrast á næstunni og þá kemst starfið aftur af stað,“ útskýrir Hermann og bætir því við að fjöldi Íslendinga hafi mikinn áhuga á þessum fræðum. Hann sé til að mynda með fleiri hundruð á póstlista hjá sér sem fylgist grannt með gangi mála.

Hermann segir megintilganginn með Kabbalah á Íslandi vera að gera þessi fræði aðgengileg. Hann tekur skýrt fram að Kabbalah sé ekki trúarbrögð í orðsins fyllstu merkingu. „Kabbalah er heimspekileg vísindi og tæknifræði sálarinnar. Kabbalah leggur mikla áherslu á dýpri skilning í hinum andlega heimi, hvaða lögmál eru í umhverfinu í kringum okkur og hvernig við getum forðast þau.“

Hermann hefur sjálfur sótt námskeið í Kabbalah og fór meðal annars til Miami og sótti þar Pesach-hátíðina sem er ein stærsta Kabbalah-samkoma heims. „Það var auðvitað mikil upplifun út af fyrir sig, því meðal fylgismanna Kabbalah eru auðvitað margar stjörnur eins og Madonna,“ útskýrir Hermann sem segist þó ekki njóta fjárstyrks frá alþjóðasamtökum Kabbalah. „Ég hef verið í góðu sambandi við þá síðan 2007 og hef fullan aðgang að kennurum þar. Við erum samt ekkert undir þá komnir en þeir eru góðir vinir okkar.“

**freyrgigja@frettabladid.is**

# Rebekka sest í dómarasætið

„Mér fannst hljóma svo skemmtilega að geta sagt að ég sé að fara að gera þetta – þetta er flott á ferilskránni, að vera dómari,“ segir listakonan Rebekka Guðleifsdóttir.

Rebekka var boðið sæti í dómnefnd alþjóðlegu ljósmyndakeppninnar Digital Camera Photographer í ár. Þessi keppni komst í fréttirnar á Íslandi árið 2009 þegar séra Bragi Ingibergsson, sóknarprestur í Hafnarfirði, sigraði með glæsilegri mynd sinni af tveimur hestum. Rebekka verður yfirdómari í flokknum *Creative License*, en þar leyfa ljósmyndarar sköpunargáfunni að njóta sín.

„Þetta er sköpunarglaðasti flokkurinn, ef ég skil þetta rétt,“ segir hún.

Ætlarðu að vera harður dómari?

„Ég veit það ekki. Ég hef aldrei áður verið dómari – hef ekki einu sinni keppt mikið sjálf. En auðvitað hef ég rosalega sterkar skoðanir á því hvað er góð ljósmynd og hvað er ekki góð ljósmynd.“

Keppnin er afar viðamikil, en um 100 þúsund myndir bárust frá 126 löndum árið 2009. Rebekka þarf ekki að fara í gegnum þúsundir mynda þar sem sérstök undirdómnefnd tilnefnir 30 myndir. „Ég fæ ekki borgað fyrir þetta, en það tekur ekki svo mikinn tíma. Þannig að þetta er bara skemmtilegt,“ segir Rebekka.

En fá Íslendingar sérstakt forskot hjá þér?

„Ónei.“ **- afb**



**VIRÐULEGUR DÓMARI** Rebekka hefur tekið sæti í dómnefnd risavaxinnar alþjóðlegrar ljósmyndakeppni. MYND/REBEKKA






Pfaff
**Select 3,0**
89.900 kr.



Pfaff
**Expression 2,0**
139.900 kr.



Husqvarna
**Emerald 118**
59.900 kr.

Tilboð
29.900 kr.



Husqvarna
**E-20**
39.900 kr.

Tilboð
49.900 kr.



Singer
**Curvy 8763**
59.900 kr.

Tilboð
99.900 kr.



Singer
**9960**
119.900 kr.

# Fermingartilboð á saumavélum

Öflug saumavél er góð leið til að láta sköpunargleðina njóta sín. Við eigum vélar sem henta öllum, byrjendum sem og lengra komnum. Kíktu á úrvalið, saumavélar á fermingartilboði næstu vikurnar.

**Velkomin í Pfaff – þar sem fermingargjafirnar fást.**

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is

PFAFF

# FRÉTTABLAÐIÐ

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

NOVA


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tekur við af Hringekjunni

Sjónvarpsmaðurinn **Gulli Helga** er við það að landa starfi á RÚV. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bíður samningur þess efnis eftir Gulla í Efstaleiti til undirritunar en sjónvarpsmaðurinn og smiðurinn er þögull sem gröfin og vill ekkert láta eftir sér hafa. Eftir því sem DV hefur greint frá er um að ræða leikna seríu sem á að taka við af Hringekjunni en sá þáttur átti að vera arftaki Spaugstofunnar og viðhalda glæsilegu sjónvarpsáhorfi RÚV á laugardagskvöldum.



### Hlær að sjálfum sér

**Bjarna Harðarsyni**, aðstoðarmanni Jóns Bjarnasonar sjávar- og landbúnaðarráðherra, varð það á í gær að senda tölvupóst á alla fjölmiðla í stað þess að senda eingöngu til samtarfskonu sinnar. Mörgum er í minni þegar Bjarna urðu á sams konar mistök sem leiddu til afsagnar hans sem alþingismanns síðla árs 2008. Bjarni sagði á bloggsíðu sinni að efni tölvupóstsins í gær hafi reyndar mátt fara til fjölmiðla. Ef einhver komist í póst frá honum þá þyki það fyndið. „Semsagt, - jú, óneitanlega, þetta var smá fyndið!" skrifar Bjarni.



- fgg /gar

## Mest lesið | vísir

1. Biður fyrir meðvitundarlausri vinkonu sinni
2. Játar að hafa myrt mömmu Leifs
3. Lögreglan minnir á bingóbann um páskana
4. Icesave 6.hluti: ESA telur skyldur Íslendinga skýrar
5. Lögreglan lýsir eftir Köru Dröfn


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir



